Bændablaðið

9. tölublað 2025 • Fimmtudagur 15. maí • Blað nr. 679 • 31 árg. • Upplag 33.000 • Vefur: bbl.is

Auðgandi landbúnaður
Bættur hagur bænda og hluti af lausn á ýmsum umhverfisvandamálum
6



Hávaði
Á hestasýningum getur hávaðinn verið á við loftpressu
8



Send í sveit
Þéttbýlisbörn eru enn að einhverju marki send í sveit á sumrin
50





Guðni Jensson, bóndi á Teigi í Fljótshlíð, heldur hér á nýbornum lömbum fyrir ljósmyndara á meðan móðir þeirra gerir sig líklega til að kara þau. Hann rekur blandað bú, í samstarfi við konu sína og bróður, með 700 kindum og 60 kúm. Álagið yfir sauðburðinn er mikið, með löngum vinnudögum og svefnlausum nóttum. Bændurnir gefa lesendum innsýn í þau fjölmörgu verkefni sem fylgja þessum árstíma. *– Sjá nánar á miðopnu.* Mynd / Ástvaldur Lárusson

Landeldi í sókn

Þrjú íslensk landeldisfyrirtæki hafa hafið framleiðslu, Samherji fiskeldi, First Water og Laxey.

Seiðaeldi GeoSalmo hefur rekstur í sumar og nokkur önnur íslensk fyrirtæki eru komin vel af stað með hönnun og undirbúning sinna stöðva og gætu verið komin í framleiðslu innan tíu ára. Ársframleiðsla innan tíu til fimmtán ára gæti orðið 150 til 200 þúsund tonn af laxi og útflutningsverðmæti gætu numið allt að 150 til 220 milljörðum árlega.

Fjármögnun fyrirtækjanna þriggja sem þegar hafa hafið framleiðslu hefur gengið vel. Samherji hefur lokið fjármögnun fyrsta áfanga Eldisgarðs, nýrrar landeldisstöðvar við Reykjanesvirkjun, og fyrsti áfangi af sex hjá First Water er fullfjármagnaður. Laxey er svo búin að koma upp fullkláraðri seiðaeldisstöð sem er komin í fullan rekstur og framleiðir 4,6 milljón seiða á ári. Nýlega lauk félagið við hlutafjáraukningu til að fjármagna annan áfanga í áframeldi seiða.

Í samtali við Bændablaðið segir formaður búgreinadeildar landeldisbænda að eftirspurn eftir laxi á heimsmarkaði fari vaxandi og gert sé ráð fyrir um 5–7% aukningu á neyslu eldislax á næstu tíu árum. */ph*

Sjá nánar bls. 20–21 og leiðara á bls. 6

Sælkerasveppir í einstöku hringrásarkerfi

Nýsköpunarfyrirtækið Svepparíkið hefur þróað einstakt ræktunarkerfi á heimsvísu til framleiðslu á sælkerasveppum. Eftir stækkun í sumar fer framleiðslugetan í tvö tonn á mánuði.

Fyrirtækið stofnuðu þær Unnur Kolka Leifsdóttir og Nílsína Larsen Einarsdóttir árið 2022 eftir um tveggja ára undirbúningsvinnu þar sem þær viðuðu að sér mikilli þekkingu. Sveppirnir fóru fyrst í sölu haustið 2023 í mjög takmörkuðu magni og hefur síðan verið meiri eftirspurn eftir þeim heldur en framboð. Árið 2024 réðust þær í stækkun á ræktunarkerfinu, sem er að ljúka núna í sumar, sem þýðir að framleiðslugeta fer úr 300 kílóum á mánuði upp í tvö tonn, auk þess sem boðið verður upp á fleiri tegundir sælkerasveppa en áður.

Ljónsmakki, asparsveppur og kóngaostra

Þrjár tegundir sveppa eru í ræktun hjá þeim í dag. Þeir finnast ekki villtir hér á landi en eru þekktir sem eftirsóttir sælkerasveppir víða um heim, sérstaklega í Asíu. Þetta eru ljónsmakki, asparsveppur og kóngaostra.

Ræktunarkerfið sem þær hafa þróað byggir á hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins, þar sem ekkert fer til spillis og öll ferli eru hönnuð með það að markmiði að skila hámarksgæðum með sem minnstum umhverfisáhrifum. Venjuleg ræktunarkerfi fyrir svepparæktun eru fjögurra þrepa en þeirra er sjö þrepa. Eitt af þeim þrepum sem bæst hafa við er kaldræktun, sem er ný aðferð við svepparæktun og kallar fram einstakan vöxt, útlit, bragð og geymsluþol, að þeirra sögn.

Sveigjanlegt ræktunarkerfi með stækkunarmöguleikum

Markmiðið með stofnun Svepparíkisins var að búa til sjálfbært kerfi sem myndi hámarka auðlindanýtingu en lágmarka sóun með nýtingu á hráefni sem fellur til sem úrgangur úr matvælaframleiðslu og landbúnaði.

Ræktunarkerfið leysir vandamál varðandi hefðbundna sælkerasvepparækt á borð við úrgangsmyndun og sýkingar ásamt því að straumlínulaga flókið ræktunarferli með sjálfbærni í huga. Það verði þannig að stórum hluta sjálfvirkt, skráir og heldur utan um hagstæðustu vaxtarskilyrði sveppa í hverju þrepi fyrir sig sem skipti höfuðmáli við þróun ræktunaraðferða fyrir ólíkar tegundir sælkerasveppa og fullnýtingu hliðarstrauma.

Með þróun á þessu ræktunarkerfi ætla þær sér að byggja upp sveigjanlega ræktun sem hægt sé að stækka enn frekar. Markmiðið er að byggja upp kerfi sem hægt sé að setja upp í öðrum landshlutum á Íslandi og erlendis.

Þær telja að mikilvægi sveppa sem matvæla eigi eftir að aukast enn frekar og geti leikið lykilhlutverk til framtíðar litið við að mæta sívaxandi vandamálum sem tengjast matarskorti í heiminum. Sveppirnir geti nærst alfarið á hliðarstraumum sem eru vannýttir í dag og þeir séu ríkir af vítamínum og steinefnum. */smh*

Sjá nánari umfjöllun á blaðsíðu 4.

VINNUPALLAR
- ÖRUGGAR LAUSNIR -
www.vpallar.is
Vagnhöfða 7 – s. 557 9933 – vpallar@vpallar.is





Á kúabúinu Garði í Eyjafirði hefur verið sett upp stærsta sólarorkuver landsins. Mynd / Aðsend

Eyjafjörður:

Stærsta sólarorkuver landsins á kúabúinu Garði

Stærsta sólarorkuver landsins er á þaki kúabúsins Garði í Eyjafjarðarsveit og er byrjað að framleiða sólarorku fyrir búið.

Kerfið samanstendur af 66 sólarsellum með tæpu 28 kílóvatta uppsettu afli og 10 kílóvattstunda rafhlöðu. Áætlað er að kerfið framleiði um 17 til 20 þúsund kílóvattstundir á ári sem er í kringum 10 prósent af rafmagnsþörf búsins. Á bænum eru þrír mjaltaþjónar.

Verkefnið er hluti af tilraunaverkefni á vegum Alor í samstarfi við Bændasamtök Íslands – sem felst í uppsetningu á jafnstórum kerfum af sólarsellum og rafhlöðum á fjórum bæjum; kúabúi, svínabúi, garðyrkjubýli og aflögðu loðdýrabúi sem leitar nýrra tækifæra. Tilraunaverkefnið hefur hlotið styrki úr Orkusjóði og Lóu-nýsköpunarstyrki fyrir landsbyggðina og verður uppsetningum allra verkefna lokið á næstu misserum en flest búin hafa tekið ákvörðun um að stækka kerfin, líkt og gert var í Garði.

Að sögn Lindu Fanneyjar Valgeirsdóttur, framkvæmdastýru Alor, fer framleiðslan í Garði vel af stað og fyrstu tvo dagana framleiddi kerfið samtals um 250 kílóvattstundir. Fyrri daginn var nokkuð þungbúið með rigningu og haglél á köflum og var þá framleiðslan rétt tæplega 100 kílóvattstundir. Síðari daginn var sólríkt fram eftir degi og þá var framleiðslan tæplega 150 kílóvattstundir.



Birtuorkuframleiðsla réttnefni

Linda segir að kerfin þeirra séu í raun birtuorkukerfi – því einungis þurfi tiltekin birtuskilyrði til að framleiða rafmagn, en ekki sól eins og margir haldi.

Hún segir að sellurnar séu yfirleitt festar á húsþök eða jarðfastar og eru slíkar framkvæmdir algjörlega afturkræfar. Með því að nýta þennan orkukost, sem lítil áhersla hefur verið á hér á landi hingað til, sé unnt að lækka rafmagnskostnað, auka afhendingaröryggi í rafmagnstruflunum, draga úr olíunotkun vegna minni notkunar olíuknúinna rafstöðva og draga úr álagi á raforkukerfið. Opið sé fyrir umsóknir í nýstofnaðan Loftslags- og orkusjóð til 1. júní nk. Þar sem hægt sé að sækja um styrki vegna sólarorkuverkefna. Augljóst sé að áhugi á slíkum verkefnum er mikill, ekki síst á landsbyggðinni og á köldum svæðum.

Á heimsvísu er sólarorkan hvað framsæknust vistvænna raforkukerfa og nánari umfjöllun um hana má finna hér í blaðinu á síðu 12. */smh*



Skógarbændur:

Nytjaskógarjarðir betur verðmetnar

– Ný aðferð Skógræktarinnar við mat á möguleikum nytjaskóga

Borgþór Jónsson, skógarbóndi á Hvammi í Fljótsdal, fékk nýlega mun hærra verð fyrir jörð sína en upphaflegt fasteignaverðmat sagði til um, vegna úttektar Skógræktarinnar á mögulegum verðmætum skógarins.

Borgþór fór þá leið að óska eftir því að skógurinn yrði verðmetinn miðað við þau verðmæti skógarnytjanna sem myndu skapast á næstu árum.

Verðmætamat til tíu ára

Um nýjung er að ræða hjá Skógræktinni varðandi mat á verðmætum skógarbændajarða. Á þeim grunni lá síðan fyrir mun hærra verðmat á skógarjörðinni Hvammi. „Ég fékk Skógræktina til að gera verðmætamat sem nær til næstu tíu ára og felur í sér þá þróun á verðmætum skógarins á þeim tíma og ekki síst á stöðunni sem verður eftir þannig tíma. Þá verður skógurinn tilbúinn fyrir markvissa grisjun og nytjaviðurinn orðinn að verðmætari vöru," segir Borgþór sem ætlar að setjast í helgan stein í Noregi þar sem fjölskylda hans býr.

„Það reyndar dróst aðeins á langinn að fá þetta verðmat frá Skógræktinni þannig að það var eiginlega búið að ganga frá viðskiptunum varðandi jarðarsöluna þegar það barst loksins. Ég hafði þó mjög góða tilfinningu fyrir því hvað myndi á endanum felast í matinu og gat miðað við það í samningaviðræðunum um möguleg viðskipti. Það kom sér vel því það skilaði sér í mun hærra verði," heldur Borgþór áfram.



Grisjun á Hvammi í Fljótsdal. Myndir / Aðsendar



Borgþór Jónsson

Hvetur skógarbændur til að fylgja sínu fordæmi

Borgþór hvetur aðra skógarbændur sem eru í svipaðri stöðu og hann að fylgja sínu fordæmi. Þarna sé komin nýjung sem getur gjörbreytt stöðunni.

Hann telur að talverð tíðindi felist í þessari nýju aðferðarfræði Skógræktarinnar. „Eftir því sem ég kemst næst þá er þetta í fyrsta skiptið sem skógur er metinn vísindalega til verðmæta út frá mögulegum nytjum. Ekki sé um verðmat á mögulegum kolefniseiningum sem skógurinn geti bundið að ræða, heldur á nytjaviðnum sem hann gefur af sér.

Fram til þessa hefur matið verið byggt á jörðinni sem slíkri en verðmæti skógarins verið aukaatriði í raun. Skógarbændur hafa þannig verið með öll þessi verðmæti á sínum jörðum án þess að hafa haft tækin til að geta sýnt fram á hversu mikil þau séu.

Byrjaði að rækta skóginn 1992

Hvammsjörðin er um 285 hektarar að stærð sem Borgþór byrjaði að rækta árið 1992. Skógurinn er blandaður þar sem mest er af lerki og furu.

Hann segir að fram til þessa hafi skógurinn lítið verið nytjaður nema sem eldiviður fyrir hann sjálfan. „Ég hef bara hirt um hann svona eins og eðlilegt þykir og svo um 15 ára aldur hans var hann reyndar grisjaður aðeins þar sem eitthvað féll til af nytjaviði. */smh*

Vegbætur á Landvegi

Landsvirkjun, í samstarfi við Vegagerðina, áformar að gera endurbætur á um 13 km kafla á Landvegi í Rangárþingi ytra, frá afleggjara að veginum að Áfangagili að vegamótum við Þjórsárdalsveg og Sprengisandsleið.

Markmið framkvæmdarinnar er að stuðla að greiðari samgöngum inn til hálendisins þar sem Landsvirkjun er með fjölmargar aflsstöðvar og vinnur að byggingu vindorkuvers við Vaðöldu. Enn fremur er ætlunin að bæta vegasamgöngur á svæðinu og auka umferðaröryggi íbúa og annarra vegfarenda. Núverandi vegur er malarvegur og ástand hans almennt slæmt og brýn þörf talin á að byggja hann upp og leggja bundið slitlag. Frá þessu er greint á vef Skipulagsstofnunar.

Framkvæmdaaðilar stefna að því að lágmarka umhverfisáhrif sem kunna að verða af vegagerðinni. Fylgt verður núverandi vegstæði og á því svæði eru enginn verndarsvæði. Nýttar verða námur í nágrenni framkvæmdasvæðisins og uppgröftur úr Sultartangaskurði, en áætluð efnisþörf í heildina um 128 þúsund rúmmetrar. Áætlaður framkvæmdatími er um sex mánuðir.

Líklegt er talið að framkvæmdin hafi neikvæð umhverfisáhrif á framkvæmdatíma á heilsu og öryggi fólks, ásýnd lands og ferðaþjónustu og útivist, einkum vegna þess að umferð verður um veginn meðan á framkvæmdum stendur. Á rekstrartíma vegarins verða líklega jákvæð áhrif á umferðaröryggi þeirra sem munu aka um veginn og ferðaþjónustu og útivist vegna greiðari og öruggari samgangna inn á hálendið. Sett verða skilyrði um mótvægisaðgerðir og vöktun sem miða að því að draga úr mögulegum neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Landvegur liggur frá Hringveginum um Holta- og Landsveit og að Þjórsárdalsvegi. Þaðan liggur Landvegur áfram til norðurs og kallast þá Sprengisandsleið. Frá Hringveginum er Landvegur að megninu til lagður klæðingu, en nyrsti hluti hans, áður en kemur að Þjórsárdalsvegi, er malarvegur á rúmlega þrettán kílómetra kafla. Klæddi kaflinn endar rétt norðan við vegamótin að Landmannaleið.

Niðurstaða framkvæmdaaðila er að framkvæmdin sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Opið er fyrir umsagnir til 21. maí. */ál*

GERUM MEIRA

TOYOTA HILUX

Gerðu allt sem þú vilt með **Toyota** Hilux.

Verð frá: 10.090.000 kr.
KINTO langtímaleiga. Verð frá: 291.000 kr. á mánuði.

TOYOTA FÖRUM LENGRA

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000

7 3-4 ÁBYRGÐ · 3 ÁRA ÞJÓNUSTA · VEGAAÐSTOÐ

2018 UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem kann að vera tilgreindur. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. 12 mánaða vegaaðstoð fylgir öllum nýjum Toyota bílum. Birt með fyrirvara um villur. Sjá nánar á www.toyota.is

Einstakt ræktunarkerfi fyrir sælkerasveppi

– Hliðarstraumar frá matvælaframleiðslu notaðir til ræktunarinnar

Nýsköpunarfyrirtækið Svepparíkið hefur þróað einstakt ræktunarkerfi á heimsvísu til framleiðslu á sælkerasveppum.

Fyrirtækið stofnuðu þær Unnur Kolka Leifsdóttir og Nílsína Larsen Einarsdóttir árið 2022 eftir um tveggja ára undirbúningsvinnu þar sem þær viðuðu að sér mikilli þekkingu. Markmiðið var að búa til sjálfbært kerfi sem myndi hámarka auðlindanýtingu og lágmarka sóun með nýtingu á hráefni sem fellur til sem úrgangur frá matvælaframleiðslu og landbúnaði.

Þrjár sveppategundir eru nú í framleiðslu; ljónsmakki, vinsæll sælkerasveppur með einkennandi útlit, asparsveppur með jarðar- og hnetukeim og einkennist af löngum stilkum og dökkum, brúnum hatti og kóngaostra, sem er vinsæll matsveppur með þykkum stilk og þunnum flötum hatti.

Einstakt á heimsvísu

„Við erum að hanna og þróa þetta ræktunarkerfi sem er einstakt á heimsvísu og svo framleiðum við sælkerasveppina sjálfar með því," segir Unnur Kolka

„Varðandi hráefnið sem við munum nýta til að rækta sveppina, horfum við til mjög fjölbreyttra hliðarstrauma og sinnum öflugu rannsóknar- og þróunarstarfi í tengslum við þá. Öll sú vinna byrjar á smáum skala og við erum að para saman sælkerasveppagen og mismunandi hliðarstrauma. Kortleggja hvaða sveppir geta brotið niður hvaða hliðarstrauma með sem bestum afköstum hvað varðar gæði, tíma og uppskeru.

Svepparíkið er í samstarfi við Te & kaffi um nýtingu kaffibaunahismis, sem fellur til við ristun kaffibauna, jarðarberjaræktanda um nýtingu á notaðri kókosmold og þá er hreint sag sótt til trésmíðaverkstæða," segir Unnur Kolka enn fremur.

Sjálfbær innlend matvælaframleiðsla

Alþjóðasamfélagið stendur frammi fyrir alvarlegum áskorunum eins og loftslagsbreytingum, stríðum og náttúruhamförum, sem ógna fæðuöryggi um allan heim. Brýn þörf er á sjálfbærum lausnum í matvælaframleiðslu og að styrkja hringrásarkerfi framleiðslunnar.

Sem svar við þessum vanda, og sérstaklega til að mæta þörfinni fyrir sjálfbæra innlenda matvælaframleiðslu, hefur Svepparíki unnið síðastliðin ár að þróun á kolefnisneikvæðu sjö þrepa ræktunarkerfi fyrir sælkerasveppi.

Óný ttir hliðarstraumar

Samstarf þeirra hefur leitt af sér metnaðarfullt ræktunarkerfi sem byggir á því að umbreyta hliðarstraumum frá matvælaiðnaði í hágæða sælkerasveppi. „Við höfum kynnt okkur mjög ítarlega möguleika á nýtingu hliðarstrauma til sælkerasvepparæktunar og athuganir okkar leitt í ljós að aðgangur að lífbrjótanlegum úrgangi, sem nýta má við sælkerasvepparæktun í stað þess að urða eða brenna, er mikill hér á landi," segir Unnur Kolka.

Frá stofnun fyrirtækisins hefur ræktunin verið sköluð upp ásamt því sem aðstaða hefur verið byggð upp með búnaði til ræktunar í Hafnarfirði. Þær leggja áherslu á að þróa snjallvætt sælkerasvepparæktunarkerfi sem leysir vandamál við hefðbundna ræktun, stuðlar að betri orkunotkun og sjálfbærni við sælkerasvepparæktun.



Frumkvöðlarnir Unnur Kolka Leifsdóttir og Nílsína Larsen Einarsdóttir eiga og reka Svepparíkið. Mynd / aðsent

Byggir á hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins

Ræktunarkerfið byggir á hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins þar sem ekkert fer til spillis og öll ferli eru hönnuð með því markmiði að skila sem mestum gæðum með sem minnstum umhverfisáhrifum. „Kerfið okkar er ný nálgun á þekkt ferli við svepparæktun sem alla jafna eru fjögur þrep. Ræktunarkerfið bætir við nýjum þrepum, eins og kaldræktun og nákvæmri kortlagningu lífsferils sveppa og hæfileikum þeirra til niðurbrots á lífrænu efni sem má finna í hliðarstraumum matvælaiðnaðar og landbúnaðar. Kaldræktunaraðferð er sömuleiðis ný aðferð við svepparæktun og kallar fram einstakan vöxt, útlit, bragð og geymsluþol," segir Unnur Kolka.

Hún útskýrir að ræktunarkerfið leysi einnig af núverandi áskoranir varðandi hefðbundna sælkerasvepparækt á borð við úrgangsmyndun og sýkingar ásamt því að straumlínulaga flókið ræktunarferli með sjálfbærni í huga. Ræktunarkerfið verði þannig að stórum hluta sjálfvirkt og geti haldið utan um skráningu á hagstæðustu vaxtarskilyrðum sveppa í hverju þrepi fyrir sig sem skipti höfuðmáli við þróun ræktunaraðferða fyrir ólíkar tegundir sælkerasveppa og fullnýtingu hliðarstrauma. „Með þróun á þessu einstaka ræktunarkerfi ætlum við okkur að byggja upp skalanlega og hagkvæma ræktun íslenskra sælkerasveppa sem mætir óleystri og brýnni þörf á heima- og heimsmarkaði. Svepparíkið hlaut haustið 2024 Sprotastyrk frá Tækniþróunarsjóði til að þróa hugbúnaðarlausn og gagnagrunn ræktunarkerfisins og til að hanna og útfæra einingar til vinnslu sveppamassa í lífeldsneyti.

Í ræktunarkerfi Svepparíkisins mælist ekki kolefnisspor, í þeim skilningi að það bindur meira kolefni en það losar, auk þess að vera umhverfisvænt að öllu öðru leyti. Markmiðið er að byggja upp kerfi sem hægt er að skala upp og endurtaka í öðrum landshlutum á Íslandi og erlendis," segir Unnur Kolka.

Aukið hlutfall innlendrar grænmetisframleiðslu

Þær vonast til að geta lagt sitt lóð á vogarskálarnar við að auka hlutfall innlendrar grænmetisframleiðslu í íslenskum verslunum, sem er nokkuð undir 50 prósentum í dag.

„Sælkerasveppir geta uppfyllt þessa þörf að hluta og eru um leið mikilvæg viðbót sem sjálfbær, umhverfisvæn og holl matvara. Þetta er mun sjálfbærari framleiðsla en kjötframleiðsla; sveppirnir taka minna pláss, hægt er að rækta þá hraðar og á sama tíma þarf lágmarksnotkun á náttúruauðlindum. Vatnsmagn sem þarf til sælkerasvepparæktunar er líka meira en þúsund sinnum minna en til dæmis til ræktunar á nautakjöti. Sveppirnir geta sömuleiðis nærst alfarið á hliðarstraumum frá öðrum landbúnaði eða matvælaiðnaði og þurfa því ekki að keppa við afurðir til manneldis. Líklegt er að sveppir muni gegna lykilhlutverki við að leysa sívaxandi matarskort í heiminum og verða enn mikilvægari þáttur í umhverfisvænni matvælaframleiðslu," segir Unnur Kolka enn fremur.

Bragð af nautakjöti og skelfiski

Þær telja sælkerasveppi geta leikið lykilhlutverk í baráttunni við ofneyslu á kjöti og afleiðingum þess á lýðheilsu og loftslagið. Aukin framleiðsla á sælkerasveppum geti leitt til þess að neysla á kjöti minnki. Þeir séu hollir, einstaklega bragðgóðir, með djúpt umami bragð, og sé eftirsótt matvara um allan heim. Þeir séu ríkir af vítamínum og steinefnum sem annars megi aðallega finna í kjötvörum, eins og járni, B12-vítamíni og D-vítamíni, og henti því sérstaklega vel sem staðgengill fyrir kjöt.

Sem fyrr segir eru nú þrjár tegundir sælkerasveppa í framleiðslu sem að mestu leyti eru seldir í gegnum sælkeraklúbb sem Svepparíkið heldur úti. Bragði og áferð ljónsmakkans (e. Lion´s mane) hefur stundum verið líkt við krabbakjöt. Hann hafi mikla möguleika í matargerð, til dæmis sem staðgengill fyrir sjávarfang.

Nílsína segir asparsveppinn (Pioppino) nokkuð þekktan sælkerasvepp sem njóti sérstakra vinsælda á Ítalíu. Lyktin sé mikil, blómleg og áferðin er þétt og stökk, með jarð- og hnetutónum í bragði – og örlítið af sætum piparkeim.

Kóngaostra (e. King oyster) er vinsæll matsveppur og sú tegund ostrusvepps sem sé einna vinsælust í heimi – og jafnframt sú stærsta. Þeir eru fjölhæfir í matargerð og þá er hægt að grilla, baka og steikja – og bera fram sem meðlæti eða sem aðalrétt. Nílsína segir marga lýsa bragðinu sem líku nautakjöti, en aðrir sem bragði af hörpuskel. */smh*



Bragði og áferð ljónsmakkans (*e. Lion´s mane*) hefur stundum verið líkt við krabbakjöt.





Asparsveppurinn (*Pioppino*) er nokkuð þekktur sælkerasveppur sem nýtur sérstakra vinsælda á Ítalíu.



Kóngaostra (*e. King oyster*) er vinsæll matsveppur og sú tegund ostrusvepps sem er einna vinsælust í heimi.

VORTILBOÐ 2025

FÆST Í VEFVERSLUN

VANTAR ÞIG PLÁSS?

Það er gott að eiga stað fyrir sláttuvélina, grillið, hrífuna og dekkin...



EYRI - 15 fm

25% afsláttur

~~1.172.000 kr.~~

879.000 kr.

Hugmyndir af útfærslum



Verkfærageymsla



Hobby herbergi



Sauna



Skrifstofa

VORTILBOÐ Í FULLUM GANGI

SENDUM HVERT Á LAND SEM ER



STAPI - 14,98 fm

25% afsláttur

~~1.156.000 kr.~~

867.000 kr.





NAUST - 14,44 fm

30% afsláttur

~~895.000 kr.~~

627.000 kr.



HLÍÐ - 10 fm

25% afsláttur

~~772.000 kr.~~

579.000 kr.

Leiðbeiningar og teikningar af undirstöðum eru á vefnum okkar **kofaroghus.is**

Hægt er að bæta við auka bjálkaröðum í öll húsin ef óskað er eftir meiri lofthæð



BREKKA 34 - 9 fm

25% afsláttur

~~732.000 kr.~~

549.000 kr.

www.kofaroghus.is - Sími 553 1545

KOFAR OG HÚS

Síðan 2012

Bændablaðið

Ritstjóri: Þröstur Helgason (ábm.) throstur@bondi.is – **Sími:** 563 0300
Blaðamenn: Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Hulda Finnsdóttir hulda@bondi.is
Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is
Steinunn Ásmundsdóttir steinunn@bondi.is
Auglýsingastjóri: Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – **Sími:** 866 3855
Vefur blaðsins: www.bbl.is – Netfang blaðsins: bbl@bondi.is
Frágangur fyrir prentun: Sigrún Pétursdóttir – **Prentun:** Landsprent ehf.
Upplag: 33.000 **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

Landeldi vex fiskur um hrygg

Gríðarleg uppbygging á sér nú stað hjá íslenskum landeldisfyrirtækjum. Fram kemur í umfjöllun í blaðinu í dag að innan nokkurra ára verði ársframleiðsla um 150 til 200 þúsund tonn af laxi. Útflutningsverðmætið gæti numið allt að 150 til 220 milljörðum árlega. Til samanburðar má nefna að útflutningsverðmæti sjávarafurða árið 2023 var 353 milljarðar.

Ljóst má vera að hér er um að ræða einn mesta vaxtarsprota íslensks atvinnulífs á næstu árum ef rétt er á haldið og umhverfi starfseminnar verður henni hliðhollt.

Fyrirsjáanlegt er að helsta áskorunin sem greinin stendur frammi fyrir á næstu árum snýr að mikilli orkuþörf hennar. Um leið og það er styrkleiki atvinnugreinarinnar hérlendis að hafa aðgang að endurnýjanlegri orku, þá er ljóst að framboð á henni er ekki ótakmarkað.

Athyglisvert er að formaður búgreinadeildar landeldis segir í blaðinu í dag vel þess virði „að fara í skoðun á verðmætasköpun hverrar kílóvattstundar sem seld er í annars konar framleiðslu á Íslandi, bæði með tilliti til útflutningsverðmæta sem og starfa sem orkunýtingin skapar“. Hann bætir við að til að tryggja framtíð landeldis sé augljóst að setja þurfi þessi mál í forgang.

Nýting orkunnar er með öðrum orðum pólitískt úrlausnarefni, ekki bara spurning um það hver getur borgað mest.

Sama sjónarmið gildir auðvitað um það þjóðráð að tryggja í lögum orkuöryggi almennings, smærri fyrirtækja og meðalstórra, en bændur myndu langflestir falla undir þá skilgreiningu. Löggjafinn þarf að móta sér orkustefnu sem kemur þessum hluta markaðarins í skjól en spurningin er hvort hann þarf ekki einnig að móta sér stefnu um það hvernig atvinnustarfsemi hann vill veita orku sinni til yfirleitt.

Tækifærin sem felast í landeldinu eru þó miklu fleiri en áskoranirnar. Þau felast í vaxandi markaði fyrir heilbrigðan fisk sem framleiddur er á sjálfbæran hátt. Þarna standa íslensk landeldisfyrirtæki afar sterkt. Þau gætu orðið leiðandi í framleiðslu á hágæða landeldislaxi í heiminum ef rétt er á haldið og vel er búið að þeim.

Forvitnilegur greinaflokkur

Frá því í nóvember á síðasta ári hafa birst nokkrar greinar hér í Bændablaðinu um afleidd störf í landbúnaði. Ástvaldur Lárusson blaðamaður hefur rætt við fólk sem starfar við rúning á fé, klaufsnyrtingu kúa, járningu hesta og enn fremur við mjólkurbílstjóra og frjótækni. Í blaðinu í dag er rætt við bílstjóra sem unnið hefur við að flytja áburð til bænda í rétt tæp sextíu ár.

Greinaflokkur þessi er ákaflega forvitnilegur. Hann segir frá hluta íslenskrar atvinnusögu sem hefur kannski ekki fengið mikla athygli hingað til. Mörg þessara starfa eru afar sérhæfð en eiga það jafnframt sameiginlegt að það er stutt síðan fólk tók að sérhæfa sig í þeim. Lengst af sinntu bændur sjálfir til dæmis rúningi fjár og járningum hesta. Önnur eiga sér skemmri sögu og tilheyra tæknibyltingu síðustu aldar.

En greinaflokkurinn leiðir einnig í ljós að landbúnaður skapar störf fyrir fjölda fólks sem ekki beinlínis sinnir búskapnum sjálfum. Á næstunni verður haldið áfram að spjalla við fólk sem sinnir afleiddum störfum í landbúnaði, svo sem dýralækni, verktaka sem dreifa áburði eða sinna heyskap, flokkunarmann minka, ráðunaut hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, þjónustumann mjaltaþjóna, sláturbílstjóra og áfram mætti halda. Lesendur eru hvattir til að fylgjast með.

Þröstur Helgason



Skýring:

Betri heimur með bættum landbúnaði

Mannfjöldi í heiminum fer ört vaxandi með tilheyrandi aðsteðjandi vandamálum um hvernig eigi að fæða fólkið til framtíðar litið. Samhliða er ógnin um yfirvofandi loftslagsbreytingar sem gætu leitt til þess að stór landbúnaðarsvæði verði óhæf til matvælaframleiðslu og í einhverjum tilvikum óbyggileg.

Landbúnaður getur leikið lykilhlutverk í því að mæta þessum áskorunum. Þrátt fyrir að vera í dag stór valdur að hluta umhverfisvandamálanna sem heimsbyggðin þarf að mæta getur hann með skilvirkari og umhverfisvænni landbúnaðarkerfum orðið mikilvægur hluti af lausnunum.

Á síðustu árum hefur nálgun á landbúnað sem kallast „regenerative farming“ náð sífellt meiri athygli í alþjóðlegri umræðu um þau vandamál sem landbúnaður á heimsvísu þarf að takast á við. En með þeirri nálgun er leitast við að bæta hag bænda og leysa ýmis viðvarandi umhverfisvandamál um leið sem fylgja hefðbundnum aðferðum við búfjár- og jarðrækt.

Auðgandi áhrif á jarðveginn

Hér í blaðinu hefur íslenska hugtakið „auðgandi landbúnaður“ verið nokkuð til umfjöllunar í kjölfar málþings sem haldið var á Hilton Reykjavík Nordica 2. apríl, þar sem það var til umræðu. Það er þýðing Kristínar Völu Ragnarsdóttur, prófessor emirita í sjálfbærnivísindum við Háskóla Íslands, á regenerative farming, sem flutti erindi á málþinginu þar sem hún útskýrði hugmyndafræðina á bak við þessa nálgun. Í erindinu bar hún saman þau auðgandi áhrif sem aðferðin hefur á ástand jarðvegs, við þær mögulegu hnignandi afleiðingar sem hefðbundinn landbúnaður getur haft til lengri tíma.

Grunnhugmyndin er þannig að auðga jarðveginn svo hann geti orðið að sjálfbæru landbúnaðarlandi. Raunin hefur orðið sú að ekki einungis getur landið orðið sjálfbært – og óháð tilbúnum áburði – heldur geta afurðirnar af landinu aukist verulega. Auk þess sem tækifæri gefast með þessari nálgun á hærra afurðaverði.

Náskylt lífrænum landbúnaði

Á Íslandi er þessi nálgun rétt að skjóta rótum meðal bænda. Fáir íslenskir bændur beinlínis gefa sig út fyrir að stunda auðgandi landbúnað, en hugmyndafræðin er þó náskyld lífrænum landbúnaði – en innan þess ramma skilgreina sig þó mun fleiri bændur.

Bændur á þremur bæjum, sem aðhyllast hugmyndafræðina og vilja breiða hana út, stóðu að skipulagningu málþingsins. Hulda Brynjólfsdóttir og Tyrfingur Sveinsson stunda blandaðan búskap á Tyrfingsstöðum í Ásahreppi, meðal annars með kindur, nautgripi, svín og hænur, Haraldur Guðjónsson og Þórunn Ólafsdóttir rækta hvítlauk með þessari nálgun undir vörumerkinu Dalahvítlaukur og þau Ævar Austfjörð og Ása Tryggvadóttir á Litla búgarðinum, eru með naut, grísi, hænur og endur.

Auðgandi landbúnaður á alls staðar við

Auðgandi landbúnað er hægt að stunda á litlu landsvæði, eins og gert er hjá hvítlauksbændum í Dölunum, en einnig á miklum víðáttum með stórar hjarðir á bandaríska vísu.



Hulda Brynjólfsdóttir. Mynd / smh

> Eftir að þau fóru að selja eingöngu beint frá býli hefur innkoman fyrir vörurnar aukist mikið. Selja þau nú allt sem framleitt er og komast færri að en vilja.

Einn af gestafyrirlesurum málþingsins var bandarískur bóndinn og búvísindamaðurinn Allen Williams, sem er með doktorspróf í erfðafræði búfjár og meistaragráðu í dýrafræðum. Hann hefur leiðbeint meira en fjögur þúsund bændum í Bandaríkjunum, Kanada, Mexíkó, Suður-Ameríku, Írlandi og fleiri löndum, um bætta búskaparhætti með þessari nálgun – á jörðum sem spanna allt frá fáum hekturum upp í meira en milljón hektara.

Í erindi sínu sagði hann að búið væri að sýna fram á að auðgandi landbúnaður ætti alls staðar við, hann virkaði sem skyldi í öllum heimsins löndum þar sem landbúnaður væri á annað borð stundaður. Hann skilgreindi þessa nálgun þannig að með henni væri áhersla á búfjár- og jarðrækt í samhljómi við náttúruna í þeim tilgangi að laga og endurlífga virkni vistkerfanna, þar sem byrjað sé á lífinu í sjálfum jarðveginum og en svo útvíkkað yfir í lífið sem vex úr honum.

Sex grundvallaratriði

Allen stillti fram sex grundvallaratriðum auðgandi landbúnaðar, í átt að heilbrigðum jarðvegi. Nauðsynlegt sé að þekkja ástand jarðvegsins hverju sinni, mikilvægt sé að jarðvegurinn haldist óraskaður og ómengaður – og þekjugróður má rækta sem vörn fyrir viðkvæmt jarðvegslífið. Brýnt sé að nota fjölbreyttan gróður í ræktarlöndum, halda rótarkerfum óspilltum og rækta búfé og jarðveg heildstætt saman með beitarstýringu – sem sé nauðsynlegt til örvunar á örveru-, skordýra- og plöntulífi. Með auknum líffræðilegum fjölbreytileika jarðvegsins aukist hæfni hans til að binda kolefni sem gerir jarðveginn frjósamari.

Hulda heimfærði svo, í sínu erindi, ávinninginn af þessum grundvallaratriðum upp á búskap þeirra Tyrfings, en þau byrjuðu á þessari nálgun með markvissri hólfaskiptri beitarstýringu árið 2019. Upphaflega bara á nautgripina, en síðan á sauðfé, hænur og svín með mjög góðum árangri á jarðveginn, afurðir og afurðasöluna, en eingöngu er selt beint frá býli á Tyrfingsstöðum.

Eftir að þau fóru að selja eingöngu beint frá býli hefur innkoman fyrir vörurnar aukist mikið. Selja þau nú allt sem framleitt er og komast færri að en vilja.

Hún sagði að mælt sé með að dregið sé úr notkun á tilbúnum áburði í skrefum. Það hafi þau gert en hættu alveg að nota slíkan áburð fyrir þremur árum, en nota í staðinn lífrænan áburð og moltu. Þau sjái árangur af þessum aðferðum, sérstaklega hvað varðar landnýtingu en einnig á fallþunga lambanna síðasta haust. */smh*

Bændablaðið kemur út 23 sinnum á ári. Upplýsingar um dreifingarstaði: www.bbl.is Áskrifendur fá blaðið sent heim gegn greiðslu burðargjalds sem er kr. 18.500 m/vsk á ári. Eldri borgarar og öryrkjar kr. 14.800 m/vsk.
Heimilisfang: Borgartún 25, 4. hæð - 105 Reykjavík. **Sími:** 563 0300 – **Kt:** 631294-2279 – **Útgefandi:** Bændasamtök Íslands.



Í Gunnbjarnarholti í Skeiða- og Gnúpverjahreppi er lítil sjálfsafgreiðsluverslun þar sem hægt er að kaupa mjólkurvörur beint frá býli undir merkjum Hreppamjólkur. Hér sjást plastkýr og kálfur í fullri stærð sem hefur verið komið fyrir framan við verslunina til þess að gefa vegfarendum vísbendingu um vöruúrvalið. Í bakgrunni sést fjósið þaðan sem afurðirnar eiga uppruna sinn, en þar eru rúmlega 250 mjólkandi kýr. Mynd / ál

Sveit allra tíma

Vinkill | **Sölvi Björn Sigurðsson**
solvibjorn@gmail.com

Síðastliðið sumar lá leið mín aftur í sveitina sem ég hafði dvalið í sumarlangt sem drengur.

Tilefnið kom að vísu ekki til af góðu því hjónin sem réðu búi í Birtingarholti féllu bæði frá með skömmu millibili þá um sumarið; tengdaforeldrar bróður míns. Frá þessu fólki hef ég margar af mínum skýrustu sveitaminningum. En eins og verða vill um minnið þegar líður frá atburðum og lífið dregur það fleiri dráttum hefur eitt og annað frá þessari sumardvöl skolast til – eða öllu heldur hafa atburðir sem alls ekki áttu sér stað þarna gert sveitina að vettvangi sínum í minninu. Ástæðan getur í raun ekki verið önnur en sú að dvölin í Birtingarholti er mín skýrasta minning af hvers kyns sveitalífi, og þannig er það fyrirmynd alls sveitalífs sem ég get hugsað mér, líka þess sem ég les um í bókum.

Í Birtingarholti þótti ekki sæmandi ungum drengstaula að liggja mikið í herbergi sínu á sumardegi og lesa. Húsfreyjan Sigga, blessuð sé minning hennar, hafði ekki við að ýta við mér svo ég gæti orðið að einhverju gagni. Að kenna mér einhvers konar vinnusiðferði og rækta úr mér leti kaupstaðardrengsins var líklega talsvert meiri vinna fyrir hana en gagnið af mér var nokkru sinni. Ég fékk leiðsögn í mjöltum, lærði að reka kýrnar og róta í einhverjum mykjuhaug sem ég held að mér hafi verið bent á svo ég gerði frekar eitthvað en ekki neitt. En bækurnar kölluðu alltaf. Tár, bros og takkaskór og fleiri stórvirki unglingabókmenntanna kölluðu eins og síreneður sama hve glatt sólin skein og hve mörgu þurfti að huga að á býlinu.

Seinna – ekki löngu seinna – fékk ég óskaplegan áhuga á bókmenntum fyrir fullorðna og byrjaði þá meðal annars að lesa bækur Halldórs Laxness, sem ófáar gerast í sveit. Og viti menn? Baðstofan í Heimsljósi varð samstundis að borðstofunni í Birtingarholti; öll holt og allar heiðar sem Ólafur Kárason gekk sín bernsku- og manndómsár voru kambarnir ofan bæjarins í Hrunamannahreppi, og það var í raun ekki fyrr en á síðari árum að mér tókst með einhverjum hætti að skilja á milli sögusviðs skáldsögunnar og staðhátta sveitabæjarins sem ég dvaldi á sem drengur.

Ætti ég að draga af þessu einhverja ályktun – aðra en þá að fyrir mér lá líklega alltaf að grúska frekar í bókum en verða bóndi – þá er hún sú að íslenska sveitin er sjálfstætt og mikilvægt menningarfyrirbrigði út af fyrir sig. Jafn íkónísk fyrir gildi okkar sem þjóðar og menningarsamfélags og sá menningararfur sem við teljum hvað merkastan, eins og skinnhandritin. Íslenska sveitin er nefnilega ekki bara nokkur hús og fullt af túnum á víð og dreif heldur ber hún í sér eitt stærsta frásagnarafl sögu okkar og er óumdeildur kjarni Íslandsbyggðar allt frá upphafi. Fyrir Siggu og Gústa, þess sómafólks sem ég nota hér tækifærið til að minnast með hlýju og þakklæti, var að koma í Birtingarholt bara að koma heim. Fyrir mér var það að koma í alla sveit allra tíma, þetta Ísland sem ég fyrir vikið var svo lánsamur að kynnast ekki bara af bókum, heldur í sambýli með fólkinu sem bjó það til.

Höfundur er rithöfundur.

Jarmað, hneggjað, baulað ...

Það vakti athygli margra að í nýjustu ráðleggingum embættis landlæknis um mataræði, sem voru gefnar út í mars og eru byggðar á grunni nýjustu Norrænu næringarráðlegginganna (NNR 2023), sé mælt með „hóflegri neyslu á eggjum“.
„Hófleg neysla“ vísar til að takmarka eigi neysluna verulega, en þó eru engin rök færð fyrir þessum ráðleggingum – og ekkert magn tiltekið – einungis að þess konar neysla geti verið „hluti af hollu og fjölbreyttu mataræði“. Raunar er fátt annað sagt um eggjaneyslu í ráðleggingum embættis landlæknis.

Í dag má þó nánast fullyrða að egg séu viðurkennd ofurfæða. Í NNR 2023 segir að egg innihaldi öll nauðsynleg næringarefni nema C-vítamín. Þau innihalda hágæða prótein og fágæt vítamín og steinefni eins og B12, D3, járn, selen, joð, auk hollra fitusýra – sem öllu er pakkað inn í fullkomna neysluvöru.

Í næringarráðleggingunum er einnig horft til umhverfisáhrifa matvæla og lagt til grundavallar að almennt eigi það við að það sem sé gott fyrir heilsu okkar sé einnig gott fyrir umhverfið – og öfugt. Í ráðleggingum embættis landlæknis segir að eggja- og alifuglakjötframleiðsla hafi nokkuð lítil umhverfisáhrif í samanburði við aðra kjötframleiðslu. Í NNR 2023 segir að eggjaframleiðsla valdi minni losun gróðurhúsalofttegunda en kjötframleiðsla.

❀

Lengi hefur loðað við eggjaneyslu að hún geti verið varasöm með tilliti til hjartasjúkdóma – en áður töldu læknavísindin að neysla á kólesterólríkum eggjarauðum gæti með beinum hætti hækkað kólesterólgildi mannfólks með tilheyrandi áhættu á kransæðastíflu. Áður segir hér, því þetta hefur fyrir löngu verið hrakið. Fyrst með stórum faraldsfræðilegum rannsóknum, á níunda og tíunda áratugum síðustu aldar, og síðar endanlega vísindalega staðfest í öðrum rannsóknum nálægt aldamótum.

Í NNR 2023 er þó tiltekið að ekki sé hægt að mæla með æskilegu tilteknu magni eggja á viku, til þess skorti frekari gögn.

❀

Nýlega birti Matís skýrslu sem sýnir að íslensk egg eru nánast mengunarfrí af PFAS (manngerð þrávirk efni sem safnast upp í líkamanum og valda skaðlegum áhrifum) og blýi – en þessi efni voru þar sérstaklega til skoðunar. Ástæða rannsóknarinnar er meiri meðvitund um ógnir þessara efna við matvælaöryggi og til að ganga úr skugga um að egg framleidd á Íslandi séu að þessu leyti örugg til neyslu og uppfylli kröfur Evrópusambandsins.

Voru sýni tekin frá öllum helstu eggjabúum landsins, einnig eina lífræna vottaða framleiðandanum. Nýlega kom upp mál í Danmörku þar sem PFAS-efni fundust í talsverðum mæli í lífrænum eggjum, sem mátti rekja til fiskimjöls sem notað var til að fóðra hænurnar. Fiskimjöl getur innihaldið PFAS vegna mengunar í sjávarumhverfinu, þar sem þessi efni safnast upp í fiskum sem eru hráefni í fiskimjöl.

Í Matís-rannsókninni var magn annarra skaðlegra aukaefna ekki kannað í íslenskum eggjum – hvorki varnarefni eða önnur lífræn mengunarefni eins og PCB eða díoxín. Full þörf er á slíkum rannsóknum svo hægt sé að ganga úr skugga um að alveg óhætt sé að neyta íslenskra eggja – jafnvel í „óhóflegu magni“.

Pistill formanns | **Trausti Hjálmarson**
trausti@bondi.is

Við erum öll úr sömu sveit

Íslenskt samfélag hefur tekið gríðarmiklum breytingum á aðeins nokkrum áratugum. Það er flóknara og fjölbreyttara og tækifærin til að leita hamingju og velsældar eru fleiri en nokkru sinni fyrr. Þetta er allt hið besta mál, en það breytir því ekki að almenningur í dag hefur ekki sömu nánu tenginguna við sveitina og hann gerði fyrir nokkrum áratugum.

Það er ekki lengur þannig að hinn venjulegi borgarbúi eigi mömmu og pabba eða afa og ömmu í sveitinni. Krakkar eru ekki lengur sendir í sveit á sumrin. Þetta er allt eðlilegur hluti af breyttu samfélagsmynstri en mér og fleirum þykir samt eitthvað hafa glatast.

Fólk sem sjaldan kemur á starfandi býli hefur ekki sömu þekkingu og skilning á

> „Markmiðin hafa ekki breyst, en ég er sannfærður um að við náum meiri og hraðari árangri með dyggum stuðningi íslensks almennings. Við erum nefnilega öll úr sömu sveitinni.

hagsmunum og aðstæðum bænda og fyrirtækja í matvælaframleiðslu og við myndum vilja. Og hvað okkur bændur varðar þá er hætt við því að við bregðumst við með þjósti þegar fjallað er um okkar hugðarefni án nægilegrar þekkingar – að okkar mati að minnsta kosti.

Fjarlægðin gerir nefnilega ekki bara fjöllin blá og mennina mikla. Hún getur alið á fordómum og ýtt undir tortryggni milli þjóðfélagshópa. Og það er engum til hagsbóta eða framdráttar.

Það er samt margt sem vinnur með landbúnaði og bændum, því kannanir sýna að almenningur er mjög jákvæður í okkar garð og vill kaupa íslenskar landbúnaðarvörur. Það er ekki á brattann að sækja hvað það varðar. En við viljum byggja ofan á þennan grunn og hjálpa fólki að skilja mikilvægi landbúnaðar og matvælaframleiðslu fyrir íslenskt samfélag og fyrir daglegt líf alls fólks í landinu.

Til að ná þessu markmiði höfum við nú ýtt úr vör auglýsingaherferð undir yfirskriftinni „Við erum öll úr sömu sveit“. Með auglýsingunum erum við að leggja áherslu á tvennt. Annars vegar að í landbúnaði og matvælaframleiðslu starfar hópur fólks sem er jafnfjölbreyttur og Íslendingar eru almennt, hvort sem horft er til uppruna, trúar, kyns eða stjórnmálaskoðana og að miklu fleiri hlutir sameina okkur en sundra.

Hins vegar erum við að sýna fólki hvað íslenskur landbúnaður og matvælaframleiðsla er stór hluti af daglegu lífi fólks. Það líður ekki sá dagur í lífi hvers Íslendings að hann komist ekki í snertingu við íslenskar landbúnaðarafurðir – afurðirnar okkar.

Þetta er öðruvísi auglýsingaherferð en þær sem við bændur höfum farið í áður og hún mun mögulega ekki vekja sömu hrifninguna hjá öllum sem á hana horfa, en ég er sannfærður um að hún muni skila árangri. Og við erum heldur ekki að láta staðar numið við þessa einu auglýsingu. Við viljum líka að almenningur sjái framtakið, sköpunarkraftinn og dugnaðinn í íslenskum landbúnaði og matvælaframleiðslu.

Stóru verkefni Bændasamtakanna eru óbreytt. Við viljum að bændum séu tryggðar sanngjarnar tekjur fyrir þeirra vinnu. Að íslenskur landbúnaður fái þann stuðning og þá vernd sem hann þarf til að keppa á jafningjagrundvelli við innfluttar vörur og að fundnar verði lausnir á þeim vanda sem nýliðun í greininni getur orðið.

Markmiðin hafa ekki breyst, en ég er sannfærður um að við náum meiri og hraðari árangri með dyggum stuðningi íslensks almennings. Við erum nefnilega öll úr sömu sveitinni.

Höfundur er formaður BÍ.



Flóðlokur úr lofti. Mynd / Landsvirkjun

Eftirlitsnefnd vegna Hvammsvirkjunar

Sveitarstjórnir Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Rangárþings ytra hafa ákveðið að skipa eftirlitsnefnd sem skal fylgjast með framkvæmdum við Hvammsvirkjun.

Nefndin skal skipuð tveimur aðalmönnum frá hvoru sveitarfélagi og tveimur varamönnum. Mun hún starfa þar til öll skilyrði framkvæmdaleyfis hafa verið uppfyllt. Skipulagsfulltrúar og byggingarfulltrúar beggja sveitarfélaga, fulltrúi framkvæmdaaðila og fulltrúar annarra leyfisveitenda sitja fundi nefndarinnar þegar þurfa þykir.

Eftirlitsnefndin hefur, ásamt skipulagsfulltrúum beggja sveitarfélaganna, eftirlit með því að framkvæmdin sé í samræmi við leyfi og álit um mat á umhverfisáhrifum. Framkvæmdaleyfið er bundið 17 skilyrðum sem koma fram í greinargerð sem liggur til grundvallar framkvæmdaleyfinu. Nefndin skal skila af sér skýrslu um framkvæmd eftirlitsins við lok hvers fyrirvara sem settur er vegna framkvæmdarinnar.

Sé settum skilyrðum ekki fullnægt, ásigkomulag, frágangi, notkun eða umhverfi framkvæmdar eða eigin eftirliti framkvæmdaaðila ábótavant eða stafi hætta af framkvæmdinni, skal eftirlitsnefndin tilkynna framkvæmdaaðila skriflega um og úrbóta krafist. Eftirlitsnefndin mun hafa forgöngu um að tryggja samráð við fulltrúa Veiðifélags Þjórsár. Framkvæmdaaðili ber allan kostnað af starfi nefndarinnar. */ál*

Nýr forstöðumaður byggingarsviðs

Límtré-Vírnet ehf. hefur ráðið Gísla Símonarson sem forstöðumann byggingarsviðs. Hann tekur við af Sigurði Guðjónssyni, sem lét af störfum 1. maí eftir 39 ára starf hjá fyrirtækinu.

Gísli er tæknifræðingur frá Háskólanum í Reykjavík og hefur unnið hjá Límtré Vírnet síðan 2013. Fyrst sem hönnuður í byggingardeild þar sem hann sinnti bæði límtrés- og einingahönnun. Síðar við sölu á límtré og steinullareiningum. Frá þessu er greint í fréttatilkynningu.

Gísli segist taka við góðu búi og að Límtré-Vírnet hafi skapað sér sérstöðu í byggingariðnaðinum. Hlutur límtrés sem byggingarefnis fari vaxandi, enda umhverfisvænn og hagkvæmur kostur. Hann segir fyrirtækið vinna að stóraukinni framleiðslugetu á límtré á Flúðum með endurnýjun tækjabúnaðar. */ál*



Gísli Símonarson. Mynd / Límtré-Vírnet



Dýravelferð:

Hávaði á hestasýningum á við loftpressuhljóð

– Dýraverndarsamtök hvetja til úrbóta

Vaxandi hávaða gætir á reiðhallasýningum og hestamótum og hafa dýraverndunarsamtök lýst miklum áhyggjum af því.



Linda Karen Gunnarsdóttir.

Þekkt er að á hestasýningum og einnig sýningum með gæludýr er oft mikill hávaði og skarkali og má velta fyrir sér áhrifum þess á þau dýr sem þar koma fram.

Í reglugerð um velferð hrossa frá 2014 segir að hljóðstyrkur skuli að jafnaði ekki fara yfir 90 desibel (dB) á hestasýningum. Það gildi jafnast á við hávaða á skemmtistað eða í loftpressu.

Á sýningum með gæludýr má hávaði að jafnaði ekki fara yfir 65 dB skv. reglugerð um velferð gæludýra frá 2016.

Þess má geta að hljóðstyrkur yfir 85 dB getur skemmt heyrn manna varanlega ef hljóðið heyrist nógu lengi.

Þenja bílflautur

Linda Karen Gunnarsdóttir, formaður Dýraverndarsambands Íslands (DÍS), var innt eftir sýn sambandsins á þessi mál, en forsvarsmenn þess hafa nýverið sent frá sér hvatningu til m.a. þeirra sem standa fyrir reiðhallasýningum að stilla hávaða í hóf, hvort sem er af tónlist eða frá áhorfendum.

„Sú hefð hefur skapast á reiðhallasýningum og hestamótum að tónlist er oft hátt stillt sem veldur hrossum streitu. Jafnvel hvetja þulir áhorfendur til að fagna á meðan hross eru í sýningu, eins og að klappa, hrópa eða þenja bílflautur. Bæði á landsmóti og á reiðhallasýningum hefur tónlistarfólk verið látið spila á meðan hross eru sýnd. Þetta eru alls ekki hestvænar aðstæður og verður að snúa frá þessari þróun," segir Linda Karen.



Dýraverndarsamband Íslands beinir því til forsvarsmanna mótahalds tengdu hestum að dregið verði úr hávaða til að tryggja velferð dýranna. *Mynd / Petra-Pixabay*

> Að tónlist sé stillt í hóf og að áhorfendur fagni ekki á meðan hross eru sýnd yrði til mikilla bóta. Þulir gætu einnig kynnt áður en hrossin koma inn.

Hún segir lengi hafa fylgt reiðhallasýningum að tónlist sé hátt stillt en undanfarin ár virðist sem hávaði hafi verið að aukast. „Að tónlistarfólk sé látið spila á meðan hross eru sýnd, með tilheyrandi fagnaðarlátum áhorfenda, er nýtilkomið. Áhersla virðist einnig vera orðin á að áhorfendur taki sem mestan þátt, með því að fagna með klappi og hrópum, en slíkt getur valdið hrossum ótta. Mikilvægt er að þessari nálgun verði breytt," segir hún jafnframt.

Velferð hrossa í fyrirrúmi

Áhersla á sýningum með hross á ekki að fyrst og fremst að vera skemmtun gesta heldur einnig á velferð hrossanna sem koma fram. Hross hafa umtalsvert betri heyrn en manneskjur og eru auk þess flóttadýr, að sögn Lindu Karenar. Þau geti því upplifað mikla streitu í aðstæðum þar sem er hávaði.

„Þótt hrossin séu undirbúin fyrir þessar aðstæður og afberi þær, þá þýðir það ekki að þeim líði vel. Það er almenn vitneskja að dýrum líður yfirleitt illa í hávaða og nauðsynlegt að þeim sé hlíft við slíku eins og hægt er," segir hún enn fremur.

Mikilvægt sé að brugðist verði við þessari þróun innan hestaíþróttarinnar og að það verði samhent átak hestaunnenda að velferð hrossa sé höfð í fyrirrúmi á sýningum og mótum. „Að tónlist sé stillt í hóf, og að áhorfendur fagni ekki á meðan hross eru sýnd, yrði til mikilla bóta. Þulir gætu einnig kynnt áður en hrossin koma inn. Taka þarf tillit til eðlis hrossa á sýningum og koma í veg fyrir óþarfa álag eins og unnt er," segir Linda Karen. */sá*

Matvæli:

Hátt hlutfall óholls matar

Næstum helmingur orkunnar í fæðu fullorðinna Íslendinga á aldrinum 18–80 ára kemur úr gjörunnum matvælum.

Í nýrri rannsókn Steinu Gunnarsdóttur, Ph.D-nema við Háskóla Íslands, kemur fram að nokkurt hlutfall gjörunninna matvæla falli undir Skráargatið (samnorrænt merki matvara sem uppfylla viss skilyrði varðandi næringarefni). Hún greindi frá niðurstöðum rannsóknarinnar á málþingi Matís sem haldið var í vikunni.

Fjögur prósent af Skráargati

Steina, ásamt rannsóknateymi, kortlagði neyslu gjörunninna matvæla og var notast við gögn úr landskönnun á mataræði Íslendinga á árabilinu 2019 til 2021. Þar voru 822 þátttakendur á aldrinum 18 ára til áttræðs. Steina rannsakaði m.a. hversu mikið af gjörunnum matvælum féllu undir ráðleggingar um mataræði. Til þess var notuð Skráargats-skilgreiningin sem er með viðmið þegar kemur að fitu, sykurtegundum, salti og trefjum.

„Niðurstöður okkar benda til að um 45% af heildarorkunni í landskönnun komi frá gjörunnum matvælum. Hafa margir haft áhyggjur af því að þarna falli undir matvæli sem teljast heilsusamleg en eru gjörunnin. Skv. niðurstöðum okkar eru um 4% af heildarorkunni sem koma frá gjörunnum matvælum og sem falla undir Skráargatið. Við sáum að marktækur munur var á neyslu gjörunninna matvæla eftir aldurshópum. Munurinn er ekki stórkostlegur en yngri þátttakendur voru með aðeins hærri neyslu á þeim," sagði Steina.

Miklu meiri sykur

Vísbendingar eru um samband neyslu gjörunninna matvæla við hjarta- og æðasjúkdóma, sykursýki 2, háþrýsting og ótímabær dauðsföll, að sögn Steinu.

„Þegar skilgreiningin er notuð í stórum faraldsfræðirannsóknum sjást mjög skýr tengsl við langvinna sjúkdóma. Þegar gjörunnin matvæli eru borin saman við minna unnin matvæli þá eru þau oft orkuþéttari, þau eru hærri í viðbættum sykri, gæði fitunnar eru oft lakari og þau eru oft há í salti. Einnig er neyslumunstur hópa sem borða mikið af gjörunnum matvælum annað. Það sést að neysla mikilvægra fæðuhópa, sem eru verndandi fyrir langvinnum sjúkdómum, er oft dræm. Þar má nefna ávexti og grænmeti, hnetur og fræ, heilkorn og fisk. Það sést einnig að þessir hópar eru oft með hærri orkuinntöku en aðrir, með minni trefjainntöku og meira af viðbættum sykri og mettaðri fitu," segir hún.

„Við skoðuðum neyslumunstur þeirra sem borða mikið af gjörunnum matvælum. Til þess skiptum við þátttakendum í landskönnun í fjóra jafna hópa eftir orkuinntöku gjörunninna matvæla. Í ljós kom mikil dreifing og allt frá 63% af orkunni sem kemur úr gjörunnum matvælum í hópnum sem borðar mest af þeim, í samanburði við 24% í hópnum sem borðar minnst af þeim. Sjá má að þeir sem eru með mestu neysluna af gjörunnum matvælum eru að fá um 17% meira af hitaeiningum í samanburði. Við sjáum einnig að þau eru að fá um 438% meira af viðbættum sykri miðað við samanburðarhópinn," sagði Steina. */sá*

FRÁ HUGMYND AÐ FJÓSI

Allt fyrir fjósið á einum stað!

Ert þú í fjóshugleiðingum? Við bjóðum uppá heildarlausn þegar byggja skal fjós. Við tökum glöð á móti öllum fyrirspurnum!



Hönnun og ráðgjöf
Allt frá skissu yfir í fullgilda aðaluppdrætti



Frá hugmynd að fjósi
Þrívíddarskissur



Stálgrindarhús
Allt sem þú þarft fyrir fullbúið hús



Forsteyptar einingar
Básendaeiningar og básaeiningar
Steinbitar í mörgum stærðum



Básamilligerðir
Sérsmíðaðar fyrir íslenskar kýr



Dýnur
Gúmmídýnur, gúmmítakkamottur,
latexdýnur, vatnsdýnur o.fl.



Át- og milligrindur
Í miklu úrvali - Íslensk framleiðsla



Tæknibúnaður
Mjaltaþjónar, gjafakerfi, kálfafóstrur,
mykjuþjarkar og margt fleira

LANDSTÓLPI

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600

Lyngási 11, 700 Egilsstöðum
480 5610

www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is



Stuðlagil á Jökuldal er fjölsóttasti ferðamannastaður Austurlands.
Mynd / Aðsend

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða:

Stuðlagil fékk hæsta styrkinn

Alls hlutu 28 verkefni styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða en heildarupphæð til úthlutunar nam rúmum 553 milljónum króna.

Hanna Katrín Friðriksson atvinnuvegaráðherra úthlutaði styrkjunum á dögunum og hlaut verkefni til áframhaldandi uppbyggingar við Stuðlagil á Jökuldal hæsta styrkinn, eða um 90 milljónir. Stuðlagil er fjölsóttasti áfangastaður ferðamanna á Austurlandi og er markmið uppbyggingarinnar áframhaldandi náttúruvernd og bætt öryggi ferðamanna sem heimsækja Stuðlagil Grundarmegin.

Næsthæsti styrkurinn fer til uppbyggingar við Staðarbjargarvík við Hofsós, eða rúmar 62 milljónir, þar sem markmiðið er að bæta aðgengi ferðamanna að mikilli náttúrufegurð og jarðmyndunum.

Aukið öryggi og bætt aðstaða

Þriðji hæsti styrkurinn, að upphæð rúmra 36 milljóna, fór í verkefnið Fjarðabyggð Búðarárfoss í gerð malarstíga og dvalarsvæða. Auk þess verður lagður grunnur að næsta stigi framkvæmda með gerð verkteikninga og verklýsingar að pallastíg og útsýnispalli. Markmið verkefnisins er að auka öryggi og bæta aðstöðu fyrir göngufólk.

Í umfjöllun á vef atvinnuvegaráðuneytis kemur fram að verkefnin sem hlutu styrki snúi venju samkvæmt að fjölbreyttri uppbyggingu, meðal annars á sviði öryggismála, náttúruverndar og innviðauppbyggingar. Af þeim verkefnum sem fá styrk eru 26 af 28 verkefnum skilgreind á áfangastaðaáætlun innan síns svæðis sem eru unnar heima í héraði á forsendum heimafólks.

Fæstir erlendir ferðamenn á Austurlandi og Vestfjörðum

Í úthlutuninni að þessu sinni var lögð áhersla á minna sótt svæði og lengingu ferðatímabils. Gæðamat sjóðsins tók mið af þeirri áherslu. Af þeim 28 verkefnum sem hlutu styrk eru 10 á Austurlandi og 4 á Vestfjörðum en fæstir erlendir ferðamenn gista á þessum landsvæðum. Yfirlit um verkefnin 28 má finna í gegnum vef atvinnuvegaráðuneytisins.

Markmið Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða er að stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndun ferðamannastaða, stuðla að jafnari dreifingu ferðamanna um landið og styðja við svæðisbundna þróun.

/smh



Matís:

Upplýsingaóreiða í matvælaheiminum

– Villt um fyrir neytendum

Algjör ringulreið ríkir í umhverfismerkingum matvæla og upplýsingaóreiða tengd matartengdum málefnum fer vaxandi. Hugmynd er uppi um óháðan miðlægan upplýsingamiðil.



Þóra Valsdóttir.



Valdimar Sigurðsson.

Matís hélt sl. þriðjudag málþing undir yfirskriftinni Neytendur framtíðar, um framtíð matvælavinnslu. Áhersla var á neytendur framtíðar og meðal annars fjallað um hvernig þeir standa í auknum mæli frammi fyrir villandi eða misvísandi upplýsingum, frá áhrifavöldum og hinum ýmsu miðlum.

Neytendur algjörlega týndir

Valdimar Sigurðsson, prófessor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík, benti í erindi sínu m.a. á að í raun væri hættulega auðvelt að gabba neytendur. Spyrja yrði hvernig hægt væri að koma hollum og sjálfbærum vörum betur á framfæri. Umhverfismerki væru torfær frumskógur. Skv. Ecolabelindex.com væru til 455 umhverfismerki og 147 þeirra matartengd. Sum væru notuð á ákveðnum svæðum, önnur væru almennari. Einhver merkjanna vísuðu til lífrænna matvæla, önnur til umhverfislegra og/eða félagslegra sjálfbærra framleiðsluaðferða.

„Maður gæti búið til svona vottun á fimm mínútum og sem skilar jafngóðum árangri, ef ekki betri, og vörumerki eða auðkenni sem eru með mikið fjármagn á bak við sig og góð og gild. Við verðum að reyna að bæta úr því að þegar maður er með góða vöru og góða vottun þá sé hægt að koma því betur til skila. Neytendur eru algjörlega týndir," sagði Valdimar.

„Hvernig á neytandinn að vita hversu áreiðanleg öll þessi merki eru? Hvað eru merkin að segja okkur og hver tryggir að þau séu ekki grænþvottur?" spurði hann. Vaxandi þörf væri á að ákvarða sameiginlegar grunnforsendur. Umhverfismerkjum og staðhæfingum á umbúðum um t.d. hreinleika eða uppruna vöru þyrfti að fylgja traust og auðþekkt vottunarmerki.

„Við sjáum í auknum mæli það sem við köllum staðhæfingar og gervimerki, og smásalar eru mikið að koma með svona eigin merkingar, sem geta verið góðar og gildar en við bara vitum ekki hvort svo sé. Þeim fer fjölgandi, sérstaklega á netinu og í Bandaríkjunum. Fækka verður þessum umhverfismerkjum, styrkja þau, mennta fólk betur um þetta og laga þessa þætti," sagði Valdimar enn fremur.

Háværustu raddirnar

Þóra Valsdóttir, verkefnastjóri hjá Matís, sagði í framsögu að upplýsingaóreiða komi í dag einkum af netinu, samfélagsmiðlum og frá mistraustum fjölmiðlum. Hún ræddi svokölluð Dunning Kruger-áhrif, þ.e. þegar einstaklingar sem eru ófaglærðir eða ókunnugir tilteknu efni ofmeti þekkingu sína og hæfileika. Þetta væri algengt hjá áhrifavöldum sem fjalla um næringu, þeir hunsi heildarmynd vísinda og handvelji rannsóknir sem staðfesti það sem þeir vilji trúa. Einnig ætti þetta við um þá sem viti mjög lítið um tiltekið efni, oft ekki nóg til að átta sig á að þekking þeirra sé takmörkuð.



Ecolabelindex.com-VS

„Svo lengi sem einhverri vitleysu er haldið fram af nægu sjálfstrausti munu nógu margir trúa því, án þess að efast um upplýsingarnar eða spá í hvaðan þær koma. Aftur á móti eru sérfræðingar gjarnan hlédrægari og forðast að fullyrða of mikið, vegna þess hve meðvitaðir þeir eru um það sem þeir vita ekki. Þetta þýðir að við erum oft skilin eftir með háværustu raddirnar og ekki endilega nákvæmustu upplýsingarnar," sagði Þóra.

Hún benti jafnframt á að upplýsingar úreldist oft. Með nýjum rannsóknum fáist ný þekking sem geti stangast á við það sem fram að því hefur verið viðurkennt. Mismunandi sérfræðingar og hagaðilar líti á viðkomandi efni út frá mismunandi sjónarhornum og séu oft ekki sammála.

Miðlæg matarvísindagátt

„Neytendur skortir oft þekkingu á matartengdum málefnum og bera fremur lítið traust til matvælakerfisins. Sú ofgnótt sem er í dag af ýmsum upplýsingum og fullyrðingum um matvæli og næringu frá ýmsum aðilum, og sem stangast oft á, gerir erfitt fyrir hinn almenna neytanda að finna og velja áreiðanlegar upplýsingar til að byggja ákvarðanir sínar á. Upplýsingaóreiðan gerir að verkum að útbreiddur er alls konar misskilningur um matvælatengd málefni. Á sama tíma er skortur á sýnileika og aðgengi að áreiðanlegum upplýsingum. Það er því brýn þörf fyrir traust úrræði til að vinna gegn neikvæðum áhrifum rangra upplýsinga um mat og næringu á netinu, á matarhegðun landsmanna," sagði hún.

Um hvernig megi grípa til varna benti Þóra á að hugmynd að matarvísindavef hefði komið fram fyrir nokkrum árum, þegar sérfræðingar Matís og HÍ héldu vinnustofu með ungum neytendum og starfsmönnum í matvælaiðnaði, um nýjar leiðir í samskiptum matvælaiðnaðarins við unga neytendur. Fram hefði komið að þörf væri á óháðum upplýsingamiðli, sem bæði neytendur og matvælaframleiðendur gætu leitað til og vísað á, varðandi upplýsingar um matvæli og allt sem þeim við kemur. Í kjölfarið hefði hugmyndin verið borin undir aðra hagaðila og viðbrögð verið á einn veg: skýr ósk um notendavænan vettvang sem efli gagnrýna hugsun og auki matvælalæsi.

„Nauðsynlegt er að stuðla að auknu gegnsæi, áhuga, þekkingu og upplýstri ákvarðanatöku neytenda til framtíðar varðandi matartengd málefni. Þetta ættum við að gera saman," sagði Þóra. */sá*

Hækkun á afurðaverði til kúabænda og heildsöluverði mjólkur

Hækkun varð nýlega á afurðaverði til kúabænda og heildsöluverði mjólkur og mjólkurafurða.

Verðlagsnefnd búvara tekur ákvörðun um slíkar hækkanir og hefur gefið út að lágmarks afurðaverð fyrir fyrsta flokks mjólk til kúabænda hækki um 1,90 prósent, úr 136,93 krónum á lítrann í 139,53 krónur á lítrann. Heildsöluverð mjólkur og mjólkurvara, sem nefndin verðleggur, hækkar um 1,96 prósent.

Kostnaðarhækkanir við framleiðslu mjólkur

Í rökstuðningi fyrir afurðaverðshækkununum kemur fram að þær séu til komnar vegna kostnaðarhækkana við framleiðslu mjólkur frá síðustu verðákvörðun sem byggði á verðlagi í desember 2024.

Til grundvallar ákvarðana um verðbreytingar liggur verðlagsgrunnur kúabús, sem á að endurspegla rekstur kúabús af hagkvæmri stærð. Í honum vegur hækkun launavísitölu mest en um þrír fjórðu hlutar hækkunar hans er til komin vegna launakostnaðar og annarra kostnaðarliða sem þróast í takti við launavísitölu. Verðhækkanir á fóðri og afskriftir hafa einnig talsverð áhrif en aðrir liðir vega minna. Þá hefur fjármagnskostnaður og áburðarkostnaður lækkað á tímabilinu sem hefur áhrif til lækkunar á móti.

Launakostnaður vegur þyngst

Hækkun á heildsöluverði mjólkur og mjólkurvara er sem nemur kostnaðarhækkun vegna hráefniskaupa og hækkun vinnslu- og dreifingarkostnaðar. Vinnslu- og dreifingarkostnaður afurðastöðva hækkar um 2,03 prósent en helsti kostnaðarliðurinn – og sá sem vegur þyngst í ákvörðun um hækkun, er hækkun launakostnaðar um 3,1 prósent á tímabilinu en sú hækkun vegur um 53 prósent af heildarhækkuninni í verðmætum talið.

Mjólkursamsalan tilkynnti um það 12. maí að nýr verðlisti hafi tekið gildi í framhaldi af ákvörðun verðlagsnefndar búvara.

Ársverðbólga mældist samkvæmt Hagstofu Íslands 4,2 prósent í apríl 2025. Innan þessa tímabils, frá apríl 2024 til nóvember 2024, urðu engar breytingar á heildsöluverði mjólkurvara til neytenda og verðlag mjólkurvara var stöðugt. */smh*

can-am®

EIGUM SEXHJÓL KLÁR TIL AFGREIÐSLU STRAX



ELLINGSEN

Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / www.brp.is

©2024 Can-Am og BRP merkin eru vörumerki Bombardier Recreational Products eða tengdra félaga þess.

Orkumál:

Sólarorka knýr hreinorkuvöxt heimsins

– Evrópa í mestri sókn utan Kína

Steinunn Ásmundsdóttir
steinunn@bondi.is



Framleiðsla hreinnar endurnýjanlegrar orku hefur aukist verulega samkvæmt nýrri alþjóðlegri samantekt.

Hitabylgjur, gervigreind, gagnaver og rafknúin farartæki eru meðal þess sem knýr vaxandi raforkuþörf heimsins. Yfir 40% raforku jarðar voru framleidd með lágkolefnisuppsprettum í fyrra, skv. nýlegri skýrslu hugveitunnar Ember (Global Electricity Review). Það er met sem ekki hefur verið slegið síðan á fjórða áratug síðustu aldar, þegar raforkukerfið á heimsvísu var 50 sinnum minna en það er í dag, og vatnsaflið stóð undir mestu af því.

Árleg raforkuframleiðsla með endurnýjanlegum hætti jókst um 50% á árinu 2023 og nam tæplega 510 gígavöttum skv. skýrslu Alþjóðaorkumálastofnunarinnar (IEA) frá í fyrra.

IEA spáir því að við núverandi stefnu og markaðsaðstæður muni endurnýjanleg orkugeta á heimsvísu ná 7.300 gígavöttum árið 2028. Slíkur vöxtur á orkugetu heimsins myndi þá aukast ca. 2,5 sinnum miðað við núverandi umfang árið 2030, en yrði þá engu að síður undir loftslagsmarkmiði COP28 um að þrefalda orkuframleiðslu.

IEA bendir á að 96% nýrra sólar- og vindorkuvera hafi verið með lægri framleiðslukostnað en ný kola- og jarðgasver á árinu 2023. Þá hafi um 75% vind- og sólarorkuvera boðið upp á ódýrari raforku en núverandi orkuver sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti.

Sólarorkan knýr vöxtinn

Nú er það sólarorkan sem er hvað fremst í flokki í vexti hreinna raforkukerfa. Alþjóðleg sólarframleiðsla er til dæmis orðin nógu viðamikil til að knýja allt Indland, segir í skýrslu Ember.

Losun orkugeirans náði þó einnig sögulegu hámarki á síðasta ári, eða 14,6 milljörðum tonna af CO_2. Megin ástæða þess er talin þörf fyrir kælingu í hitabylgjum, þar sem 2024 varð heitasta ár sem sögur fara af og undirstrikar hversu brýnt er að breyta orkunni. Innrásarstríð Rússa í Úkraínu kenndi Evrópu erfiða orku-lexíu og hefur verið hvati til að herða m.a. á hreinorkuframleiðslu. Endurnýjanlegar orkuauðlindir eru orðnar hluti af vörnum Evrópu.

Átta lönd í Evrópu nýta endurnýjanlega orku í meira en helming af hitunar- og kæliþörf sinni. ESB er langt á undan meðaltali á heimsvísu, eftir að hafa framleitt 71% af raforku sinni með hreinum orkulindum árið 2024, þ.á.m. kjarnorku. Í Evrópu er einnig löng hefð fyrir nýtingu vatnsorku, og vindorka hefur sótt verulega í sig veðrið.

„Evrópa hefur styrkt alþjóðlega forystu sína í hreinu afli," sagði dr. Beatrice Petrovich, sérfræðingur hjá Ember í samtali við Euronews Green á dögunum. „Álfan er að sýna veröldinni hvernig á keyra upp hlut endurnýjanlegrar orku í raforkublöndunni, með næstum helmingi (47%) frá sól, vindi og vatnsorku á síðasta ári," sagði hún. Vindorka nam 18% af orkuframleiðslu ESB í fyrra.

Sólarorkuframleiðsla í ESB hartnær tvöfaldaðist á þremur árum til 2024, með 11% hlutfall framleiddrar raforku og fór fram úr kolaknúinni orku í fyrsta skipti.

Kína með afgerandi sólarorkuforystu

Sjö aðildarríki ESB eru í hópi 15 efstu landa með hæsta hlutfall sólarframleiðslu um allan heim. „ESB er sólarstórveldi," sagði Petrovich í viðtalinu. Til að mynda hafi Þýskaland framleitt 71 teravattstund (TWst) af sólarorku á síðasta ári og komist í sjötta sæti á heimsvísu, þar sem öll lönd séu þó dvergvaxin miðað við 834 TWst framleiðslu Kína. Framleiðsla Kínverja á sólarorku stóð fyrir 53% af vexti hennar á heimsvísu í fyrra. Kína er nú stærsti framleiðandi og notandi sólarrafhlaðna í heiminum. Áætlanir eru jafnframt um að stórauka notkun vindorku og vatnsorku í landinu.

„Sólarorka er ekki saga eins lands. Víðtækur vöxtur segir í raun eitthvað um hversu sveigjanleg þessi tækni er og skalanleg," útskýrði Petrovich. „Jafnvel við síður ákjósanleg veðurskilyrði miðað við 2023, leiddi aukning á sólarsellupanelum – þar á meðal á húsþökum – til þess að meira rafmagn var framleitt. Vöxturinn mun halda áfram."

Petrovich sagði kominn tíma fyrir Evrópu að sýna heiminum hvernig eigi að koma hreinu afli á næsta stig. Þ.e. að hafa enn meiri sól og vind í bland, og sveigjanleika til að nýta uppspretturnar sem best. Það þýði safn af lausnum: þ.á.m. rafhlöður fyrir orkugeymslu, snjall-rafvæðingu flutninga, bygginga og iðnaðar, og víðari raforkuflutningsnet.

„Við erum með stærsta net í heimi. Nú þurfum við að gera það snjallara, meðal annars með því að fjarlægja hindranir," sagði hún.

Lausnir sem hvetji og verðlauni fólk fyrir að færa neyslu sína yfir á tíma þegar nóg er af endurnýjanlegum orkugjöfum gætu einnig hjálpað – til dæmis verðhvati sem efli ökumenn í að hlaða rafbíla sína frekar að degi til en á nóttunni.

Nauðsynleg tækni er, að sögn Petrovich, þegar til. Kalifornía í Bandaríkjunum sé fyrirmyndin. Í fyrra hafi þar fimmtungi af hámarksþörf raforku á kvöldin verið mætt með rafhlöðum sem hlaðnar voru um hádegisbilið. Fyrir þremur árum hafi sú tala verið tvö prósent – líkt og staðan sé nú á sumum lykilmörkuðum Evrópu sem séu að einhenda sér í rafhlöðutækni, svo sem eins og Írland.

Evrópa tekur sólarorku-stökk

Evrópskir sólarorkugarðar halda áfram að stækka og framleiða meira rafmagn víðs vegar um álfuna. Sólarorkuframleiðsla í atvinnuskyni nam 68 TWst raforku á fyrsta árfjórðungi 2025, 32% meira en á sömu mánuðum í fyrra og það mesta á fyrsta árfjórðungi sem mælst hefur, samkvæmt upplýsingum frá Ember. Reuters greinir frá.

Sólarorkuframleiðsla tók stökk í öllum helstu hagkerfum í janúar til mars, þar sem Þýskaland, Pólland, Bretland og Frakkland juku öll sólarframleiðsla um meira en 25% frá sama árfjórðungi í fyrra. Stöðug aukning á uppsettu afli hefur verið helsti drifkraftur framleiðsluaukningar og gefur til kynna að búast megi við enn meiri sólarorkuframleiðslu á næstu mánuðum, þegar geislun sólar nær hámarki í Evrópu.

Stærsti sólarorkuframleiðandi Evrópu, Þýskaland, framleiddi 11% af heildarrafmagni sínu með sólarorku á fyrsta árfjórðungi 2025, en hafði 8% hlutdeild árið 2024.

Um 12,5 TWst sem framleidd voru af sólarverum Þýskalands á fyrsta árfjórðungi var 27% meiri en á sama tímabili 2024 og 73% meiri en það sem framleitt var á fyrsta árfjórðungi 2020.

Ekki er sagt óvarlegt að áætla að sólarorkuver í Þýskalandi geti framleitt meira en 25% af raforku inn á raforkukerfi landsins á næstu tveimur árfjórðungum, jafnvel allt að 30%.

Árið 2024 komu 25% af raforku Þýskalands frá sólarorku yfir sumarmánuðina, þannig að stækkun á uppsettu afli í ár gerir 30% hlutdeildarmarkmiðið raunhæft.

Spánn átti mestu aukningu Evrópu í sólarframleiðslu á síðasta ári. Á Spáni jókst heildarframleiðsla sólarorku frá janúar til mars á þessu ári svo um 10% frá í fyrra en hlutdeild sólar í heildarraforkuframleiðslu landsins náði nýju hámarki á fyrsta árfjórðungi, eða 15%.

Ungverjar með mesta sólarorku í mixinu

Ungverjaland er með hæsta hlutfall sólarorku í heiminum í raforkublöndu sinni, eða 25%. Er það vegna öflugs átaks í að nýta sólarorku í íbúðarhúsnæði. Átakinu er lokið en sólarsellurnar munu halda áfram að vinna starf sitt í áratugi.

Austar í álfunni er, skv. Reuters, vöxtur sólarorku í allri raforkuframleiðslu takmarkaðri, en mun samt líklega slá ný met á þessu ári.

Í Póllandi, þar sem afkastageta sólarorku jókst um 300% á milli áranna 2020 og 2023, er sólarorka á réttri leið með að fara yfir 20% af heildarraforkubirgðum á næstu tveimur árfjórðungum. Pólland er kolaháðasta hagkerfi Evrópu, en ör vöxtur hreinna orkugjafa frá 2020 hefur gert pólskum veitum kleift að skera niður í jarðefnaháðri framleiðslu á sama tíma og heildarraforkuframleiðsla hefur verið aukin.

Milli áranna 2020 og 2024 jókst sólarorkuframleiðsla Póllands um 677%, vindorka hefur vaxið um hátt í 60% og heildarframleiðsla hreinnar orku aukist um 80%. Til að bregðast við meira raforkuframboði hefur kolaorkuframleiðsla minnkað um 15% en heildarframleiðsla jarðefnaeldsneytis um 7%. Frekari aukning á hreinni orkuframleiðslu, einkum með nýjum sólarorkubúum, gerir ráð fyrir frekari niðurskurði í notkun kola og samdrætti í notkun mengandi orkuuppspretta almennt.

Í Bretlandi var sólarorka 4% af allri raforku frá veitum á fyrsta árfjórðungi 2025, en verður væntanlega yfir 10% af heildarrafmagni á næstu tveimur árfjórðungum, þegar dagsbirtutími er lengstur. */sá*

Sólar- og vindorkuvöxtur sá heiminum fyrir rúmlega 40% af hreinu rafmagni árið 2024
Hlutur raforkuframleiðslu á heimsvísu (%)



Heimild: Árleg raforkugögn, Ember
„Aðrir endurnýjanlegir orkugjafar" eru m.a. lífefnaorka, jarðhiti, sjávarföll og ölduorka

ESB stóð fyrir 11% af alþjóðlegri aukningu sólarframleiðslu árið 2024. – Ember



Sólarorkan er hvað fremst í flokki í vexti hreinna raforkukerfa.
Mynd / IEA

Staðan á Íslandi

Helstu orkugjafar Íslands eru þrír: jarðhiti, vatnsafl og olía (bensín, gasolía og steinolía). Jarðhiti og vatnsafl eru innlendir orkugjafar sem nýttir eru til raforkuvinnslu og hitaveitu. Olían er framleidd erlendis og flutt inn. Íslenskt hagkerfi og samfélag notar yfir milljón tonn af olíu árlega sem kostar um 160 milljarða króna.

Jarðhitinn er helsti orkugjafi Íslands (46 TWst). Við notum heitt vatn til húshitunar, baða og annarrar neyslu, ásamt því að nota jarðvarma til raforkuvinnslu. Jarðvarminn er um 65% allrar orku sem við notum. Um 20% orkunotkunar Íslands er vatnsafl (14 TWst). Eftir standa 15% orkunotkunar og til að uppfylla þá þörf brennum við innfluttri olíu og bensíni á flugvélum, skipum, bifreiðum, vélum og tækjum (13 TWst).

Ísland er í 22. sæti yfir orkuframleiðslu á mann af þeim 157 ríkjum heims sem eru með yfir 100.000 íbúa.

Orkuskipti.is





Loftræsi-samstæður og blásarar

Erum með á lager loftræsisamstæður, 200-700 m3/klst, fyrir allar stærðir íbúða, sumarhúsa og smærri fyrirtækja.

Samstæðurnar eru einfaldar í uppsetningu og koma tilbúnar til notkunar með stjórnborði og WiFi tengingu fyrir app í síma.



Loftgæði
Varmaendurnýting

Frábær vörn gegn lúsmýi

Þak- og rörablásarar í miklu úrvali

Gæði – Rekstraröryggi





Tíðnibreytar og hraðastýringar af öllum stærðum

Frábær verð

FÁLKINN ÍSMAR EHF | DALVEGI 10-14 | 201 KÓPAVOGUR
SÍMI: 510 5100 | FALKINNISMAR.IS

FÁLKINN ÍSMAR
IÐNVÉLAR



Mynd / Hallormsstaður

Háskóli Íslands á Hallormsstað:

Nám í skapandi sjálfbærni á háskólastig

Námi í skapandi sjálfbærni á Hallormsstað verður frá og með næsta hausti haldið úti í samstarfi við Háskóla Íslands. Nemendur munu innritast í Háskóla Íslands og fá háskólaeiningar fyrir staðnám í skapandi sjálfbærni á Hallormsstað.

Á Hallormsstað hefur frá árinu 2019 verið byggt upp nám í skapandi sjálfbærni þar sem náttúran og samfélagið mynda vettvang náms og nýsköpunar. Í náminu er unnið með staðbundnar auðlindir á sjálfbæran og skapandi hátt.

Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, segir skólann leggja mikla áherslu á að starfa í þágu alls landsins og með þessu fyrsta staðbundna háskólanámi á Austurlandi sé stigið nýtt og mikilvægt skref í þeim efnum.

„Það skapar í senn tækifæri fyrir heimafólk og nemendur annars staðar á landinu að nema í því fallega og hvetjandi umhverfi sem finna má á Hallormsstað og í Hallormsstaðaskóla. Sjálfbærni er einn af lykilþáttum í stefnu Háskóla Íslands og með þessu nýja og spennandi námi eru nýttar ólíkar greinar vísinda, lista og handverks til að mennta fólk til að skapa ný tækifæri fyrir íslenskt samfélag í sátt við íslenska náttúru.“

Þegar árstíðirnar kenna

Skapandi sjálfbærni er eins árs, 60 ECTS eininga grunndiplóma á Menntavísindasviði HÍ. Náttúran sjálf gegnir lykilhlutverki í náminu sem sameinar fræðilega þekkingu og verklega færni með áherslu á skapandi nálgun, sjálfbærni og tengingu við samfélag, sögu staðarins og umhverfi. Kennslan skiptist í sex námskeið sem kennd eru í fimm vikna lotum og þróast í takt við árstíðirnar – haustið hefst með söfnun og vinnslu, veturinn dregur fram handverkið og rætur sjálfbærni og vorið leiðir í ljós lausnamiðaða hugsun og skapandi úrvinnslu.

Frá hausti til vors – ferðalag í sex námslotum

Í lýsingu á námsleiðinni segir: „Haustið hefst á námskeiðinu Lifað af landinu, þar sem lögð er áhersla á nytjasöfnun, nýtingu staðbundinna hráefna og siðfræði náttúrunýtingar. Í Skapandi sjálfbærni vinna nemendur að sjálfbærum lausnum og dýpka skilning á hugtökunum sjálfbærni og skapandi hugsun. Haustmisserinu lýkur með námskeiðinu Sjálfbært samfélag þar sem fjallað er um menningararf, handverk og samfélagslega nýsköpun og hvernig fortíð mótar sjálfbærnileiðir nútímans.

Fyrsta námskeið vormisseris er Lausnamiðuð sjálfbærni þar sem nemendur greina áskoranir nútímans og þróa hagnýtar lausnir. Síðan tekur við Skapandi ferli og nýting auðlinda þar sem áhersla er lögð á meðhöndlun og sköpun úr fjölbreyttum auðlindum á sjálfbæran hátt. Námsárinu lýkur á námskeiðinu Arftakar framtíðar sem eflir nemendur í að verða virkir þátttakendur og leiðtogar í mótun sjálfbærrar framtíðar.“

Opið fyrir umsóknir

Opið er fyrir umsóknir á hi.is/hallormsstadur og rennur umsóknarfrestur út 5. júní 2025.

Opið hús verður haldið laugardaginn 17. maí kl. 13-15 hjá Háskóla Íslands á Hallormsstað. Þar fá gestir tækifæri til að kynna sér námið og aðstöðuna, ræða við kennara og nemendur og upplifa námsumhverfi skógarins. Fulltrúi frá Háskóla Íslands verður á staðnum og veitir ráðgjöf um skráningu, námsleiðir og tengingar við annað nám.

/ph



Sólarselluvaraafl á Grund í Eyjafirði

Nýlega var sett upp sólarorkukerfi á kúabúinu Grund I og II í Eyjafirði, sem mun þjóna hlutverki varaaflskerfis fyrir búið.

Kerfið er frá Bluetti og á að tryggja að starfsemi búsins verði ekki fyrir truflun, að það fái samstundis rafmagn þegar straumrof verður á landsnetinu. Guðjón Þ. Sigfússon segist hafa verið með búið í gegnum félagið Ljósaborg í tæp 18 ár. „Við ákváðum að prófa þetta þar sem ég hef verið að fylgjast með þessum búnaði, meðal annars út af vinnu minni sem verkfræðingur, þar sem upp koma reglulega spurningar um sjálfbærni, sér í lagi hvað orku varðar. Mest tengt íbúðarhúsnæði og skipulagi byggðar. Mér fannst þessi búnaður spennandi sem varaafl og um leið með möguleika á hleðslu með umhverfisvænum orkugjöfum, til dæmis sólarpanelum eða vindorku.“



Grund í Eyjafirði. Myndir / Aðsendar



Guðjón Þ. Sigfússon hefur rekið búið í gegnum félagið Ljósaborg í tæp 18 ár.

Aukin sjálfbærni

Guðjón segir að þau hafi ekki lent beint í tjóni út af rafmagnsleysi, en það hefur skapast óvissa í rekstri, sem er alltaf slæm. „Við fengum tvo róbóta á síðasta ári sem við vildum tryggja í raforkuöryggi sem og með vörn fyrir spennuflökti. Mjólkurtankur er um leið á varaafli. Fjárfestingin með róbóta og tilheyrandi breytingum á eldra fjósi var um 100 milljónir króna,“ segir Guðjón en áður var notuð gömul dísilvél sem þau voru hætt að treysta.

„Hver og einn verður að skoða hvað hentar, en við sáum möguleika í þessum búnaði sem varaafl og vörn gegn spennuflökti. Þá er engin spurning að möguleiki á nýtingu umhverfisvænnar orku eins og sólarorku og vindorku gerir þetta að spennandi kosti. Við höfum reynt að auka sjálfbærni á búinu sl. ár eins og kostur er og um leið lækka kolefnisspor búsins. Þessi búnaður til að tryggja varaafl fellur vel að sjálfbærnihugsun og lækkun á kolefnisspori. Við höfum reynt að gera búið og fóður sem mest óháð innflutningi, til dæmis með því að einbeita okkur að góðri túnræktun með uppskeru af sem mestum gæðum. Þá höfum við ræktað korn síðastliðin 15 ár og þurrkum með eigin þurrkstöð á heitu vatni. Þannig getum við fengið íslenskt kjarnfóður með eigin byggi sem kolvetnagjafa og íslenskt fiskimjöl sem prótíngjafa.

Næsti áfangi er að kanna með sólarorkubúnað á þak og tengingar á þessum búnaði. Við erum þegar farnir af stað með könnun á þessum búnaði og kostnaði,“ segir Guðjón.

/smh



Unnið að uppsetningu á nýja varaaflkerfinu.

Innviðaráðuneytið:

Áform um að styrkja sveitarstjórnarstigið

Áform um lagabreytingar sem innviðaráðherra hyggst leggja fram á næsta haustþingi til að styrkja sveitarstjórnarstigið og auka sjálfbærni sveitarfélaga hafa verið birt í samráðsgátt stjórnvalda.

Annars vegar er um að ræða frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og hins vegar er um að ræða frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum. Frestur til að veita umsögn um áformin er til 9. júní nk.

Í fréttatilkynningu segir að markmið breytinga á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sé að tryggja sanngjarnari hlutdeild nærsamfélaga í ávinningi af raforkuframleiðslu og auka sjálfbærni sveitarfélaga. Í því skyni verði lagt til að fella úr gildi undanþágu rafveitna (vatnsafls-, jarðvarma- og vindaflsvirkjana) frá fasteignamati og að settar verði reglur um hvernig tekjum af fasteignaskatti verði dreift til sveitarfélaga þegar rafveita og áhrifasvæði hennar nær yfir tvö eða fleiri sveitarfélög.

Enn fremur segir að markmið breytinga á sveitarstjórnarlögum sé m.a. að tryggja að sveitarstjórnarlögin fylgi framþróun sveitarstjórnarstigsins og að þau séu skýr og aðgengileg. Þá er einnig markmið með breytingunum að auka sjálfbærni sveitarfélaga

. /ph

Til hamingju !

Grund I og II í Eyjafirði með Bluetti vara-raforkukerfið

Eigendur og bússtjóri Grundar I og II í Eyjafirði, völdu **BLUETTI** vara-raforkukerfi til að tryggja fullkomið öryggi fyrir mjaltaþjóna búsins og fyrir fæðu- og kælikerfi.

Raforkuöryggi í matvælaframleiðslu skiptir öllu máli og ekki síst að nota hreina orku við framleiðsluna. Bluetti-kerfið er viðhaldslaust og hreint vara-orkukerfi.
Engin olía, engin hávaði, engin mengun, - engar áhyggjur.

Ljós, öryggiskerfi, dælur, kælar og mjaltaþjónar, fá sitt rafmagn frá Bluetti vara-orkukerfinu á sekúndubroti (10 millisek) þegar rafmagn fer af landskerfinu.
Svo er ekkert mál að tengja sólarsellur við kerfið til að spara þannig kostnað!



Halldór Örn Árnason
Bústjóri Grund I og II - Eyjafirði

Bluetti á Íslandi óskar framsýnum eigendum og bústjóra Grundar I og II, til hamingju með Bluetti vara-raforkukerfið.

Kerfið á Grund er þriggja fasa 14kw kerfi og 56 kWs. Það er stækkanlegt í 155 kWs. Fjósið er öruggt um að hafa rafmagn fyrir mjaltaþjóna, loftpressur, fæðukerfi, mjólkurkæli og stýribúnað í ca. 9 tíma m.v. 0,5 í samtímanotkun.

BLUETTI
Hrein og örugg íslensk orka

Bluetti á Íslandi: JH Vinnustofa ehf - 680 6000 - www.bluetti.is - jax@jax.is

Þurfum við tolla á íslensk matvæli?


Harpa Ólafsdóttir
harpa@bondi.is

Samhliða umræðu um aukinn innflutning á kjöti og osti hafa komið fram áhyggjur af að sífellt sé erfiðara fyrir bændur á Íslandi að keppa við ódýrar innfluttar landbúnaðarvörur og í því samhengi hafa verið skiptar skoðanir um tollvernd en áhugavert er að rýna í hversu hátt hlutfall af innflutningsverði á kjöti og osti eru tollar.

Hátt í 90% tollskrárnúmera landbúnaðarvara eru tollfrjáls í gegnum viðskiptasamninga við ESB. Hins vegar hefur tollvernd verið ein af meginforsendum þess að bændur á Íslandi geti sinnt innlendri landbúnaðarframleiðslu. Án opinbers stuðnings gætu bændur ekki tryggt neytendum íslenskar landbúnaðarafurðir.

Tollar á kjöt og ost eru bæði í formi magn- og verðtolla en með fríverslunarsamningum við ESB hefur heimild til að flytja inn kjöt og ost án tolla verið aukin talsvert frá 2018, þ.e. aukning á tollkvótum. Frá 2018 til 2022 var því verulegur viðsnúningur, þar sem innflutningur á þessum vörum var nánast allur innan tollkvóta. Þess ber að geta að áhrifa frá Covid-tímabili 2020 til 2021 gætti einnig þar sem innflutningur á landbúnaðarvörum var mjög takmarkaður á þeim tíma. Frá árinu 2022 jókst hins vegar innflutningur talsvert utan tollkvóta á alifuglakjöti og svínakjöti en einnig á nautakjöti og frá árinu 2023 á unnum kjötvörum og osti.

Ef horft er til heildarinnflutnings á kjöti og osti og hve mikið var flutt inn af þessum vörum utan tollkvóta fyrir árið 2024, þá má sjá að það var 46% fyrir svínakjöt, rétt ríflega 40% fyrir nautakjöt og alifuglakjöt, 32% fyrir unnar kjötvörur og 27% fyrir osta.

Þá má velta upp þeirri spurningu hvað sé verið að greiða í toll af þessum vörum. Ein leið er að taka vegið meðaltal af heildartolli í hverjum vöruflokki og reikna það sem hlutfall af innflutningsverði. Er þá einnig tekinn útboðskostnaður með í heildartolli. Ef horft er til heildarinnflutnings varanna á tímabilinu 2020 til 2024 þá var veginn meðaltollur á nautakjöt 17% árið 2020 og fór í 55% árið 2023 en lækkaði í 46% árið 2024. Veginn meðaltollur á svínakjöt var um 40% 2020 og 2021 en hækkaði í 89% árið 2022 og 96% árið 2023 en lækkaði aftur í 86% árið 2024. Veginn meðaltollur á alifuglakjöt fór úr 56% árið 2020 í 84% árið 2021, hækkaði áfram í 102% árið 2022 en lækkaði í 85% 2023 og var nánast óbreytt árið 2024. Veginn meðaltollur á unnar kjötvörur hefur hækkað nokkuð jafnt frá árinu 2020 til 2024, var 54% 2020 en var kominn í 90% árið 2024. Veginn meðaltollur á osta hefur hins vegar haldist nokkuð óbreyttur frá 2020 til 2024 eða í kringum 60%.

Eðlilega koma oft upp vangaveltur hvort ekki megi bæta hag neytenda með því að fella alfarið niður tolla á matvæli. En á sama tíma vill fara minna fyrir umræðu um gæði þeirra landbúnaðarvara sem fluttar eru inn til landsins og íslenskar landbúnaðarafurðir þurfa að keppa við. Þá er einnig þeirri spurningu ósvarað hvort lækkun á tollum myndi skila sér að fullu í lægra vöruverði til neytenda. En mikilvægast í þessu samhengi er að starfsskilyrði og kjör þeirra sem stunda landbúnað verði sambærileg við aðrar atvinnugreinar í landinu. Þannig styðjum við jafnframt við fæðuöryggi landsins.





www.bbl.is







VÉLFANG – VERKIN TALA

KUHN

KUHN hey- og jarðvinnutæki til afgreiðslu strax



Hnífatætarar 1,20 - 6,20 m



Rótherfi /Pinnatætarar 1,20 - 8,0 m

Yfirgripsmikil vörulína KUHN tryggir að allir finna vél sem er sniðin að þeirra þörfum



Diskasláttuvélar 1,6 – 9,90 m



Heyþyrlur 4,20 – 17,20 m

Vertu klár – veldu KUHN



Múgavélar 3,20 – 14,70 m



FBP 3135 – Sparið allt að 30% í plastnotkun

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Óseyri 8 • 603 Akureyri

Lífríki:

Búfé jarðar vegur þyngst

– Lífmassi búfjár þrítugfaldur á við önnur landspendýr

Á heimsvísu vegur búfé þyngra en allt annað spendýralíf á jörðinni.

Lífmassi spendýra á heimsvísu er langmestur menn og tamin dýr, þ.m.t. búfénaður og gæludýr. Búfé jarðar er með þrítugfaldan lífmassa á við öll önnur landspendýr og 15 sinnum meiri en sjávarspendýr.

Sé horft til allra dýra í heiminum kemur í ljós að búfé er með margfalt meiri lífmassa en öll villidýr með heitt blóð á jörðinni samtals. Vísindamenn hafa nýverið leitt í ljós að heildar lífmassi búfjár sé orðinn um 630 milljónir tonna kolefnis. Það er 30 sinnum meira en lífmassi villtra landspendýra og 15 sinnum meira en villtra sjávarspendýra. Eru niðurstöðurnar sagðar varpa ljósi á dreifingu lífmassa á heimsvísu og leiða í ljós mælanlegar vísbendingar um veruleika sem annars geti verið erfitt að átta sig á. Þær sýni yfirburði mannkyns og búfjár þess yfir miklu minni stofnum þeirra villtu spendýra sem eftir eru. Frá þessu greinir í vísindaritinu Proceedings of the National Academy of Sciences (PNAS). Mæling lífmassa tekur ekki aðeins tillit til áætlaðs fjölda dýra heldur einnig þátta í stærð þeirra. Hvert dýr er mælt í tonnum af kolefni (t/C), grundvallarbyggingu lífsins.

Lífmassi spendýra aukist

Hannah Ritchie, aðalrannsakandi og aðstoðarritstjóri hjá Our World in Data, bendir á að menn hafi umbreytt spendýraríkinu. Villt spendýr séu orðin aðeins nokkur prósent spendýra í heiminum. Búfé hafi 62% af lífmassa spendýra í heiminum; menn séu 34% lífmassans og villt spendýr aðeins 4%.

„Fjölbreytt úrval spendýra reikaði eitt sinn um plánetuna. Þetta breyttist hratt og verulega með tilkomu manna. Síðan þá hefur lífmassi villtra landspendýra minnkað stórkostlega," segir Ritchie.

Yfirburðir manna séu augljósir. Maðurinn er með um þriðjung af lífmassa spendýra. Næstum tíu sinnum meira en villt spendýr. Búfjárstofn manna er tæplega tveir þriðju hlutar.

Nautgripir vega t.d. næstum tíu sinnum meira en öll villt spendýr til samans. Að nautgripir einir og sér skuli vega þyngra en öll villt landspendýr er áminning um að mannleg áhrif eru ef til vill enn meiri en fólk gerir sér ljóst.

Lífmassi allra villtra spendýra heimsins er aðeins um þriðjungur af lífmassa allra svína í haldi manna.

Alifuglar þessa heims hafa svo rúmlega tvöfalt meiri lífmassa en allir villtir fuglar til samans. Allir fuglar samanlagt eru u.þ.b. 7 milljónir t/C, alifuglar, þá mest kjúklingar, eru 71% þess lífmassa og villtir fuglar 29%.

Villtum spendýrum hefur fækkað en heildarmagn lífmassa spendýra engu að síður aukist mikið. Á síðustu 100.000 árum, eftir því sem mannkyninu fjölgaði, hefur lífmassi villtra spendýra minnkað um 85%, segir Ritchie. Fækkun villtra spendýra sé ekki eina breytingin. Á sama tíma hefur mönnum og búfénaði fjölgað umtalsvert – úr milljónum í milljarða.

Athyglisvert sé að á meðan fjölbreytileiki spendýraríkisins hafi minnkað hefur heildarstærð þess vaxið mikið. Jarðspendýr vógu um 20 milljónir t/C fyrir 10.000 árum. Sú tala er nú í kringum níu sinnum hærri. Eftir því sem tíminn leið hafi maðurinn stækkað spendýraríkið næstum tífalt.

Manngerð efni meiri en allur lífmassinn

Samkvæmt rannsókn sem birt var í Nature árið 2020 vega manngerð efni, eða tæknimassi, meira en allur lifandi lífmassi á jörðinni, þar sem plastið eitt og sér er meira en massi allra land- og sjávardýra samanlagt.

Mennirnir deila lífheiminum með 6.495 öðrum spendýrategundum skv. PNAS. Dýr leggja mjög

> „Maðurinn hefur stækkað spendýraríkið næstum tífalt



mismunandi mikið til lífmassa heimsins. Sem dæmi má nefna að hvalir vega umtalsvert meira en nagdýr hvað varðar lífmassa, þó að tegundir og stofnar hvala séu færri. Sú staðreynd að hvalir eru svo miklu stærri en nagdýr þýðir að jafnvel smærri stofnar geta lagt mikilvægan hluta til heildarlífmassa.

Árið 2018 var skv. PNAS áætlað að heildarlífmassi á jörðinni væri um 550 milljarðar (5,5×1.011) t/C, að mestu í plöntum. Árið 1998 var áætluð árleg heildarframframleiðsla lífmassa rúmlega 100 milljarðar t/C. Heildarlífmassi baktería var einu sinni talinn vera um það bil sá sami og plantna, en nýlegar rannsóknir benda til að hann sé verulega minni.

Heildarfjöldi DNA-grunnpara á jörðinni, sem er möguleg nálgun á líffræðilegri fjölbreytni á heimsvísu, er áætlaður (5,3±3,6)×1037 og vegur 50 milljarða t/C.

Stærstan hluta lífmassa heimsins er að finna á landi, en aðeins 5 til 10 milljarðar t/C finnast í sjónum. Á landi er um 1.000 sinnum meiri lífmassi plantna en dýra. Um 18% af þessum lífmassa plantna eru étin af landdýrum.

Hins vegar éta sjávardýr mest af frumbjarga lífverum sjávar og lífmassi sjávardýra er meiri en lífmassi frumbjarga lífvera í sjó.

Dýr minna en 0,5% lífmassans

Tölum Our World in Data og PNAS um lífmassa landspendýra ber ekki saman en gefa þó sterka mynd af hlutföllum. Skv. PNAS eru dýr minna en 0,5% af heildarlífmassa á jörðinni, með um 2 milljarða t/C samtals. Mestan lífmassa dýra er að finna í sjónum, þar sem liðdýr, eins og krabbaflær, eru um 1 milljarður t/C og fiskar um 0,7 milljarðar t/C. Um helmingur lífmassa fiska í heiminum er djúpsjávarfiskur.

Sjávarspendýr, eins og hvalir og höfrungar, eru um það bil 0,006 milljarðar t/C. Landdýr eru um 500 milljónir t/C, eða um 20% af lífmassa dýra á jörðinni. Liðdýr á landi eru um 150 milljónir t/C, og finnast flest í jarðveginum. Landspendýr eru um 180 milljónir t/C, flest eru menn (um 80 milljónir t/C) og búfénaður (um 90 milljónir t/C). Villt landspendýr eru aðeins um 3 milljónir t/C, minna en 2% af heildarlífmassa spendýra á landi, skv. PNAS. */sá*



Vísindamenn hafa nýverið leitt í ljós að heildarlífmassi búfjár er orðinn um 630 milljónir tonna kolefnis. Það er 30 sinnum meira en lífmassi villtra landspendýra og 15 sinnum meira en villtra sjávarspendýra. *Myndir / Pixabay*



Vínbændur:

Óáfengt vín æ vinsælla

Óáfeng víngerð sækir í sig veðrið í Evrópu og eftirspurnin eykst.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins kynnti nýlega aðgerðir til að efla samkeppnishæfni víngeirans og fela þær m.a. í sér öfluga kynningu á áfengislausu víni.

Heilsufarsáhyggjur, varnaðarorð gegn ölvunarakstri og breyttar neysluvenjur hjá yngri kynslóðinni hafa valdið því að áfengisneysla á mann í Evrópu dróst saman um 20% á milli áranna 2000 og 2019, samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO). Framkvæmdastjórn ESB telur að efla þurfi samkeppnishæfni og seiglu víngeirans í ljósi breyttra neytendavenja, loftslagsbreytinga og óvissu á markaði.

Ýmsir vínframleiðendur innan Evrópu telja tímabært að snúa vörn í sókn gegn dvínandi eftirspurn og hafa því snúið sér að því að framleiða í auknum mæli áfengislaust vín og auka þannig nýsköpun og fjölbreytni á markaði.

Bragð og gæði að batna

Euronews fjallaði um þessa þróun fyrir skemmstu og nefndi sem dæmi að skammt frá borginni Charleroi í Belgíu hafi Associated Beverage Solutions (ABS) framleitt áfengislaust vín síðan 2018, með lofteimingu, ferli sem er sagt varðveita bragðefni og ilm betur en aðrar aðferðir. Þessi tækni felur í sér að hita vín í lofttæmi til að lækka suðuhita áfengis í 35 °C í stað um 90 °C. Það að fjarlægja alkóhól úr víninu breyti þó bragði þess þannig að öðrum hráefnum og ilmum sé bætt við á eftir.

„Bragð og gæði áfengislausra vína eru greinilega að batna," sagði Benoit Poisson, framleiðslustjóri hjá ABS, í samtali við Euronews.

Fyrirtækið framleiðir áfengislaus hvítvín og freyðivín í meira magni en rauðvín og rósavín. „Það er erfiðara að búa til rauðvín án áfengis vegna þess að bragðskynjun á því er þrungnari og erfiðara að ná jafnvægi þegar búið er að fjarlægja áfengið," útskýrði Poisson.

Framleiðsla fyrirtækisins á óáfengu víni jókst úr 1,2 milljónum lítra árið 2019 í 5,3 milljónir lítra árið 2024.

Norræn opnari fyrir nýungum

Vínbirgðir ABS koma aðallega frá Frakklandi, Spáni og Ítalíu. Meirihluti af áfengislausri vínframleiðslu þess er síðan seldur til skandinavískra landa, Hollands, Belgíu og Englands, landa sem eru opnari en önnur fyrir nýjungum hvað vín varðar, að sögn Francis Aguilar, framkvæmdastjóra ABS. */sá*

Vortilboð

Steinar úr graníti.
Grár, svartur eða paradiso.
Litir til sýnis á heimasíðu.
Uppsetning innifalin á höfuðborgarsvæði, Norðurlandi eða frí sending um allt land.
Geymum steina ef óskað er.

STEINSMIÐJA AKUREYRAR
steinsmidjaakureyrar.is

Tilboð 1 - 655.000

Án blómaramma 540.000



Tilboð 2
185.000

230.000
með lukt



Tilboð 3 - 585.000

Án blómaramma 485.000



Tilboð 4 - 465.000

Án blómaramma 365.000



Hægt að setja 2 nöfn

Minni steinar sem passa líka á duftleiði

Tilboð 5

Drangi
190.000

240.000
með lukt



Grár

Paradiso

Tilboð 6

Hjarta
199.000

249.000
með lukt



Svartur

TIlboð 7

Demantur
149.000

199.000
með lukt



Svartur



Paradiso



Blár



Grár

s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is steinsmidjaakureyrar.is
Verslun Njarðarnes 4, 603 Akureyri

Horfur afar góðar í íslensku landeldi

Þröstur Helgason
throstur@bondi.is



Ef áætlanir ganga eftir hjá íslenskum fyrirtækjum í landeldi er ekki ósennilegt að ársframleiðsla eftir 10 til 15 ár verði um 150 til 200 þúsund tonn af laxi, að sögn Bjarka Más Jóhannssonar, formanns búgreinadeildar fiskeldisbænda. Heildar útflutningsverðmæti framleiðslunnar gætu numið allt að 150 til 220 milljörðum króna árlega.



Bjarki Már Jóhannsson

Á síðustu árum hefur átt sér stað talsverð uppbygging á landeldisstöðvum hér á landi en í þeim er fiskur alinn upp í sláturstærð. Nú þegar hafa þrjú fyrirtæki hafið framleiðslu, að sögn Bjarka Más: „Samherji Fiskeldi hefur framleitt lax í Silfurstjörnunni á Núpsmýri í fjölda ára. First Water í Þorlákshöfn eru komnir í framleiðslu og slátra reglulega í sinni starfsstöð. Einnig er lax kominn í áframeldi hjá Laxey og gert er ráð fyrir að þeim laxi verði slátrað í haust. Seiðaeldi GeoSalmo hefur rekstur í sumar á Laugum í Landsveit.“

Nokkur önnur íslensk fyrirtæki eru komin vel af stað með hönnun og undirbúning sinna stöðva og gætu öll verið komin í framleiðslu innan tíu ára, bætir Bjarki Már við. „GeoSalmo og Thor fiskeldi, sem eru staðsett í Þorlákshöfn, verða vafalaust komin í framleiðslu þá. Einnig voru kynnt áform nýlega um væntanlegt eldi í Hvalfirði og telja má líklegt að þar verði einnig komin af stað framleiðsla innan þess tíma.“

Geti orðið í forystu á heimsvísu

Í skýrslu sem unnin var á vegum matvælaráðuneytisins árið 2023 um stöðu og framtíð lagareldis á Íslandi segir að „á Íslandi sé að finna tækifæri til að nýta þá náttúrulegu kosti sem landið hefur upp á að bjóða til að styðja við sjálfbæran vöxt í landeldi og að margt bendi til þess að íslenskt landeldi geti orðið í forystu á heimsvísu“. Þeir náttúrulegu kostir sem átt er við eru hlýr og hreinn sjór og endurnýjanleg orka á viðráðanlegu verði.

Í skýrslunni kemur einnig fram að ekki verði hægt að anna vaxandi eftirspurn eftir laxi með sjókvíaeldi og það sé meginástæða þess að áhugi og fjárfesting í landeldi hafi aukist á allra síðustu árum.



Mynd / Samherji

5–7% árleg aukning

Eftirspurn eftir laxi á heimsmarkaði hefur farið vaxandi, en hverjar eru horfur næstu tíu árin?

„Spár gera ráð fyrir um 5–7% árlegri aukningu á neyslu eldislax,“ segir Bjarki Már. „Ástæðurnar eru þær að fólk sækir sífellt meir í hollar og góðar fiskafurðir sem framleiddar eru á sjálfbæran og umhverfisvænan máta. Vöxtur í laxeldi í hefðbundnu sjókvíaeldi hefur verið lítill síðastliðin ár á heimsvísu og eftirspurn eftir vörunni hefur haldið áfram að aukast. Nýjar aðferðir við framleiðslu á laxi hafa verið í mikilli þróun síðastliðin ár og þær aðferðir sem íslensku fyrirtækin nýta sér, sökum einstakra aðstæðna á Íslandi þegar kemur að aðgengi að hreinum jarðsjó, landnæði og grænni orku, gera okkur kleift að framleiða umhverfisvæna fyrsta flokks vöru sem uppfyllir kröfur ströngustu kaupenda.“

Sleppur við sníkjudýraálag

Hefur sá vandi sem sjókvíaeldið hefur átt við að stríða og tengist einkum sýktum laxi haft áhrif á eftirspurn almennt?

„Eftirspurn eftir eldislaxi heldur áfram að aukast á heimsvísu,“ segir Bjarki Már. „Neytendur eru alltaf að verða meira upplýstir og margir hverjir eru kröfuharðari varðandi uppruna og framleiðsluaðferðir þeirra vara sem þeir kaupa. Þetta hefur vissulega leitt af sér aukinn áhuga á landeldislaxi. Landeldislax er framleiddur í lokuðum kerfum í mjög stýrðum aðstæðum. Fiskurinn sleppur við sníkjudýraálag og önnur vandamál sem herja á laxinn í hefðbundnu sjókvíaeldi.“

Krefst mikils stofnfjármagns

Hverjar eru helstu áskoranirnar við að koma þessari starfsemi á laggirnar?

„Landeldi á laxi er atvinnugrein sem krefst bæði mikils stofnfjármagns sem og langtíma fjárfestinga. Leyfisferlið á Íslandi er umfangsmikið

Mislangt komin en fjármögnun gengið vel

Í viðtölum við forsvarsmenn þeirra þriggja landeldisfyrirtækja sem þegar hafa hafið framleiðslu kemur fram að þau eru mislangt komin í uppbyggingu starfseminnar. Fjármögnun hefur gengið vel þótt þar séu vissulega áskoranir fyrir hendi. Þessi fyrirtæki eru að mestu leyti í eigu innlendra fjárfesta, þau eru komin stutt á veg með framleiðsluna en stefna á að hún aukist mikið á næstu 5 til 10 árum.



Jón Kjartan Jónsson.



Eggert Þór Kristófersson.



Lárus Ásgeirsson.

Samherji fiskeldi lokið fjármögnun

Samherji fiskeldi ehf., dótturfélag Samherja hf., sendi nýlega frá sér fréttatilkynningu um að hafa lokið fjármögnun fyrsta áfanga Eldisgarðs, nýrrar landeldisstöðvar við Reykjanesvirkjun, með útgáfu nýs hlutafjár og sambankaláni. „Fjármögnun fyrsta áfanga nemur 235 milljónum evra, jafnvirði 34 milljarða króna. Eitt hundrað ný störf verða til í stöðinni og annar eins fjöldi afleiddra starfa,“ segir í tilkynningunni.

Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja og stjórnarformaður Samherja fiskeldis, segir í tilkynningunni að eldisgarður byggi á reynslu fyrirtækisins af landeldi í Öxarfirði. „Frá árinu 2023 höfum við fjárfest í stöðinni í Öxarfirði fyrir rúmlega fjóra milljarða króna. Sú fjárfesting fólst í stækkun og innleiðingu á nýrri tækni sem verður notuð í Eldisgarði. Árangurinn af þessum breytingum hefur ekki látið á sér standa og styrkir væntingar okkar um rekstur nýju landeldisstöðvarinnar. Öflugt teymi hefur í langan tíma unnið að undirbúningi þessa stóra og fjárfreka verkefnis og lagt grunninn að uppbyggingu landeldis í fremstu röð á heimsvísu. Ég er afskaplega stoltur af starfsfólki Samherja á þessum tímamótum og við teljum okkur vel í stakk búin að takast á við margfalt stærra landeldi,“ segir Þorsteinn Már.

Fjármögnun fyrsta áfanga Eldisgarðs er tvíþætt. Hún felst annars vegar í útgáfu nýs hlutafjár í Samherja fiskeldi ehf. upp á 125 milljónir evra og hins vegar sambankaláni upp á 110 milljónir evra. Samherji hf., sem er í dag eigandi 99% hlutafjár í Samherja fiskeldi, mun leggja til um helming hlutafjáraukningarinnar á móti fjárfestingu frá hópi fjárfesta. Þar er um að ræða AF3 slhf. (framtakssjóð í rekstri Alfa Framtaks ehf.), CCap (hollenskt fjárfestingarfélag í fjölskyldueigu) og Snæból ehf. (íslenskt fjárfestingarfélag í fjölskyldueigu). Sambankalán upp á 110 milljónir evra er leitt af Íslandsbanka með þátttöku Landsbankans, Nordea og Eksfin – Eksportfinansiering i Noregi.

Í tilkynningunni segir að Samherji fiskeldi ehf. hafi stundað landeldi á bleikju og laxi í tvo áratugi. Fyrirtækið sé í dag stærsti bleikjuframleiðandi í heimi með um 30% markaðshlutdeild í bleikju. Frá árinu 2002 hafi Samherji fiskeldi framleitt meira en 60.000 slægð tonn af laxi og bleikju. Á síðustu árum hafi verið ráðist í umfangsmikla stækkun á núverandi landeldisstöðvum félagsins og hafi þær í dag árlega framleiðslugetu upp á 6.000 slægð tonn.

Útflutningsverðmæti á þessu ári eru, að sögn Jóns Kjartans Jónssonar, framkvæmdastjóra fiskeldis Samherja, um 6,5 milljarðar króna. Hann segir tolla í Ameríku vera þeirra stærsta áskorun sem stendur. „Burt séð frá því hafa markaðir verið ágætir undanfarið og vel gengið að selja. Birgðir okkar í bleikju hafa til að mynda aldrei verið minni.“

Jón Kjartan segir að heilbrigði fisksins hjá þeim sé með allra besta móti. „Þar sem er verið að ala dýr í miklu magni koma alltaf upp sjúkdómar öðru hverju. Ef einhver óværa kemur upp eru það yfirleitt minni háttar kvillar í mjög afmörkuðum hluta lífmassans.“

First Water að byggja fyrsta áfanga

Eggert Þór Kristófersson, framkvæmdastjóri First Water, segir að fyrirtækið sé að byggja fyrsta áfanga af sex og stefnt sé að því að klára hann fyrir sumarið 2026. Hann skili framleiðslu á 8.500 tonnum af 5 kg slægðum laxi á ári. Um 3.000 tonn verða framleidd á þessu ári en þegar allir sex áfangarnir eru tilbúnir árið 2030 eða 2031 mun fyrirtækið framleiða 50.000 tonn á ári.

Fyrsti áfanginn er fullfjármagnaður og hefur fjármögnun gengið vel þó að áskoranir séu vissulega til staðar, að sögn Eggerts Þórs:

„Þetta er ný atvinnugrein sem þarf að kynna vel og sannfæra fjárfesta um en einnig eru markaðsaðstæður erfiðar, háir vextir og tollastríð, sem hefur áhrif á sjálfstraust fjárfesta sem er lítið þessa dagana.“

Sem stendur eru íslenskir fjárfestar og íslenskir bankar 99% þeirra sem hafa fjárfest í fyrirtækinu.

Áætlað útflutningsverðmæti framleiðslunnar á þessu ári fer vitanlega eftir verði á laxi en hver áfangi skilar útflutningsverðmæti upp á 70 milljónir evra, eða 11 milljarða íslenskra króna.

Eggert Þór segir að tollastríð hafi áhrif á markaði. „En Noregur er stærsti framleiðandi af eldislaxi og markaðsverð sveiflast mikið eftir því hvernig tekst til hjá Norðmönnum. Eftirspurn eftir laxi er að vaxa um 3–5% á ári sem er mjög jákvætt og þetta er markaður sem er um 3.4 milljónir tonna á þessu ári.“

Eru sjúkdómar að hrjá fiskinn?

„Í tæplega 3 ár sem við höfum verið að ala upp lax hafa engir sjúkdómar komið upp sem hafa haft áhrif á laxinn hjá First Water og erum við búin að slátra yfir 2.000 tonnum af hágæða laxi með undir 3% afföllum (*mortality*) og yfir 94% hefur verið í efsta gæðaflokki (*superior*).“

Laxey með fullklárða seiðaeldisstöð

Laxey í Vestmannaeyjum eru með fullklárða seiðaeldisstöð sem er komin í fullan rekstur og framleiðir 4,6 milljón seiða á ári. Í fyrsta áfanga áframeldis er búið að reisa átta 5.000 rúmmetra fiskeldisker. Fjögur þeirra eru komin í notkun en næstu fjögur fara í notkun í júlí. Einnig er búið að byggja helstu þjónustubyggingar eins og rafmagns-, fóður- og stjórnstöð, vatnsinntakshús, vinnsluaðstöðu og stórseiðahús sem hefur 6.900 rúmmetra fiskeldisker innadyra.

Lárus Ásgeirsson, stjórnarformaður Laxeyjar, segir að þegar séu komnir fimm skammtar af seiðum og sex væntanlegir. „Tveir af þeim eru komnir í áframeldið. Undirbúningur fyrir annan áfanga í áframeldinu er hafinn þar sem byggð verða í sumar átta 5.000 rúmmetra fiskeldisker til viðbótar ásamt þjónustuhúsi.“

Lárus segir að starfsemin sé fullfjármögnuð, sem og næsti áfangi í uppbyggingunni.

„Í byrjun maí lauk félagið við hlutafjáraukningu upp á fimm milljarða króna, eða um 35 milljónir evra, til að fjármagna annan áfanga í áframeldinu. Samhliða þeirri fjármögnun hefur LAXEY gert langtímasamkomulag við Arion banka sem felur í sér bæði endurfjármögnun og stækkun lánalína vegna fyrsta áfanga, auk nýrrar lánsfjármögnunar til að styðja við annan áfanga verkefnisins.

Heildarfjármögnun sem tryggð hefur verið með þessari blöndu hlutafjár og lánsfjár nemur alls nítján milljörðum króna (um 130 milljónum evra) og endurspeglar sterkt traust fagfjárfesta á framtíðarsýn félagsins. LAXEY hefur frá stofnun safnað yfir sautján milljörðum króna í hlutafé.

Hlutafjáraukningin vegna annars áfanga var studd af núverandi hluthöfum, en einnig bættust við öflugir nýir fjárfestar. Hluthafahópur félagsins er fjölbreyttur og reyndur, bæði innlendir og erlendir fjárfestar taka þátt, en fjölskylda Sigurjóns Óskarssonar í Vestmannaeyjum er áfram leiðandi fjárfestir í félaginu.“

Hvernig hefur fjármögnun gengið?

„Fjármögnunin hefur gengið mjög vel og sérstaklega eftir því sem líður á þróun fyrirtækisins. Eftir því sem við höfum náð fleiri áföngum á réttum tíma hefur trú og traust fjárfesta á verkefninu aukist til muna. Þetta hefur gert okkur kleift að tryggja fjármagn á hagstæðum kjörum og með fjölbreyttum hópi fjárfesta, sem endurspeglar vaxandi styrk og trúverðugleika félagsins.“

Hverjar eru helstu áskoranir í fjármögnun starfseminnar?

„Í upphafi fólust helstu áskoranirnar í því að sannfæra fjárfesta um möguleika verkefnisins og framtíðarsýn þess. Sem nýtt félag með metnaðarfulla

og hafa sum fyrirtækjanna lent í því að afgreiðslutími stofnana hefur dregist mikið. Það er þó að vissu leyti skiljanlegt í ljósi þess að verkefnin sem um ræðir eru á óþekktum skala í íslensku umhverfi og mikilvægt að vanda vel til verka. Mikil tækniþróun hefur orðið á síðastliðnum árum og mikil sérhæfð þekking hefur orðið til hérlendis í greininni. Þrátt fyrir það er ljóst að með þeim fjölda verkefna sem eru í uppbyggingu verður mikil þörf fyrir hæft starfsfólk í framtíðinni og ljóst er að mikil tækifæri eru fyrir fólk sem hefur áhuga á að starfa í landeldisgreininni.“

Áskoranir í viðskiptaumhverfinu

Hefur reynst erfitt að sannfæra fjárfesta um að leggja pening í atvinnugreinina?

„Áhugi fjárfesta á greininni hefur farið ört vaxandi á síðastliðnum árum. Fjárfestingar á Íslandi hafa verið umfangsmiklar og fréttir síðastliðnar vikur sýna fram á áhuga bæði innlendra og erlendra aðila á að taka þátt í þessum verkefnum. Staðreyndin er sú að verkefnin eru stór og fjárfesta þarf til lengri tíma. Óvissuástand í heimsmálum hefur vissulega sett sinn svip á samtöl við fjárfesta en þrátt fyrir það gengur vel hjá fyrirtækjunum að sækja það fé sem til þarf og augljóst að verkefnin eru eftirsóknarverður fjárfestingarkostur.“

Hefur ástand í heimsviðskiptum áhrif, t.d. tollastríð?

„Alþjóðleg efnahagsóvissa hefur vissulega áhrif á alla útflutningsstarfsemi, en Íslendingar hafa þó sterka stöðu miðað við samkeppnisþjóðir þegar kemur að laxi. Ísland hefur greiðan aðgang að Evrópumörkuðum. Einnig eru mikil tækifæri á mörkuðum í Ameríku þar sem neysla á laxi hefur aukist verulega með aukinni heilsuvitund neytenda. Asíumarkaðurinn heldur áfram að stækka og mikil eftirspurn er eftir hágæða laxi. Kostir landeldis þegar kemur að markaðssetningu laxins eru, ásamt mörgum öðrum atriðum, hið stöðuga framboð sem stöðvarnar bjóða upp á. Mögulegt verður að slátra fiski daglega svo framboðið helst stöðugt til neytenda.“

Orkuþörf mikil

Orkuþörf landeldis er mikil og í því felst ákveðin áskorun.

„Það er rétt að landeldi á laxi krefst talsvert mikils af raforku fyrir reksturinn,“ segir Bjarki Már. „Flest fyrirtækin hafa þegar tryggt orku fyrir fyrstu fasa verkefnanna. Landeldisfyrirtækin eru stöðugir og fyrirsjáanlegir notendur á orku sem nýta orkuna á hagkvæman hátt.“

Er til nóg af orku fyrir alla þá uppbyggingu sem fyrirhuguð er á næstu árum?

„Það er mikilvægt að horfast í augu við það að raforkumál eru áskorun á Íslandi í dag, sérstaklega þegar rætt er um stór verkefni líkt og hér um ræðir. Hins vegar býr Ísland yfir miklum endurnýtanlegum orkukostum sem við verðum að nýta með ábyrgum hætti. Einnig er vel þess virði að fara í skoðun á verðmætasköpun hverrar kílóvattstundar sem seld er í annars konar framleiðslu á Íslandi, bæði með tilliti til útflutningsverðmæta sem og starfa sem orkunýtingin skapar. Til að tryggja framtíð landeldis er augljóst að setja þarf þessi mál í forgang til að tryggja orkuöryggi fyrir atvinnulífið.“

Horfur afar góðar

Niðurstaðan í fyrrnefndri skýrslu matvælaráðuneytisins er sú að þrátt fyrir að atvinnugreinin sé á mótunarstigi bendi margt til þess að landeldi hafi ýmsa kosti fram yfir sjókvíaeldi, t.d. bætta heilsu fiska, hraðari vöxt og möguleika á hærra afurðaverði á grundvelli sjálfbærari afurðar. Bjarki Már segir að horfur séu afar góðar í þessari atvinnugrein hér á landi:

„Ísland hefur einstakt forskot með hreinum vatnsauðlindum landsins, raforkuframboði og greiðum aðgangi að helstu mörkuðum með skipaflutningum. Ef haldið er rétt á spöðunum getum við orðið leiðandi í framleiðslu á hágæða landeldislaxi í heiminum. Þetta er tækifæri sem við eigum að nýta okkur, fyrir atvinnusköpun, verðmætasköpun og til að styrkja ímynd Íslands enn frekar sem leiðandi framleiðanda hreinna og sjálfbærra matvæla.

áætlun var mikilvægt að skapa traust og sýna fram á framkvæmanleika hugmyndarinnar. Það krafðist mikillar vinnu í að kynna verkefnið og rökstyðja áætlanir, sérstaklega þar sem um nýja nálgun í landeldi var að ræða.

Eftir því sem Laxey hefur náð lykiláföngum samkvæmt áætlun, hefur traust fjárfesta aukist og áskoranirnar í fjármögnun minnkað verulega. Þetta hefur gert félaginu kleift að tryggja fjármagn frá sterkum aðilum og á hagstæðari kjörum.“

Hvert er hlutfall innlendra og erlendra fjárfesta hjá ykkur?

„Um það bil 20% eru í eigu erlendra aðila. Allir erlendu aðilarnir hafa mikla reynslu í fiskeldi eða eru hluti af virðiskeðju laxeldis og eru fjölskyldufyrirtæki.“

Hversu mikið verður framleitt á árinu?

„Við gerum ráð fyrir að fyrsta slátrun fari fram í nóvember á þessu ári og nemi um 900 (LWE) tonnum. Þetta markar mikilvægan áfanga í starfsemi félagsins, þar sem þessi seiðahópur kom í nóvember 2023 og er sá fyrsti sem hefur farið í gengum allt eldisferlið, frá hrogni til slátrunar.“

Hvað sjáið þið fyrir ykkur að framleiðslan aukist mikið á næstu árum?

„Á næsta ári gerum við ráð fyrir 5.100 (LWE) tonnum sem mun svo aukast jafnt með tilkomu fleiri framleiðslueininga. Stefnt er að því að ná fullum afköstum, eða 42.000 (LWE) tonnum á ári, árið 2032.

Hvert er áætlað útflutningsverðmæti framleiðslunnar á þessu ári?

„Á þessu ári gerum við ráð fyrir að verðmætin séu um 800 milljónir.“

Hverjar eru helstu áskoranir og tækifæri á markaði?

„Markaðsaðstæður hafa að mestu verið jákvæðar, þó með tímabundnum sveiflum. Verð hefur sveiflast að einhverju leyti, m.a. vegna ytri þátta eins og tolladeilna Bandaríkjanna, en nú virðist vera kominn ákveðinn stöðugleiki og verð að færast í eðlilegt horf. Þrátt fyrir slíkar sveiflur er eftirspurnin eftir laxi áfram mikil. Lax er alþjóðleg og eftirsótt afurð sem nýtur sívaxandi vinsælda á öllum tímum dags, hvort sem er til morgunverðar, hádegis- eða kvöldmáltíða. Lax hefur náð að festa sig í sessi sem heilbrigt og fjölhæft próteinval. Helstu tækifæri felast í aukinni eftirspurn á helstu mörkuðum, sérstaklega í Norður-Ameríku og Asíu, sem og í vaxandi áherslu á sjálfbæra matvælaframleiðslu. Áskoranir felast helst í sveiflum á markaði, verðbreytingum á fóðri og öðrum aðföngum og flutningskostnaði.“

Eru sjúkdómar að hrjá fiskinn?

„Nei, við höfum ekki glímt við sjúkdóma í starfseminni. Við búum við og höfum hannað einstakt lokað og öruggt kerfi með mjög háu líföryggi sem lágmarkar líkur á smiti. Við erum einir á eyjunni. Seiðastöðin okkar er RAS-stöð (Recirculating Aquaculture System) þar sem við hreinsum allt vatn áður en það kemst í snertingu við seiðin og náum að stjórna helstu breytum í umhverfi seiðanna, sem tryggir öruggt og stöðugt umhverfi fyrir seiðin.

Í áframeldi eru öll fiskeldisker yfirbyggð og notum við sjó sem kemur úr borholum við Vestmannaeyjar. Þetta vatn hefur ekki verið í snertingu við aðrar sjávarlífverur og er náttúrulega síað í gegnum hraunlög, sem gerir það einstaklega hreint og öruggt til fiskeldis. Þetta skapar kjöraðstæður fyrir heilbrigðan vöxt og dregur úr líkum á sjúkdómum eða sýkingum.

Öll hönnun og starfsemi Laxeyjar miðar að því að tryggja hátt öryggisstig, með það að markmiði að vernda líföryggi og lágmarka líkur á smiti.“







Nýsköpun:

Hugað að snjallari framtíðarmatvælum

– Forsvarsmenn Loka Foods þróa plöntumiðað skaðlaust fæði

Loki Foods framleiðir vörur sem líkjast kjöti og fiski úr grænmetisafurðum. Fyrirtækið hefur undanfarið tekið þátt í Hringiðu-viðskiptahraðli.

Forsvarsmenn Loka Foods segja áherslu lagða á hrein hráefni, endurnýjanlega orku og næringu, til að þróa bragðgóð plöntumiðuð matvæli. Með sjálfbærni að leiðarljósi bjóði Loki upp á nýja valkosti fyrir neytendur og stuðli að þróun framtíðarinnar í matvælaframleiðslu.

Stofnendur fyrirtækisins eru faraldsfræði- og lýðheilsufræðingurinn Christopher McClure og Björn V. Aðalbjörnsson, dósent við matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands.

Christopher hefur lýst framtíð matvæla þannig að fólk muni áfram vilja sjávarfang, naut, kjúkling og mjólkurvörur en uppruni þessara matvæla verði að breytast því auðlindirnar sem fari í framleiðslu þeirra nú á dögum séu ekki sjálfbærar. Framtíð matvæla megi gróflega skipta í tvo til þrjá flokka, það er að segja plöntumiðaðan mat, gerjun og svo það sem ræktað er. Auðveldast sé að búa til eftirlíkingar úr plöntupróteini. Með því að framleiða slík matvæli megi minnka álag á vistkerfin, hvort heldur er á sjó eða landi.



Loki Foods framleiðir plöntumiðuð matvæli og ætla forsvarsmenn fyrirtækisins sér stóra hluti. *Myndir / Loki Foods*

Snjallari framtíðarmatvæli

Samuel Perella, frumkvöðull og markaðssérfræðingur, er einn forsvarsmanna Loka. Hann segir fyrirtækið ætla sér að gjörbylta því hvernig fólk borðar: „Að gera hollan, ljúffengan jurtamat ekki aðeins valkost, heldur augljóst val," segir hann. Loki eigi rætur að rekja til djarfrar hugmyndar frumkvöðla fyrirtækisins um vinnslu plöntumiðaðra matvæla árið 2023 og sl. tvö ár hafi verið unnið að „snjallari" framtíðarmatvælum þar sem blandað sé saman nýsköpun og tilgangi í hverju skrefi. Og enn sé aðeins verið að hita upp.

„Matur ætti ekki að vera ruglingslegur, ekki einkaréttur eins né neins, né heldur skaða heilsu þína. Markmið okkar er að ryðja burt hvers



Christopher McClure.



Samuel Perella.

kyns ágiskunum – og sektarkennd – úr því að borða vel. Við erum að skora lélega næringu á hólm og bjóða í staðinn eftirsóknarverð matvæli sem eru hollari fyrir líkamann, peningaveskið og plánetuna. Í heimi fullum af röngum upplýsingum og dýrkeyptri vellíðan er okkur full alvara með að jafna aðstöðumun fólks með mat sem er alvöru eldsneyti fyrir alla," segir Samuel.

Fyrirtækið hefur, að hans sögn, þegar markaðssett fjölbreytt úrval af plöntumiðuðum matvælum sem standist ekki einungis væntingar heldur gott betur. „Samstarf okkar við helstu söluaðila, eins og Hagkaup og Bónus, þýðir að við hittum þig þar sem þú verslar," útskýrir hann.

Heiminn hungri í breytingar

Spáð er að alþjóðlegur plöntumiðaður próteinmarkaður muni ná 77,6 milljörðum dollara í ár, knúinn áfram af aukinni eftirspurn neytenda eftir sjálfbærum og hollum matvælum. Loki hefur fengið mikla athygli frá upphafi og var fyrirtækið til dæmis valið besti nýliðinn 2024 hjá Nordic Startup Awards. Samuel segir þó að vissulega sé gott brautargengi ekki án allra hnökra.

„Að hreyfa við rótgrónu matvælakerfi og halda verðinu niðri á meðan gæðunum er viðhaldið – það er okkar Everest," segir hann. Það sem hafi gengið best sé ástríðan fyrir verkefninu, fólkið sem að því vinnur og síðast en ekki síst tilgangurinn. Skriðþunginn sé þeirra megin, allt frá fjölbreyttri teymisvinnunni til gleðinnar yfir verkefninu sem slíku.

„Markmið okkar er í raun fagurlega einfalt: að gera hollan mat á viðráðanlegu verði að auðveldu, spennandi vali fyrir alla. Við erum ekki bara að setja á markað vörumerki heldur erum við að byggja upp hreyfingu. Eftir því sem við stækkum þá skerpist einbeitingin. Það sem byrjaði sem vöruþróun er nú algjör lífsstílsbreyting og heiminn hungrar í breytingar. Við tökum fagnandi á móti fleiri samstarfsaðilum, stækkum fyrirtækið eftir atvikum og látum hærra í okkur heyra," segir hann jafnframt. Lokamarkmið eða endahnútur Loka sé þó hvergi í augsýn. „Þó að vegvísir okkar nái til ársins 2026 og fjárhagssýnin lengra en til ársins 2027, er hið raunverulega markmið mun stærra. Við viljum vera hér til langs tíma, halda áfram að þróast, vinna sleitulaust að nýsköpun og þjóna samfélögum með mat sem nærir bæði líkama og sál. Loki er ekki bara fyrirtæki heldur er það líka skuldbinding um varanlegar og bragðgóðar breytingar," segir Samuel enn fremur.

Fjölbreytt frystivara

Fyrir tveimur árum setti Loki á oddinn að markaðssetja plöntumiðaðar fisk-líkar afurðir og fékk 85 m.kr. fjárfestingarstyrk frá ýmsum aðilum, m.a. íslenska sjóðnum MGMT Ventures, VegInvest og Sustainable Food Ventures. Var um að ræða fiskisteik, að stofni til úr plöntum, sem líkist þorski og er með svipað næringarinnihald, bragð og áferð og fiskurinn.

Á vefsíðu Loka má sjá hvaða plöntumiðuðu fisk-líku matvæli fyrirtækið hefur þegar á boðstólum, þ.á m. krókettur, buff, fiskisteik, plokk (fisk) og bollur. Allt er þetta frystivara, m.a. unnin úr kartöflum og baunapróteinum. Á næsta ári er ætlunin að setja á markað t.d. nagga, svokallað kafta, fiskspjót, pylsur og hamborgara auk ýmissa sósa, m.a. úr tómötum og plönturótum.

Loki Foods er í Samtökum smáframleiðenda matvæla.

Hringiða er viðskiptahraðall fyrir grænar lausnir. Horft er til nýsköpunarverkefna sem með einum eða öðrum hætti stuðla að sjálfbærni og betri nýtingu, huga að umhverfis- og/eða loftslagsmálum eða hafa hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins að leiðarljósi. Hlutverk Hringiðu+ er að styðja við þróun öflugra fyrirtækja sem skapa verðmæt störf og skila árangri í umhverfis- og loftslagsmálum. Í ár voru sjö teymi valin til þátttöku í Hringiðu+ og er Loki Foods eitt þeirra. */sá*

Staurahamar
vökvadrifinn
Auðveldur í notkun og léttir vinnuna við að reka niður girðingastaura
Wendel

Tangarhöfði 1 / 551-5464 / wendel.is / wendel@wendel.is



Á Hellu, þar sem höfuðstöðvar Rangárþings ytra eru. Mynd / Freysteinn G. Jónsson

Rangárvallasýsla:

Sveitarfélagsmörk færð til

Rangárþing ytra og Rangárþing eystra hafa lagt til breytingar á sveitarfélagsmörkum þannig að landareignir verði innan marka síns sveitarfélags.

Breytingin nær frá jörðinni Uxahrygg í austri að Eystri-Rangá í vestri.

Markmiðið er að samræma útmörk áðurnefndra sveitarfélaga og aðlaða þau að samþykktum landamerkjum lóða sem þvera mörkin. Lóðarmörk einstakra svæða breytast ekki.

Breytingin tekur eingöngu til uppdráttar en engin breyting er gerð á greinargerð. Sveitarfélagsmörk hafa ekki eignarréttarlegt gildi, en eðlilegt þykir að þau taki mið af samþykktum landamerkjum. Breytingunum fylgja engin umhverfisáhrif þar sem landnotkun mun haldast sú sama. Opið er fyrir athugasemdir um málið í skipulagsgátt til 9. júní. */ál*



Skapandi sjálfbærni á Hallormsstað

UMSÓKNARFRESTUR TIL 5. JÚNÍ

Kynntu þér námið hér:

ÞÚ ÁTT STEFNUMÓT VIÐ FRAMTÍÐINA Á HI.IS

Áburður:

Unnt að draga úr lykt af kúamykjuáburði

– Venjuleg sótthreinsiefni úr búð gagnleg

Unnt er að blanda kúamykju með hreinsiefnum og nýta sem áburð. Lyktin er minni, áburðargildi eykst en lítil bætandi áhrif eru á næringarinnihald uppskeru og næringarefnainnihald jarðvegs.



Friederike Dima Danneil.

Friederike Dima Danneil, lektor hjá Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ), hefur rannsakað hvernig nýta megi kúamykju, blandaða með sótthreinsandi og lyktareyðandi íblöndunarefnum, sem áburð.

Markmið verkefnisins var að kanna áburðaráhrif kúamykju, eftir að hún var meðhöndluð með mismunandi sótthreinsiefnum sem almennt eru notuð til að hreinsa áburðargeymslur.

„Í tilrauninni var kúamykju frá Hvanneyrarbúinu blandað saman við mismunandi sótthreinsandi hreinsiefni sem notuð eru í landbúnaði til að hreinsa áburðargeymslur. Þessar mismunandi blöndur voru settar á grasvöll á Hvanneyri, einnig ómeðhöndluð kúamykja og steinefnaáburður sem viðmiðunarefni. Grasvöxtur, uppskeruútkoma og jarðvegsgæði voru metin í þessari tilraun," útskýrir Friederike.

Í ljós kom að sótthreinsiefnin sem prófuð voru virka efnafræðilega öðruvísi í mykjunni en niðurstaðan sú að lykt af mykjunni minnkar. Þetta þýðir að rokgjörn efnasambönd, sem oft innihalda köfnunarefni sem stuðlar mjög að áburðargildi áburðar, haldast í áburðinum og glatast ekki í loftinu.

Eykur áburðargildi kúamykju

Friederike segir að hvað varði umhverfis- og hagkvæmnisþætti sé mikilvægt að nýta þær auðlindir sem til eru: „Kúamykja ætti ekki að teljast úrgangur á búi heldur náttúruauðlind sem stuðlar að heilbrigði jarðvegs. Næringarefnin í kúamykju geta hjálpað til við að draga úr þörf fyrir steinefnaáburð, en áburðargildi kúamykju minnkar með lengri geymslutíma og notkunaraðferð. Köfnunarefnissambönd hafa tilhneigingu til að gufa upp úr kúamykju, þannig að halda þeim innan mykju getur aukið áburðargildi hennar. Og fyrir tilviljun stuðlar þetta líka að minnkun gróðurhúsalofttegunda," segir hún jafnframt.

Hvað niðurstöðurnar varðar kveður Friederike engan tölfræðilegan mun hafa verið á þurrefnisuppskeru grassins sem var tekið úr mismunandi mykjumeðferðum. „Við fundum nokkurn tölfræðilegan mun á tilteknum næringarefnum innan uppskerunnar, allt eftir mykjumeðferðinni. Enginn tölfræðilega marktækur munur var á þeim næringarefnum sem eftir voru í jarðvegi eftir uppskeru, á milli steinefnaáburðar og meðhöndlaðrar kúamykju. Þróunin var hins vegar sú að mismunandi kúamykjublöndur skildu eftir sig meiri næringarefni í jarðveginum."



Lítil bætandi áhrif

Lokaniðurstaða rannsóknarinnar var samantekið sú að íblöndun hefðbundinna sótthreinsiefna, fáanleg í verslunum, sem notuð eru til að hreinsa áburðargeymslur, hafi lítil bætandi áhrif á næringarinnihald uppskeru og næringarefnainnihald jarðvegs eftir uppskeru, samanborið við steinefnaáburð.

Munurinn á mismunandi meðferðum var hverfandi, að sögn Friederike

Verkefnið var styrkt af Þróunarsjóði nautgriparæktar árið 2022 og var því formlega unnið í aðeins eitt ár. Hins vegar endurtók Friederike uppsetninguna árið 2023 á öðru sviði. Ítarleg skýrsla um bæði árin var gefin út af LbhÍ (Rit LbhÍ 170). */sá*





Lokaniðurstaða rannsóknarinnar var samantekið sú að íblöndun hefðbundinna sótthreinsiefna minnki lykt en hafi lítil bætandi áhrif á næringarinnihald uppskeru og næringarefnainnihald jarðvegs eftir uppskeru. *Myndir / Aðsendar*

LBHÍ

HÁSKÓLI NÁTTÚRUVÍSINDA

EKKI SÆKJA UM
EF ÞÉR ER SAMA UM NÁTTÚRUNA

UMSÓKNARFRESTUR TIL 5. JÚNÍ — Náttúru- & umhverfisfræði · Landslagsarkitektúr · Búvísindi · Skógfræði · Hestafræði

Ný byggingarefni í þróun úr þarahrati

Nýsköpunarverkefnið Þarahrat gengur út á að endurvinna lífrænan úrgang frá smáþörungaframleiðslu til þróunar og framleiðslu á efni sem getur haft fjölbreytta notkunarmöguleika, til að mynda í byggingariðnaði.

Verkefnið var tilefnt til Nýsköpunarverðlauna forseta Íslands á þessu ári, en það hefur verið í þróun frá sumri 2023 eftir að hafa fengið styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna þar sem markmiðið var að skapa ný verðmæti úr úrgangi.

Sólrún Arnarsdóttir og Ísafold Kristín Halldórsdóttir eru frumkvöðlarnir sem standa að Þarahrati og segir Sólrún að með því að nýta þessar úrgangsauðlindir í stað mengandi hráefna loki verkefnið hringrás staðbundins iðnaðar og skapi verðmæti. Þessi nýju efni séu vistvæn og framleiðsla þeirra með lítið kolefnisspor.



Sólrún Arnarsdóttir og Ísafold Kristín Halldórsdóttir eru frumkvöðlarnir sem standa að Þarahrati. Myndir / Aðsendar

Loka hringrásarkerfinu við þörungaframleiðslu

Sólrún segir að urðun úrgangs sé stórt vandamál á Íslandi og á heimsvísu og mikilvægt sé að þróa lausnir núna sem hjálpi okkur að takast á við afleiðingar af neyslunni.

„Hugmyndin snýst um að breytt efnisval og framleiðsla geti minnkað eða komið í veg fyrir losun kolefnis, mengun jarðvegs og skaðleg inngrip í lífríki til þess að nálgast endanlegar auðlindir.

Í verkefninu könnum við möguleikann á því að loka hringrásarkerfinu með því að nýta vannýtta en óendanlega auðlind, sem í dag er úrgangur úr staðbundinni framleiðslu, til þess að þróa ný efni með margvíslega nýtingarmöguleika.

Grunnhráefnið er þurrt hrat sem fellur til hjá Algalíf í Grindavík, sem ræktar smáþörunga til framleiðslu á bætiefninu Astaxantín. Á ári hverju falla til um 70–95 tonn á ári af efninu, sem er jafnframt eini úrgangur framleiðslunnar," segir Sólrún.



Efnisprufur úr smiðju Þarahrats.

Í stað einnota pakkninga

Að sögn Sólrúnar eru næstu skref að þróa efnin markvisst með ákveðna nýtingarmöguleika í huga til þess að leysa vandamál á borð við pakkningar, skaðleg efni í byggingariðnaði og tímabundnar innréttingar.

„Við erum enn þá á rannsóknarstigi í vöruþróun, en ætlum að fara í markaðsgreiningu áður en við ákveðum hvaða vörur við ætlum að þróa. Við ætlum ekki bara að takmarka okkur við úrganginn frá Algalíf, heldur leitum leiða til að koma fleiri tegundum af úrgangi í gagn. Við vonumst til að hefja samstarf við fleiri fyrirtæki og þróa fjölbreytt efni.

Við höfum verið að vinna verkefnið sjálfstætt en svo erum við núna að klára sex vikna viðskiptahraðal, Hringiðu+ hjá Klak, sem hefur hjálpað okkur mjög mikið." */smh*





Vegna veikinda náðist ekki mynd af allri stjórn SAFL á nýliðnum aðalfundi. Meðfylgjandi er mynd af stjórninni frá því í fyrra. Talið frá vinstri: Úlfur Blandon, Eggert Árni Gíslason, Steinþór Skúlason, Sigurjón Rafnsson, Pálmi Vilhjálmsson og Gunnlaugur Karlsson. Á myndina vantar Ágúst Torfa Hauksson. Mynd / SAFL

Óbreytt stjórn hjá SAFL

Aðalfundur Samtaka fyrirtækja í landbúnaði (SAFL) var haldinn 8. maí sl. í Húsi atvinnulífsins.

Kjör í sjö manna stjórn samtakanna fór fram á aðalfundinum. Allir stjórnarmenn gáfu áframhaldandi kost á sér og bárust engin mótframboð og helst stjórnin því óbreytt. Sigurjón Rúnar Rafnsson, aðstoðarkaupfélagsstjóri Kaupfélags Skagfirðinga, heldur áfram sem formaður samtakanna og Pálmi Vilhjálmsson, forstjóri Mjólkursamsölunnar, verður varaformaður.

Meðstjórnendur eru Ágúst Torfi Hauksson hjá Kjarnafæði Norðlenska, Eggert Árni Gíslason hjá Mata, Gunnlaugur Karlsson hjá Sölufélagi garðyrkjumanna, Steinþór Skúlason hjá Sláturfélagi Suðurlands og Úlfur Blandon hjá Fóðurblöndunni.

Framkvæmdastjóri SAFL, Margrét Gísladóttir, segir mikilvægt að styrkja hagsmunabaráttu greinarinnar, enda verkefnin fram undan ærin.

Hún tekur fram að regluverk þyngist og kostnaður aukist á sama tíma og pólitísk umræða sé um að þrengja enn frekar þá umgjörð sem landbúnaðurinn býr við. */ál*



Nýifoss rennur úr Hagavatni. Mynd / ál

Nýifoss gæti horfið

Hagavatnsvirkjun ehf. áformar að reisa 9,9 megavatta vatnsaflsvirkjun við Hagavatn, sunnan Langjökuls í Bláskógabyggð.

Gert er ráð fyrir því að byggja stíflu ofan við núverandi útrás úr vatninu ofan við Nýjafoss og aðra í gömlu útrásinni, að vestan ofan við Leynifoss. Nýifoss, sem myndaðist í jökulhlaupi á síðustu öld, myndi þorna upp með þessum breytingum. Fyrir áðurnefnt jökulhlaup var Hagavatn stærra.

Hagavatn er við rætur Langjökuls í suðri. Í útfalli þess er Nýifoss sem liggur niður í Farið sem rennur milli Jarlhetta og Einfells í austri og Brekknafjalla í vestri. Ferðafélag Íslands rekur gönguskála á svæðinu og yrði stöðvarhús og frárennslisskurður í um eins kílómetra fjarlægð frá því. Leggja þyrfti sjö kílómetra aðkomuveg frá Skjaldbreiðarvegi að athafnasvæðinu.

Umhverfismatsskýrsla var kynnt fyrr á árinu en Skipulagsstofnun hefur ekki lokið sínu áliti. Þar sem afl virkjunarinnar er undir tíu megavöttum þarf hún ekki að fara í gegnum Rammaáætlun. Í umsögn Landverndar um málið er bent á að nánast sami virkjanakostur með tuttugu megavatta afli sé í biðflokki Rammaáætlunar vegna neikvæðra umhverfisáhrifa. Í dag er Hagavatn fjórir til fimm ferkílómetrar að stærð, en flatarmál þess að framkvæmdum loknum yrði á bilinu 17 ferkílómetrar í lægstu stöðu og 23 ferkílómetrar í hæstu stöðu. Gert er ráð fyrir breytileika á hæð vatnsborðs um fimm metra. */ál*

Leita að heitu vatni á Patreksfirði

Orkubú Vestfjarða hefur sótt um leyfi til að bora þrjár rannsóknarholur og eina vinnsluholu rétt utan þorpsins á Patreksfirði.

Niðurstöður borana sem lauk í apríl 2024 gefa tilefni til bjartsýni hvað varðar jarðhitanýtingu á Patreksfirði með varmadælum. Við dæluprof náðust þrettán lítrar á sekúndu af 26 gráðu heitu vatni. Í umsókn Orkubúsins segir að sækja þurfi meira magn af volgu vatni ef það á að nýtast inn á miðlæga varmadælu fyrir hitaveitu bæjarins. Lagt er til að vinnsluholan verði 300 metra djúp. */ál*

4x4

KGM
Gæði á sterkum grunni

MUSSO GRAND

Kraftmikill vinnuþjarkur.



Birt með fyrirvara um mynd- og textabrengl. Bílabúð Benna áskilur sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Bíll á mynd er með aukabúnaði.

Musso Grand er stór og glæsilegur, fjórhjóladrifinn vinnuþjarkur sem sameinar styrk, þægindi, nýjustu tækni og fyrsta flokks öryggi. Með einstökum aksturseiginleikum og glæsilegri hönnun er hann búinn fyrir allar aðstæður.

- **Öflug dísel vél**
- **Hátt og lágt drif**
- **Byggður á grind**
- **Læsanlegur millikassi**
- **5 punkta gormafjöðrun að aftan**
- **Tvær pallalengdir í boði**
- **Allt að 3.500 kg dráttargeta**
- **Allt að 1.025 kg burðargeta**

Verð frá 7.590.000 kr. með vsk. - Sjá ríkulegan staðalbúnað á benni.is.

Breytingarpakkar í boði: 33” hækkun | 35” hækkun | 37” hækkun

- **4x4 Magazine:** Bestu kaupin í flokki pallbíla árið 2024
- **Top 50:** Besti dísel pallbíllinn árið 2024
- **Carbuyer:** Besti pallbíllinn árið 2023

Skannaðu QR kóðann til að kynnast Musso betur.

Við kolefnisjöfnum nýja bíla

Reykjavík
Krókháls 9
Sími: 590 2000

benni.is

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

Suðurland:

Áburðarflutningur í næstum sex áratugi



Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



Ingjaldur Ásmundsson tekur á móti áburði á athafnasvæði Sláturfélagsins í Þorlákshöfn. Hann vonast til að halda áfram minnst eitt vor í viðbót. Mynd / ál

Ingjaldur Ásmundsson frá Ferjunesi í Flóa hefur gert út vörubíla frá því hann keypti sér nýjan Scania árið 1967. Alla tíð síðan hefur hann unnið við hvers kyns flutninga, en útkeyrsla áburðar til bænda á vorin hefur verið fastur liður.

Algengast er að áburðarsalarnir sjái sjálfir um útkeyrslu á áburði eða semji við verktaka. Þeir bændur sem Ingjaldur flytur fyrir semja hins vegar beint við hann um flutninginn og hefur hann keyrt áburð frá nokkrum innflytjendum. „Ég fæ að halda mínum gömlu kúnnum og þeir eru velviljaðir mér," segir Ingjaldur, en á árum áður var mun algengara að bændur semdu sjálfir við flutningsaðila.

Tíndi mörg tonn með höndum

„Áburðarflutningur er mjög snar þáttur í lífinu á hverju vori og næsta ár verð ég að halda áfram, því það verður sextugasta vorið þar sem ég er með eigin útgerð." Ingjaldur hefur keyrt út áburð á hverju ári frá því hann eignaðist sinn fyrsta vörubíl og er bjartsýnn á að hann geti haldið áfram þar sem heilsan er góð. „Ég hef trappað mig niður og er ekki að gera meira en ég ræð við með góðu móti. Þetta er ekkert afkomuspursmál lengur, heldur er ég að þessu til þess að halda mér við, bæði fyrir sál og líkama. Sumir fara í ræktina og hlaupa út um allt, en ég nenni því ekki og keyri heldur."

Ingjaldur segir talsverðan mun á starfinu í dag og þegar hann byrjaði að keyra. „Bílarnir og vegirnir hafa breyst. Það segja allir að vegirnir séu ómögulegir, en það er hreint ótrúlegt hvað þeir eru góðir. Þegar ég byrjaði var ekkert vegakerfi á Íslandi, heldur moldartroðningar í allar áttir."

Þegar Áburðarverksmiðja ríkisins var enn þá starfandi sótti Ingjaldur allan áburð beint í Gufunes. „Fyrstu árin fékk maður áburðinn afhentan í 50 kílóa sekkjum og gat maður stundum orðið þreyttur eftir að hafa tínt 48 tonn yfir daginn. Síðar fóru þeir að afgreiða pokana á brettum sem létti heilmikið á.

Að lokum komu stórsekkirnir sem er langbesta lausnin á þessu. Maður fékk þá einfaldlega hífða á bílinn og svo voru þeir hífðir af og öllu erfiði létt af manni. Það eina sem maður þurfti að gera var að binda þá áður en maður fór af stað og losa áður en þeir voru teknir af."

Keyrir á afmælisdaginn

Ég væri ekki búinn að vera í þessu í 59 ár ef mér hefði leiðst þetta," segir Ingjaldur. Hann segir erfitt að koma því í orð af hverju starf vörubílstjórans er svona ánægjulegt. „Þeir sem umgangast hesta af einlægni reyna að láta hestunum líða vel. Þeir komast í samband við hestinn og finna hvernig honum líður, en hann leynir engu. Þetta er alveg eins með bílinn, en maður þarf að hafa tilfinningu fyrir honum. Ég lít ekki á bílinn sem dauðan hlut, en þegar honum líður vel þá líður mér líka vel. Mér dettur ekki í hug að ætlast til þess að einhver skilji þetta."

Blaðamaður ræddi við Ingjald degi fyrir 81 árs afmæli hans þann 7. maí. Spurður hvernig hann hygðist verja deginum svaraði hann: „Ég ætla að keyra á morgun, því ég má ekki bregða út af vananum. Ég hef haft það þannig að ef afmælið mitt ber upp á virkan dag hef ég keyrt mjög dræmar undirtektir og enginn vildi ræða við mig af neinni alvöru. Ég endaði á því að labba niður í Ísarn, sem var með umboðið fyrir Scania, og þar er mér tekið eins og hverjum öðrum manni," segir Ingjaldur, en þetta var árið 1966 þegar hann var 22 ára.

Hann endaði á því að kaupa bíl frá þeim, sem var dýrari en hann hafði upphaflega hugsað sér, en honum var áburð, jafnvel þótt það hafi verið stórafmæli."

Scania frá upphafi

„Ég var langyngstur og hafði ekkert að gera hérna heima í Ferjunesi," segir Ingjaldur, en tveir eldri bræður hans og faðir ráku félagsbú sem var ekki nógu stórt til að standa undir fjórða manninum. „Fyrir tilviljun seldi ég Dodge 1959 á góðu verði og fyrst ég var með þessa aura fór ég að athuga hvort ég ætti ekki að kaupa mér vörubíl," segir hann.

„Ég var ákveðinn áður en ég fór að heiman að ég ætlaði ekki að kaupa Scania, því þeir voru svo dýrir. Svo fór ég að labba á milli umboða en fékk bílana og seldi þá strax." Billinn sem Ingjaldur notar í áburðarflutninga í dag er vörubíll sem hann keypti notaðan af Samskip fyrir átta árum. „Þá voru allir að segja að ég ætti að hætta þessu og fara að gera eitthvað skemmtilegt, þannig að ég fór bara og keypti þennan bíl og síðan hefur verið skemmtilegt hjá mér."

Síðasta áburðarferð Ingjalds þetta vor var 8. maí.

ráðlagt að kaupa stærri bíl en minni til að fá fleiri verkefni. „Ég sé ekkert eftir því. Þeir tóku vel á móti mér og ég fór til þeirra aftur og aftur," segir Ingjaldur, en bílinn fékk hann afgreiddan í byrjun árs 1967.

„Það endaði með því að ég hef keypt fjóra nýja bíla hjá þeim í gegnum tíðina. Ég var heppinn með að ég byrjaði á góðum bílum og losnaði við það basl sem henti marga sem byrjuðu á gömlum druslum og voru í eilífum vandræðum og bilunum."

Ingjaldur segist aldrei hafa notað vörubíl af annarri tegund en Scania frá árinu 1967. „Ég eignaðist Volvo í einhverju braski og annan Man, en ég hef gaman af því að segja að ég hafi ekki tekið sénsinn á því að nota





Milwaukee®

ALVÖRU VERKFÆRI

Á ALVÖRU TILBOÐUM TIL 18. JÚNÍ 2025

vfs.is
Sjáðu öll tilboðin í netverslun

HAPPDRÆTTI!
VERSLAÐU MILWAUKEE VÖRUR DAGANA 15. MAÍ TIL 18. JÚNÍ OG ÞÚ FERÐ Í POTT.

KAUPAUKAR!
VALDAR MILWAUKEE VÖRUR MEÐ FRÁBÆRUM KAUPAUKA Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST.

Milwaukee
HÁTÍÐIN!

KOMDU OG PRUFAÐU ALLT ÞAÐ NÝJASTA!
GEGGJUÐ KLUKKUTILBOÐ, HAMBORGARAR o.fl.

15. MAÍ	27. MAÍ	3. JÚNÍ	5. JÚNÍ
KÓPAVOGI	AKUREYRI	REYKJANESBÆ	REYKJAVÍK
Dalvegi 32a	Óseyri 4	Fitjabraut 2	Síðumúla 9

Milwaukee
BÍLLINN
VERÐUR Á FERÐINNI UM LANDIÐ! PRÓFAÐU ALLT ÞAÐ NÝJASTA OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!

Sjáðu dagskránna og hvenær Milwaukee bíllinn er nálægt þér.

VERKFÆRA SALAN

VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALVEGI 32a, KÓPAVOGI • FITJABRAUT 2, REYKJANESBÆ • ÓSEYRI 4, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is

---

Husqvarna®

MHG Verslun er með umboð fyrir Husqvarna Forest & Garden á Íslandi | *Varahlutir og þjónustuverkstæði


Husqvarna K770
Steinsög
Sögunardýpt
12,5 cm


Husqvarna
520IRX
Sláttuorf 36V


Husqvarna
Traktor TC220
14,4kw


Husqvarna
K970 Steinsög
Sögunardýpt
15,5 cm


Husqvarna Rider
320X AWDTraktor
10,5 kW


Husqvarna
522IHD60
60cm


Husqvarna
LC253S Sláttuvél
2,8kW


Husqvarna
525BX Blásari
86 m/s


Husqvarna
535RX Sláttuorf
1,6kW


Husqvarna
580 EPOS
16.000m²


Husqvarna
AM535AWD
EPOS 3.500 m²


Husqvarna 450e
Keðjusög
2,4kW

MHG VERSLUN

Husqvarna Forest & Garden Products
Garðverkfæri, slátturóbotar, steinsagir, steinsagarblöð, jarðvegsþjöppur, hopparar, kjarnaborvélar, garðsláttuvélar, golfslípivélar, sandarar, gröfur, golfbílar og margt fleira

MHG Verslun | Vikurhvarf 8
S. 544 4656
mhg@mhg.is

Nátthagi í Ölfusi:

Lífsnautn eldhugans

– Ólafur Sturla Njálsson er handhafi heiðursverðlauna garðyrkjunnar 2025

Verður er verkamaður launa sinna. Það hefur brautryðjandinn Ólafur Sturla Njálsson garðyrkjusérfræðingur sýnt og sannað. Með elju og dugnaði hefur hann ræktað upp frá grunni garðplöntustöðina Nátthaga og miðlað þekkingu sinni og reynslu af kostgæfni. Ólafur hlaut á dögunum heiðursverðlaun garðyrkjunnar fyrir ævistarf sitt.

Nátthagi í Ölfusi er allt í senn; heimili Ólafs, garðplöntuframleiðsla, staðsetning plönturannsókna og gæðaprófana, trjá- og runnasafn, söluvettvangur og ræktunar- og uppeldisstöð. Býlið er eftirtektarverð gróðurparadís sem margir landsmenn kannast við og heimsækja reglulega til að auðga garðinn sinn – og jafnvel líf sitt um leið.

Þar er nefnilega um einstaklega auðugan garð að gresja enda úir og grúir af trjá- og runnategundum í hundraða tali. Land Nátthaga var hins vegar einungis lítt gróinn mói þegar Ólafur festi kaup á spildu árið 1987.

„Mér fannst staðurinn réttur. Fjallið á bak við mig og láglendi fyrir neðan mig. Í kvosinni á milli myndast þessi mikli hiti þegar maður er búin að búa til skjól. Landið snýr í vestsuðvestur, þannig að sólin er að hita landið mjög hægt upp. Því getur orðið rosalega hlýtt hérna á kvöldin. Hins vegar er staðurinn þekktur fyrir svakalega vindstrengi," segir Ólafur og segir því staðinn ekki þann æskilegasta fyrir garðyrkjustöð.

En með sleitulausri vinnu við uppbyggingu landsins síðustu áratugi hefur honum tekist að skapa þar þessa einstöku vin.

Flutti þekkingu frá Noregi

Ólafur er blátt áfram maður; djúpvitur hugsuður og skörungur á ýmsum sviðum. „Búir þú yfir einhverjum náttúrulegum hæfileika, láttu þá aðra njóta þeirra," sagði einhver einhvern tímann. Ólafur hefur á allri sinni starfsævi fylgt þeim hugsunarhætti. Hann er sannkallað sumarbarn, fæddur í júlí 1955 og á því stórafmæli í ár. Áhugi hans á trjám og gróðri vaknaði á barnsaldri.

„Afdrifaríkt fyrir ungan drenginn var er móðurafi hans, Marinó Ólafsson, stóð hann að því að klifra í reynitrjánum í garðinum að Reynimel 37, þá aðeins 5–6 ára gamall. Afinn var ekki hrifinn af því og bað Óla litla um að fara vel með trén, þau gætu skemmst. Drengurinn tók þetta nærri sér og hefur hugsað vel um trjágróður alla tíð síðan!," skrifar Ólafur á vef sínum, Nátthagi.is.

Ólafur nam garðyrkju í Noregi, fyrst í nyrsta garðyrkjuskóla í heimi, Statens Gartnerskole Rå, á 68°N og síðar í Statens Gartnerskole Dömmersmoen í Grimstad, þaðan sem hann útskrifaðist sem garðyrkjufræðingur árið 1978. Síðar fór Ólafur í Landbúnaðarháskóla Noregs og útskrifaðist þaðan sem garðyrkjukandídat eftir fjögurra ára nám, þar sem hann tók allar fimm garðyrkjulínurnar en einungis þurfti tvær til að útskrifast.

Ólafur flutti heim eftir einn aukavetur í Noregi sem starfsnemi í tilraunastöð skólans. „Vorið 1984 var hringt í mig úr Gróðrarstöðinni Mörk og þannig komst ég heim," segir hann, en nefnir að kollegar hans í Noregi hafi ekki verið á því að missa hann úr landi. „Ég hefði lifað mun þægilegra lífi þar en hér. Áskoranirnar voru hins vegar hér og ég fór til Noregs með það að markmiði að taka þekkinguna með mér heim."

Ári eftir heimkomu var Ólafur farinn að miðla þekkingu sinni í Garðyrkjuskólanum að Reykjum þar sem hann starfaði í níu ár samhliða því að byggja upp Nátthaga. Þá liggur eftir hann aragrúi af kennslu- og fræðsluefni.

Fylgir innsæinu

Garðplöntustöðvum á Íslandi fer fækkandi, sem Ólafur telur enga tilviljun. „Ungt fólk í dag sem kemur úr Garðyrkjuskólanum vill gjarnan vera í öruggri og þægilegri vinnu. Þá heilla störf hjá sveitarfélögum og ríkinu meira en að standa í einkarekstri. Því slíkt er eingöngu fyrir þá sem vilja hafa þetta sem lífsstíl og hafa nautn af því að vinna svona rosalega mikið."



Þessi sjö metra háa snælenja frá Suður-Ameríku er uppáhaldstré Ólafs þessa daganna. „Hún er spes í laginu, ólík því sem við erum vön að sjá, mjög fínleg tegund en hefur merkilega mikið þol gagnvart snjóbroti."

Rekstur garðyrkjustöðvar krefst mikillar elju. „Þetta er endalaus yfirlega, maður er vakinn og sofinn yfir þessu dag og nótt. Þegar háannatíminn byrjar þá sef ég aðeins fjóra til sex tíma að nóttu, frá marsbyrjun til októberloka."

Enda eru handtökin hvern dag ansi mörg, fyrir utan að taka á móti fólki og miðla þekkingu sinni, en garðplöntusalan er opin alla daga frá maíbyrjun fram í október.

„Með apótek trjáa og runna þá eru þetta milljón smáatriði sem þú smám saman tileinkar þér. Þú vinnur þetta algjörlega eftir innsæi."



Ólafur Sturla Njálsson garðyrkjusérfræðingur fyrir utan heimili sitt á Nátthaga í Ölfusi. Hann stendur hér við lyngrós sem hann er sérfróður um.



Á Nátthaga má finna nokkrar langtímarannsóknir og mikilvæg plöntusöfn. Ólafur stendur hér við skjólbelti sem er samsett úr öllum víðiklónum og tegundum sem hann hefur framleitt. Fyrir aftan má sjá glitta í 230 eplatré.

Framandi tegundir

Segja má að Ólafur lifi með gróðrinum sínum og segist hann geta virt hann endalaust fyrir sér. Hann bendir á mikilfenglegt sjö metra hátt tré með skemmtilega bylgjóttum blöðum. „Þetta er snælenja sem kemur frá Suður-Ameríku og myndar þar mikla skóga. Hún er spes í laginu, ólík því sem við erum vön að sjá, mjög fínleg tegund en hefur merkilega mikið þol gagnvart snjóbroti."

Í áranna rás hefur Ólafur flutt til landsins margar nýjar tegundir trjáa og runna úr nokkrum söfnunarferðum í skógarmörkum Alpafjalla og Pýreneafjalla sem hann hefur svo prófað hér á landi. Sumar tegundirnar hafa haslað sér völl í íslenskum görðum í framhaldi.

Gangandi um Nátthaga bendir Ólafur á sérstaklega japanselrirunna. „Ég kom með þennan frá Hokkaido í Japan árið 1996 og hann stendur sig betur en sitkaelri. Hann myndar milljónir fræja og framleiði ég hann. Úr sömu ferð komu gullklukkurunni og kjarrfura sem þrífast vel hér."

Á Nátthaga má finna nokkrar langtímarannsóknir og mikilvæg plöntusöfn. Ólafur nefnir dæmi. „Eitt skjólbelti er samsett úr öllum víðiklónum og tegundum sem ég hef framleitt." Með því getur hann fylgst með framgangi og seiglu þess milli ára.

Tveir reitir eru helgaðir mörgum perusortum frá Finnlandi og Ólafur fylgir þeim eftir við íslenskar aðstæður. Þannig á við um alla ávaxtatrjáarækt Ólafs, en á jörð Nátthaga eru til að mynda mörg hundruð eplatré sem Ólafur er með til rannsókna og framleiðslu.

Þá er Ólafur sérfróður um lyngrósir og á Nátthaga má sjá fjöldann allan af lyngrósum sem hann hefur flutt inn og prófað. Ástæða þess að hún er í uppáhaldi hjá garðyrkjumanninum er einföld. Lyngrós er sígræn. „Blöðin eru skraut allt árið, en blómin bara í einn mánuð. Þú getur fengið lyngrósir með alls konar blaðgerð, hvítar, appelsínugular og fleira," segir Ólafur og bendi á eina.

„Lyngrós ættuð frá Tyrklandi er ættmóðir ´Cunninghams White´ sem er einstaklega auðveld í ræktun og viljug til að blómstra. Að byrja á henni fær fólk frekar til að treysta sér til að prófa fleiri sortir."

Duglegar plöntur

Talið berst að stafafuru. „Það er búið að vera svolítill áróður gegn því hvað stafafuran er dugleg að sá sér út. Og það er í svo neikvæðum tón að bændur vildu helst ekki taka við henni á Norðurlandi um tíma. Það er svo illt og neikvætt að tala svona um gróður. Undir tvö prósent af Íslandi er skógur. Vissulega sjáum við trén í byggð og það finnst sumum of mikið. Stafafuran er tiltölulega fljótþroska og getur sáð sér í erfitt land. Við þurfum aldeilis á því að halda hér. Hún er svo sniðug að hún vex upp í vegköntum í möl. Hún ásamt sitkagrein eru í sínu besta loftslagi til að sá sér út hér á landi og munu mynda mikla skóga með tímanum. Þeir munu geta endurnýjað sig með sjálfssáningu sem kemur til góða því trén skila timbrinu og þá verða sjálfsáðu plönturnar bara tilbúnar að taka við."

Hann vill því ekki heyra á orðanotkunina um ágengar plöntur minnst. „Ég kalla þær plöntur sem geta sáð sér út í íslensku loftslagi duglegu plönturnar. Þetta eru duglegar plöntur, alls ekki ágengar."

Ætlar að njóta ávaxta erfiðisins

Ólafur segist vera lagður af stað í þá vegferð að fara að huga að starfslokum í garðplöntuframleiðslu og sölu þó engin endanleg ákvörðun hafi verið tekin. Hann hyggst þó áfram ætla að búa og vera á Nátthaga og njóta ávaxta starfsævi sinnar, enda er gróðurparadísin fyrst og fremst heimili Ólafs.

„Þegar ég fer úr rekstrinum þá verð ég með nóg af verkefnum," segir hann og vísar þar til dæmis til allra þeirra plönturannsókna sem eru til staðar á Nátthaga. „Ég mun halda áfram með þetta eins og hvert annað hobbí, fylgja ávaxtatrjánum eftir og skrá hjá mér framvindu þeirra."

Aðalmálið sé þó að halda góðri heilsu enda sé hún forsenda lífsgæða. „Það eiga allir að vita að til að halda góðri heilaheilsu þarf maður að vera í stöðugri aksjón, að taka almennilega líkamsrækt; hvort sem það heitir skógrækt, göngutúrar eða crossfit. Þú þarft átakahreyfingu öðru hvoru alla vikuna. Það er það sem bústar og heldur heilanum unglegum sem lengst." */ghp*



Husqvarna®

Há Verslun er með umboð fyrir Husqvarna Construction á Íslandi

- **Eigum jarðvegsþjöppur á lager uppí 500 kg**
- **Þjónustuverkstæði og varahlutir**

ERUM FLUTT AÐ LYNGHÁLSI 5



Husqvarna K770 14" Steinsög/hellusög
Sögunardýpt 12,5 cm



Husqvarna FS 500 E rafmagns gólfsög
Sögunardýpt 19 cm



Husqvarna DM230 Kjarnaborvél
150mm Max



Husqvarna K970 16"
Sögunardýpt 15,5 cm



Husqvarna LF75 Jarðvegsþjappa
97 kg, 500 mm plata



Husqvarna FS 400 LV gólfsög bensín
Sögunardýpt 16,2 cm



Husqvarna Rammer Hoppari LT6005 bensín
230mm plata, 69kg



Husqvarna Trowel BG 245
Slípivél, vinnslubreidd 60 cm



Husqvarna K4000 Steinsög, 230v
Sögunardýpt 12,5 cm



Husqvarna K3600 Steinsög, vökvadrifin
Sögunardýpt 27 cm



Husqvarna K7000 Ring rafmagnssög
Sögunardýpt 32,5 cm



Husqvarna K7000 Pre Cut rafmagnssög
Sögunardýpt 14,5 cm

HÁ VERSLUN

Lynghálsi 5, 110 Reykjavík
Opið mán.- fös. Kl. 9 - 17
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is

Husqvarna Construction Products
Gólfsagir, jarðvegsþjöppur, kjarnaborvélar, borstandar, hopparar, slípivélar, garðverkfæri, golfbílar, garðsláttuvélar og margt fleira!
Kíktu á úrvalið á haverslun.is eða til okkar að Lynghálsi 5



Vandaðir framleiðendur, áratuga reynsla

Aðeins 10-12 vikna afgreiðslufrestur. Pantaðu tímanlega, við gefum frábær tilboð.
Sendið fyrirspurnir á gluggar@husa.is

Söluráðgjafar um land allt

Höfuðborgarsvæðið
Jón Birgir Jóhannsson
Söluráðgjafi, Smali
660 3024 / jbj@husa.is

Mikael Pétursson
Söluráðgjafi
660 3026 / mikael@husa.is

Norðurland
Guðsteinn Jónsson
Söluráðgjafi
660 3142 / gudsteinn@husa.is

Austurland
Aðalsteinn Hákonarson
Söluráðgjafi og skáld
766 2929 / adalst@husa.is

Vesturland
Valdimar Ólafsson,
Söluráðgjafi og loðdýrabóndi
660 3199 / valdi@husa.is

Vestfirðir
Slavyan Yordanow
664 3645 / slavyan@husa.is

Suðurland
Ársæll Jónsson
Söluráðgjafi
660 3188 / arsaellj@husa.is

Suðurnes
Markús Gunnarsson
Söluráðgjafi og fyrrum smali
664 3638 / markus@husa.is

Þjónusta fyrir þig



Sveinn Sigurðsson
Söluráðgjafi,
Fagmannaverslun
Sími: 841 0775
sveinns@husa.is



Sauðburður á vorin er mikill álagstími fyrir bændur. Á Teigi í Fljótshlíð fæðast um 1.400 lömb á einum mánuði og þarf mörg handtök til að koma heilbrigðu lambi á fjall. Bændurnir Tómas Jensson, Guðni Jensson og Arna Dögg Arnþórsdóttir gefa lesendum Bændablaðsins innsýn í þau störf sem fylgja sauðburði. Myndir / ál

Fljótshlíð:

Allt á kafi í sauðburði

– Fylgst með á háannatíma á stóru sauðfjárbúi

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



Á Teigi í Fljótshlíð er blandað bú með um 700 kindum og 60 kúm. Þar hófst sauðburður í lok apríl og klárast að mestu leyti í lok maí, en samkvæmt fósturtalningu gera bændurnir ráð fyrir um 1.400 lömbum.

Teigur er félagsbú sem er rekið af bræðrunum Tómasi og Guðna Jenssonum, ásamt Örnu Dögg Arnþórsdóttur, konu þess síðarnefnda. Bændurnir á Teigi hafa náð góðum árangri í sauðfjárrækt og voru samkvæmt niðurstöðum skýrsluhalds 2024 með tíunda afurðahæsta bú landsins. Þau segja að vel heppnaður sauðburður sé eitt lykilatriðið í þessum árangri. Bændablaðið fékk að fylgjast með bændunum að störfum þann 6. maí síðastliðinn.

„Ég hlakka nú alltaf til sauðburðarins," segir Guðni. „Við höfum ofboðslega gaman af ræktun og í morgun bar uppáhaldsærin okkar hrút og gimbur undan sæðingarhrúti, sem er alltaf draumurinn. Þetta er alltaf erfiður tími og maður hittir börnin sín lítið þegar vinnudagurinn er kannski sautján klukkutímar eða meira. Þá er sjarminn farinn af þessu," segir hann. Mesti álagstíminn varir í tvær vikur.

„Ég held að fólk átti sig ekki á hversu mikil vinna þetta er, sérstaklega á svona stóru búi þar sem eru mjólkurkýr líka," segir Arna. Þau fá mikla aðstoð frá foreldrum sínum til að sinna börnum og heimilisstörfum yfir sauðburðinn.

„Sauðburður er náttúrlega góður tími, en ég kann ekki síður að meta smalamennskur á haustin, því það er ekkert eins skemmtilegt og að sjá falleg lömb koma heim af fjalli." Sumarhagarnir eru heiðarlönd í kringum fjallið Þríhyrning og á Fljótshlíðarafrétti.

Auðveldara í góðu veðri

„Við eigum allt undir veðrinu," segir Guðni. „Ef það er gott veður þá verður allt miklu léttara og skemmtilegra. Ef það er rok og rigning og þú nærð ekki að setja fé út og það fer að bunkast inni, þá verður þetta alltaf mjög strembið. Því fylgir aukavinna, því það þarf að gefa öllum ánum, dreifa undirburði, lömbin geta farið að hoppa á milli og flæmst undan og kindurnar geta einnig lagst ofan á lömbin," segir Guðni. Arna bætir við að ef lömbin komast ekki út hanga þau í kindinni og geta nagað spenana, sem kann að leiða af sér júgurbólgu.

„Draumurinn er alltaf að fjögurra til fimm daga heilbrigð og stór lömb fari út. Við höfum ekkert náð að setja út núna því þegar lömbin voru farin að ná aldrinum fór að rigna," segir Guðni. Arna skýtur inn í að leiðinleg spá með slyddu eða kaldri rigningu haldi aftur af þeim.

„Fóðrunin skiptir miklu máli," segir Guðni. „Við viljum fá kindurnar heilbrigðar og í góðu standi í burð og fá kindurnar því úrvalshey síðustu vikur meðgöngu. Fyrir burð leggja ærnar alltaf af því fóstrin taka svo mikið af orku og svo mjólka þær af sér hold. Við notum mikið af heyi á vorin, þá sérstaklega ef það er kalt og blautt og ekki nógu mikill hagi kominn á túnin."



Lambfé fært milli húsa. Tómas Jensson er við stýri dráttarvélarinnar.

Helst engin fullorðin einlemba út

Til þess að lömbin dafni sem best á sumrin leggja bændurnir mikið upp úr því að hver fullorðin ær sé með tvö lömb, að því gefnu að hún mjólki á báðum spenum, og að gemlingar gangi aðeins með eitt lamb. „Það voru talin um 1.400 fóstur í vetur, en það skilar sér ekki allt lifandi. Gemsarnir voru með að meðaltali í kringum 1,50 lamb og í kringum 2,10 í rollunum, en þegar það er svona mikil frjósemi er meiri vinna á sauðburði. Við vitum hvar einlemburnar og þrílemburnar eru og reynum að finna tvö jafnstór lömb sem við höfum tekið undan þrílembum, eða tvílemdum gemsum, til að venja undir einlembu. Einlembingurinn fær þá ekki að ganga með móður sinni. Ef það ber önnur einlemba á svipuðum tíma er hinn einlembingurinn vaninn undir hana," segir Guðni. Þeim finnst mikilvægt að bæði lömbin séu jafnstór svo að annað verði ekki undir í baráttunni.

Þegar lömb eru vanin undir á byrja bændurnir á því að baða þau í nokkuð köldu vatni. „Þau fá hálfgert sjokk, greyin, og þá vilja þau fá að drekka," segir Guðni. „Við tökum svo blóð og legvatn sem kemur frá einlembunni og nuddum saman við lömbin og stráum oftast salti yfir og stundum broddi. Oftast nær heppnast þetta og við verðum ekki vör við neitt. Ef við sjáum að þær eru tæpar á að vilja lambið getum við þurft að taka lömbin frá kindinni og geyma annars staðar og þá byrjar ærin að vilja þau aftur," segir Guðni.

„Með þessu getum við endað með slatta af heimalningum yfir sumarið sem lambafóstra [vél sem skammtar mjólk í spena] sér um," segir Arna. „Undanfarin ár höfum við verið með í kringum 40 til 50 heimalninga, en fór eitt ár upp í 80." Í lambafóstruna er notuð mjólk frá kúabúinu.

Skipta með sér vöktum

Guðni, Arna og Tómas sjá um mest alla vinnuna í sauðburðinum. Tómas á jafnframt kærustu sem tekur að sér vaktir meðfram annarri vinnu, ásamt því sem frændfólk þeirra kemur oft



Guðni Jensson skráir niður upplýsingar um nýborin lömb.



Arna Dögg Arnþórsdóttir veitir burðarhjálp. Í sauðburði þarf að vaka yfir ánum allan sólarhringinn því sumar kindur geta ekki borið án þess að fá aðstoð. Á Teigi eru burðarstíur úr léttum stálgrindum í hverri kró.

og hjálpar til. Á sauðburði vakir alltaf einn yfir nóttina sem byrjar sína vakt á miðnætti. „Svo kemur næsti maður út rétt um sjö og gefur og sinnir burði. Við erum líka með sextíu mjólkurkýr og eitthvert okkar þarf að fara í morgunfjós," segir Arna

„Klukkan tíu erum við yfirleitt búin að gefa og búin í fjósinu," heldur Arna áfram. „Fyrir hádegi reynum við að komast yfir að marka og merkja eins eða tveggja daga gömul lömb og undirbúa flutning úr einstaklingsstíunum í fjölbýli sem er í eldri fjárhúsunum. Sá sem var á næturvaktinni fer yfirleitt út á milli eitt og hálf tvö og byrjar á því að kíkja í fjósið og ýta heyi að kúnum. Svo förum við að flytja fé í eldri hús eða setja út til að skapa pláss fyrir nýborið fé, en á meðan þarf alltaf einn að vera á vaktinni. Það er enginn hefðbundinn dagur, en það eru alltaf sömu verkefnin sem við þurfum að komast yfir."

„Um kaffileytið þarf að fara að undirbúa kvöldið með gjöfum og við skiptum með okkur verkum," segir Guðni. „Seinni part dags fer yfirleitt einn í fjósið á meðan hinir eru í gegningum í fjárhúsunum og öðrum verkum. Eftir það reynum við að sjá til þess að hafa lausar einstaklingsstíur fyrir nóttina. Við höfum reynt að skiptast á næturvöktum, en við tökum þrjár í röð áður en við förum aftur á dagvakt."

Langar að bæta húsakost

„Við erum með féð í þremur húsum og eru tvö af þeim eldri fjárhús," segir Guðni. „Við erum búin að flokka féð þannig að það sé bara burður í einu húsi," heldur hann áfram. Í aðalrými fjárhúsanna eru sirka 25 burðarstíur sem eru gerðar úr léttum og færanlegum járngrindum. Þær eru nálægt fóðurganginum og því auðvelt að fylgjast með ánum á meðan þær eru að bera.

„Þegar lömbin eru orðin þurr og komin á spena og hildirnar komnar úr kindinni fara þau í einstaklingsstíu. Inni í hlöðu eru 60 einstaklingsstíur og 40 hérna frammi. Manni finnst alltaf vanta pláss, en samt erum við með samtals 125 einstaklingsstíur," segir Guðni. Þegar lömbin eru tveggja daga gömul eru þau merkt og mörkuð og ýmist færð í fjölbýli í hinum tveimur fjárhúsunum á bænum eða sett út ef veður leyfir.

„Það er rúmur áratugur síðan við tókum við af foreldrum mínum og byrjuðum með félagsbú með bróður mínum," segir Guðni. „Við fórum að stækka búið svo að tvær fjölskyldur gætu reynt að lifa af þessu. Við keyptum Teig 2 sem frændfólk okkar átti og fengum þar gamalt fjós sem hafði staðið autt í meira en tíu ár. Þá keyptum við kvóta og förum að mjólka kýr og hefur búið verið í stækkunarferli síðan þá.

Núna erum við komin á þann stað að okkur langar til þess að huga að stækkun fjárhúsanna til þess að losna úr elstu fjárhúsunum og koma öllu fé undir sama þakið. Hluti ástæðunnar fyrir því að sauðburðurinn er svona stífur er að við erum ekki með jafnrúman húsakost og sumir hafa," segir Guðni. Forsendan fyrir byggingu nýrra húsa er hins vegar að verð fyrir lambakjöt haldist gott.

Það verður SOLIS um allt land í sumar

VALLARBRAUT

Solis

Tilboðspakki 1.
3.500.000+vsk

Solis 26 HST sjálfskipt blá
Ávinnsluherfi 2m
Áburðardreifari 300Ltr
Sláttuvél 1m
Tætla og rakstrarvél 2,4m
Rúllubindivél mini 0,8m

Gildir á meða birgðir endast.

Tilboðspakki 2.
3.175.000+vsk

Solis 26 HST sjálfskipt svört
Plógur einskeri
Tætari 135cm
Niðursetningarvél kartöflu
Upptökuvél kartöflu
Flaghefill 150cm

Gildir á meða birgðir endast.

Allt í heyskapinn

Allt í jarðvinnuna

vallarbraut.is S-4540050 vallarbraut@vallarbraut.is Trönuhrauni 5 220 Hafnarfirði

Hestamennska:

Kattliðugir knapar

Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrunhulda@bondi.is



Styrkur og einbeiting skein úr augum nokkurra barnungra knapa á æskulýðssýningu hestamannafélagsins Geysis á dögunum. Þau sýndu þar afrakstur æfinga vetrarins í hestafimleikum, en þessi áhugaverða íþrótt nýtur vaxandi hylli hér á landi.

Í vetur hafa yfir fjörutíu börn sótt námskeið í hestafimleikum hjá hestamannafélaginu Geysi á Hellu. Reiðkennarinn Jónína Lilja Pálmadóttir hefur umsjón með námskeiðinu en hún kynntist sportinu í heimahögunum í Húnavatnssýslu hjá hestamannafélaginu Þyt fyrir nokkrum árum.

„Kathrin Schmitt er frumkvöðullinn hér á landi en hún æfði hestafimleika í Þýskalandi þegar hún var yngri og kynnti þetta hér og hefur verið með námskeið hjá Þyt í yfir fimmtán ár," segir Jónína Lilja. Hún var Kathrinu til aðstoðar í tvö ár áður en hún flutti á Hellu og flutti þá þekkinguna með sér á Suðurlandið. „Þetta er þrælsniðug íþrótt sem eflir jafnvægið mikið og þjálfar bæði styrk, þol og teygjanleika. Ég finn það á dóttur minni sem hefur æft í tvö ár. Þegar hún er komin í hnakkinn á hestbaki þá haggar henni ekkert," segir Jónína.

Hestafimleikar eru, eins og nafnið bendir til, fimleikar á hestbaki. Hesturinn fer um á feti eða brokki á meðan knaparnir sýna fimleikalistir á baki hestsins sem búinn er sérstakri dýnu og gjörð með handföngum.

Jónína segir hestafimleika sniðugt fyrsta skref í reiðmennsku enda þurfi þátttakendur hvorki að eiga hest né hafa bakgrunn í hestamennsku eða fimleikum. „Við leggjum mikið upp úr umönnun hestanna svo allir fá að upplifa nándina við dýrið. Sumir hafa aldrei komið nálægt hesti áður og læra þannig almenna umhirðu. Íþróttin eflir liðsanda þótt hún sé mjög einstaklingsmiðuð. Þá er engin aldurs- eða kynjaskipting," segir hún en börnin sem æfðu hjá henni í vetur voru á aldrinum 3–13 ára.

„Hugtökin sem við vinnum með er agi, traust og samvinna. Þá þurfa krakkarnir að búa yfir sjálfstrausti til að vaða í að sýna fimleikaæfingar á hesti sem hreyfir sig," segir Jónína. Á sýningunni mátti meðal annars sjá börn standa á höndum á hestbaki og knapa vinna saman í hinum ýmsu stöðum sem kallaði á mikið traust til hvort annars.

Erlendis eru hestafimleikar stundaðir sem keppnisform og telst ein af tíu hestaíþróttagreinum sem eru viðurkenndar af Alþjóða-hestaíþróttasambandinu (FEI). Jónína telur hestafimleika vera góða viðbót við íslenska hestamennsku. „Íslenski hesturinn hentar vel fyrir þessa íþrótt, enda eru þeir með gott geðslag. Íþróttin eflir jafnvægið gríðarlega og það skiptir gífurlegu máli. Þá virðast börnin hafa rosalega gaman af þessu," segir Jónína. */ghp*



Diana Esther O. Gunnarsdóttir, 9 ára, í köngulóarstöðu.
Myndir / Hestamannafélagið Geysir



Lovísa Guðrún Brynjarsdóttir, 9 ára og Embla Dagmar Sigurþórsdóttir, 9 ára. Lovísa aðstoðar Emblu í axlarstöðu.



Katla Dís Hannesdóttir, 8 ára og Sigurey María Eyjalínardóttir, 8 ára.



Þórdís Birna Steindórsdóttir, 10 ára, í flugvél.



Salka Sigríður Sigurðardóttir, 9 ára, gerir fána á brokki.



Flóki Illugason, 6 ára, stendur í kyrrstöðu.



Laufey Marsibil Andradóttir, 3 ára.



Birkir Freyr Klemenzson, 4 ára og Matthías Þór Klemenzson, 6 ára.

Ný bætiefni fyrir lömb

Immune Booster Paste
80 ml

- Veitir mótstöðu gegn E.Coli
- Eflir ónæmiskerfið
- Styður við þarmaflóru

Energy Paste
80 ml

- Orkupasta
- Fyrir veikburða lömb sem komast ekki á lappir

Skjótvirk orka

Getur fyrirbyggt slefu í lömbum

*ATH Inngjafabyssa seld sér
Vörunr: 00-03

KAUPFÉLAG BORGFIRÐINGA
KB
STOFNAÐ 1904

KB
Sendum um allt land!

SJÁ NÁNARI UPPLÝSINGAR OG VERÐ Á
WWW.KB.IS







Húsin okkar

Bambahús eru einstök hönnun sem henta í alla ræktun hvort sem er til heimilis eða atvinnu. Bambahús eru smíðuð úr galvaneseraði stálgrind, klædd með 10mm. einangruðu gróðurhúsaplasti og koma með sérsmíðaðri stálhurð, ásamt loftglugga með stormjárni.

Bambahús smíða falleg gróðurhús, níðsterk og notendavæn. Gróðurhúsin koma fullbúin og hagkvæm til notkunar allt árið um kring. Þau er létt og meðfærileg og alltaf hægt að bæta við einingum.
Bambahús eru hönnuð til að rækta fæðu í mold og auðvelt að umbreyta í alla tegundir ræktunar ásamt plássi fyrir kósýsvæði.

Bambahús koma með gróðurkerjum í vinnuhæð og það má tvöfalda ræktunarplássið með því að nýta rýmið fyrir neðan gróðurkerin. Bambahús eru einstök, lítið viðhald er á húsunum, einfalt í uppsetningu, lágt verð og hefur jákvæð umhverfisáhrif.

BAMBAHÚS

www.bambahus.is
bambahus@bambahus.is
s.862-5008

Eiginleikar

- Bambahús þurfa aðeins sléttan flöt og engin þörf eru á jarðfestu
- Bambahús þola vind og snjóþunga betur en flest önnur gróðurhús
- Bambahús koma með gróðurkerjum
- Bambahús nýtir fermetrapláss betur en önnur gróðurhús
- Bambahús henta betur fyrir hreyfihamlaða
- Bambahús er íslenkst hugvit og framleiðsla
- Bambahús er hringrásarhagkerfið í allri sinni mynd
- Bambahús eru færanleg, hægt að færa þó það sé í fullri notkun

Almennir styrkir úr Loftslags- og orkusjóði 2025

Umsóknarfrestur er til og með 1. júní 2025.
Sótt er um á **orkusjodur.is**

Heildarupphæð til úthlutunar er 1.300 m.kr.

Umhverfis- og orkustofnun veitir styrki til verkefna sem stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda, á beinni ábyrgð Íslands eða fela í sér nýsköpun og innleiðingu á nýrri tækni á sviði umhverfis-, orku- og loftslagsmála. Áhersla er lögð á verkefni sem þurfa á fjárhagslegum stuðningi sjóðsins að halda til að raungerast.

Samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda 1.000 m.kr.

Orkuskipti í samgöngum

- Uppbygging hraðhleðslustöðva (150 kW+) og styrking hleðslunets með tilliti til þungaflutninga.
- Uppbygging orkuinnviða fyrir tæki, þungaflutninga og hópbifreiðar, þar með talið flotabíla og stór atvinnutæki.
- Uppbygging orkuinnviða fyrir almenningssamgöngur til að styðja orkuskipti í strætisvögnum og öðrum farartækjum í rekstri hins opinbera.
- Áfyllingarstöðvar fyrir raf-eða lífeldsneyti.

Orkuskipti í rekstri eða orkusparnaður

- Tækjabúnaður sem nýtir endurnýjanlega orku í stað jarðefnaeldsneytis.
- Lausnir sem stuðla að orkusparnaði og aukinni orkunýtni í atvinnulífi og almennum rekstri.
- Innviðir og tækjastyrkir fyrir vistvæna orkunotkun í höfnum.
- Orkuskiptaverkefni í skipum og bátum.

Hringrásarhagkerfið

- Aðgerðir sem draga úr urðun lífræns úrgangs eða minnka losun frá úrgangi.
- Verkefni sem stuðla að endur-vinnslu úrgangs, einkum sem næst upprunastað.
- Verkefni sem draga úr hráefnis-notkun eða úr myndun úrgangs.

Innleiðing nýrrar tækni eða nýsköpun 300 m.kr.

- Nýsköpunarverkefni á sviði loftslagsmála.
- Framleiðsla og dreifing rafeldsneytis og lífeldsneytis (t.d. vetni, rafmetan, e-metanól).
- Nauðsynlegur búnaður fyrir geymslu, flutning, afgreiðslu og nýtingu raf- eða lífeldsneytis (t.d. þjöppur, lagnir, geymslur eða dreifikerfi).
- Verkefni sem tengjast heildstæðum orkuskiptalausnum, svo sem vetnisdölum eða öðrum samþættum orkuskipta-verkefnum.

Umhverfis- og orkustofnun

Styrkumsóknir eru afgreiddar samkvæmt reglugerð, nr. 1566/2024, um Loftslags- og orkusjóð.

Í samræmi við ofangreind markmið hvetur Orkusjóður alla til að sækja um til sjóðsins, óháð stærð félaga, stofnana, eða kyni umsækjenda.



Nánari upplýsingar → **orkusjodur.is**

Meðhöndlun júgurbólgu með leysigeisla?

Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com


Dæmi um handhægt leysigeislatæki til að meðhöndla bólgur frá fyrirtækinu Neeo Bovis. Mynd: Line Brusgaard.

Það er alþekkt aðferð að nota laser eða leysigeisla við sértækar meðferðir einstaklinga á sjúkrahúsum, við húð og hármeðferðir eða t.d. við sjúkraþjálfun svo dæmi sé tekið.

Í landbúnaði er notkun á leysigeisla einnig stöðugt að aukast og er líklega þekktasta dæmið sérstakur búnaður mjaltaþjóna sem staðsetur spena á kúm. Að nota leysigeisla til lækninga búfjár er einnig nokkuð þekkt tækni nú orðið, þá sérstaklega svokallað lágstyrks leysimeðferð og er tæknin víða notuð af sérfræðingum svo sem á dýraspítölum eða af dýralæknum. Hingað til hefur tæknin hins vegar ekki verið almennt í notkun meðal bænda.

Japanskir vísindamenn framarlega

Fyrir rúmlega 30 árum var birt niðurstaða japanskrar rannsóknar sem þótti framúrstefnuleg þá en rannsókn þeirra gekk einmitt út á að nota leysigeisla til þess að reyna að meðhöndla júgurbólgu. Niðurstöðurnar bentu þá þegar til þess að þessi aðferð hefði bætandi áhrif á veikar kýr og m.a. á dulda júgurbólgu, þ.e. júgurbólgu án sýnilegra einkenna. Síðan eru liðnir margir áratugir en aðferðin hefur ekki náð raunverulegri fótfestu og kann skýringin að vera sú að ekki hefur verið til nógu heppileg og kostnaðarlega handhæg lausn fyrir bændur, en nú gæti þetta verið að breytast og hafa nokkur fyrirtæki skotið upp kollinum undanfarið með lausnir sem gætu hentað hinum almenna bónda.



Að nota leysigeisla við lækningar á fólki er þekkt aðferð en nýstárleg þegar kemur að búfé.

Hvernig virkar tæknin?

Lágstyrks leysimeðferð (enska: Low-Level Laser Therapy, LLLT) virkar þannig að tæki með leysigeisla er sérstaklega stillt á ákveðna bylgjulengd, stutta bylgjulengd fyrir meðhöndlun á yfirborðsvef og lengri eigi að meðhöndla dýpri vefi. Þessar mismunandi bylgjulengdir hafa svo áhrif með því að örva frumuvirkni í vefjum þegar þær taka upp þessa ljósorku sem berst inn í frumurnar með leysigeislanum. Talið er að tæknin sé bæði bætandi fyrir virkni bandvefsfrumna og virki í raun sem bólguminnkandi aðferð vegna aukinnar vefjaviðgerða og endurnýjunar.

Viðbót við hefðbundna júgurbólgumeðferð

Eitt þessara fyrirtækja, sem nú hefur sett á markað búnað sem hentar bændum, er danska fyrirtækið Neeo Bovis. Búnaður fyrirtækisins er í raun svipaður og annarra sambærilegra fyrirtækja á markaðinum og virðist einfaldur eins og sjá má á meðfylgjandi mynd. Fyrirtækið, sem fékk sérstök verðlaun fyrir þessa nýjung á dönsku landbúnaðarsýningunni Agromek í fyrra, segir að tæknin sér fyrst og fremst hugsuð sem viðbót við hefðbundna júgurbólgumeðferð þ.e. stuðningur við lyfjameðferð kúa. Rannsóknir fyrirtækisins bendi til þess að kýrnar jafni sig fyrr af sýkingum þar sem leysigeislinn örvi frumurnar til þess að takast sjálfar á við sýkinguna af meiri krafti en ella og því megi jafnvel draga úr lyfjamagninu sem nota þarf við hefðbundna meðhöndlun.

Minni sársauki?

Þar sem notkun á tækninni er enn frekar ný af nálinni eru ekki margar rannsóknir til á áhrifum hennar á t.d. kýr en rannsóknir danska fyrirtækisins eru þó í þá átt að tæknin hjálpi kúm að takast á við sársauka, þ.e. að sársauki út frá bólgum verði minni sem lýsir sér í rólegri kúm og aukinni jórtrun sem bendir til þess að kúnum líði betur.

15 sekúndur er allt sem þarf

Samkvæmt lýsingu Neeo Bovis þarf ekki nema 15 sekúndna meðferð sé kýr með júgurbólgu, sá tími sé nægur til þess að örva frumurnar í júgrinu svo þær fari að takast betur á við sýkingarvaldinn. Þá fullyrðir fyrirtækið að bráðajúgurbólgu megi að mestu lækna á þremur dögum og dulda júgurbólgu á 5-7 dögum. Þess skal þó getið að um er að ræða beinar upplýsingar frá fyrirtækinu sjálfu en ekki óháðum rannsóknaraðila. SEGES, danska þróunarfyrirtækið í landbúnaði, hefur einmitt fjallað um þetta í fréttabréfi sínu og bendir á að það vanti frekari rannsóknir á þessari tækni, svo hægt sé að segja af eða á um kosti hennar eða galla. SEGES bendir á að það vanti óháðar rannsóknir á tækninni þegar kemur að notkun heima á búum bænda og hefur SEGES einmitt boðist til þess að standa fyrir slíkum rannsóknum en þau fyrirtæki sem selja þessa tækni í dag hafi þó hafnað slíku samstarfi. Fyrir vikið sé ekki hægt að segja af eða á um þessa nýjung en SEGES bendir því bændum á það að ef þeir hyggjast taka hana í notkun, að gera það þá í samráði við dýralækni búsins þar sem hana ætti fyrst og fremst að nota sem viðbót við hefðbundnar meðferðir en ekki í stað þeirra fyrr en frekari upplýsingar liggja fyrir.



Heimaslóð, ársrit Sögufélags Hörgársveitar

Nýlega kom út ritið Heimaslóð, ársrit Sögufélags Hörgársveitar. Að venju flytur það fjölbreytt efni, bæði gamalt og nýtt. Ungmennafélagshreyfingin á Hörgársveitarsvæðinu fyrr á árum fær veglega umfjöllun í þremur greinum. Sögð er byggingasaga íþróttahússins við Þelamerkurskóla. Fjallað er um bóndann og hagyrðinginn Þorleif á Hamri og birtur eftir hann kveðskapur. Auk þess eru í ritinu nokkur ljóð og vísur eftir fólk úr sveitinni eða sem tengist henni. Lýst er gönguferð formanns félagsins, ásamt fylgdarliði, um Gjögraskaga í tilefni af sjötugsafmæli hans. Birt eru skrif um Sigrúnu og Stefán í Stóra-Dunhaga sem upphaflega voru flutt á ættarmóti afkomenda þeirra. Þá er sagt frá furðufuglinum Frímanni B. Arngrímssyni sem fæddur var í Hörgárdal. Hann nam í háskóla í Kanada og starfaði hjá rafmagnsfyrirtækjum í Bandaríkjunum, Bretlandi og Frakklandi en náði aldrei eyrum ráðamanna á Íslandi. Ýtarleg grein er um fjárrækt í Skriðuhreppi eftir niðurskurðinn haustið 1949. Finna má tvær greinar eftir eldri menn sem bjuggu í sveitarfélaginu, annars vegar um Myrkárpresta og -bændur og hins vegar um veðurfarið í upphafi



tuttugustu aldarinnar. Gluggað er í manntöl á Hörgársveitarsvæðinu allt frá 1703 til 1960 og sagt frá stöðu mála í sveitarfélaginu um síðustu áramót. Skoðuð eru nöfn gamalla býla á svæðinu og settar fram skýringar á nokkrum sem þóttu afbrigðileg. Nokkrar síður eru með gömlum myndum. Ritið er prentað í lit.

Bókina, sem kostar 4000 kr., má nálgast hjá formanni félagsins, Árna Arnsteinssyni, netfang dynhagi@isl.is og ritstjóra Guðmundi Steindórssyni, netfang gudps@simnet.is.

Stjórn Bjargráðasjóðs hefur gefið út endurskoðaðar reglur um styrkveitingar sem þegar hafa tekið gildi. Bændur eru hvattir til að kynna sér reglurnar vel til að tryggja að umsóknir berist innan tímamarka og að nauðsynleg gögn berist sjóðnum til úrvinnslu styrkumsókna. Umsóknarform er að finna á vefsíðu Bjargráðasjóðs, www.bjargradasjodur.is og fyrirspurnum er svarað á netfanginu bjargradasjodur@bjargradasjodur.is.

Almennar reglur um meðferð styrkumsókna

1. gr. Forsendur styrkveitingar

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 49/2009 um Bjargráðasjóð, tekur stjórn sjóðsins afstöðu til styrkumsókna sem berast. Styrkveitingar koma aðeins til greina ef umsókn uppfyllir skilyrði 8. gr. sömu laga. Sjóðurinn hefur heimild til að styrkja meiriháttar tjón sem verður vegna kals, skriðufalla á ræktað land, tún og akra og á heyi sem notað er við landbúnaðarframleiðslu. Styrkir eru ekki veittir vegna tjóns á gripum eða afurðum, né heldur mannvirkjum, öðrum en girðingum og rafmagnslínum sem tengjast landbúnaði. Umsókn þarf að berast svo fljótt sem verða má, en eigi síðar en innan 3ja mánaða frá því að tjónið á sér stað til þess að teljast gild. Berist umsókn eftir að viðgerðum er lokið hefur umsækjandi fyrirgert rétti sínum til styrkveitingar.

2. gr. Ákvörðun um styrkveitingu

Umsókn er ekki tekin til meðferðar af stjórn sjóðsins nema umsækjandi leggi fram gögn sem staðfesta að um sé að ræða meiriháttar beint tjón, sem nemi að lágmarki kr. 1.500.000 af völdum náttúruhamfara eða óvenjulegra kulda, þurrka, óþurrka og kals. Þegar um er að ræða fóðurvöntun þarf tjónið einnig að nema a.m.k. 25% af fóðurþörf umsækjanda. Umsækjandi ber ávallt sjálfur kostnað sem nemur að lágmarki kr. 1.500.000,- í hverju tjóni.
Ef umsókn kemur til álita, er umsækjandi upplýstur um þau skilyrði sem stjórn setur við veitingu styrksins, m.a. um tímalengd frests til viðgerðar og hvort og þá hvenær matsmaður muni koma til að leggja mat á aðstæður. Þegar umsækjandi hefur lokið viðgerðum leggur hann fram reikninga fyrir útlögðum kostnaði vegna verksins og fullnægjandi staðfestingu á að umræddir reikningar tilheyri því tjóni sem tilkynnt hefur verið. Uppgjör fer fram þegar skilyrði fyrir styrkveitingu hafa verið uppfyllt og er styrkhlutfall ákveðið af stjórn hverju sinni með hliðsjón af umfangi tjóns, eigin framlagi til viðgerða og annarra þátta sem kunna að skipta máli. Í umfangsmiklum tjónum getur stjórn tekið ákvörðun um að áfangaskipta viðgerðum þannig að unnt sé að greiða inn á styrkinn í samræmi við framvindu verkefnis. Ákvörðun stjórnar er endanleg á stjórnsýslustigi og um afturköllun og endurupptöku ákvörðunar fer samkvæmt stjórnsýslulögum.

3. gr. Umsókn

Styrkumsóknir skulu berast í gegnum heimasíðu Bjargráðasjóðs, www.bjargradasjodur.is í gegnum þar til gert umsóknarform. Ekki er tekið við umsóknum á öðru formi.
Í umsókninni skal eftirfarandi koma fram að lágmarki:

a) Nafn, kennitala, símanúmer, netfang og bankareikningur umsækjanda.
b) Staðsetning tjóns, heimilisfang og landnúmer.
c) Orsök tjóns og dagsetning atburðar.
d) Greinargóð lýsing á skemmdum. Ef tjón verður á girðingum, þarf að koma fram tegund og samsetning girðingar (gaddavír / net / rafmagn / tréstaurar / stálstaurar), aldur, ástand fyrir atburð, lengd á skemmdu svæði og fjöldi brotinna staura. Ef tjón eða uppskerubrestur verður á heyi vegna kulda, þurrka, óþurrka eða kals, þarf að leggja fram upplýsingar um heyforða úr haustskýrslum síðustu þriggja ára á undan, auk skýrslu fyrir það ár sem tjónið varð á.
e) Ljósmyndir, loftmyndir með skýringum, eða önnur gögn sem sýna umfang tjóns.

4. gr. Yfirferð gagna

Umsýsluaðili fer yfir innsend gögn fyrir hönd stjórnar og metur hvort þau séu fullnægjandi. Leggi umsækjandi ekki fram fullnægjandi gögn til að hægt sé að taka afstöðu til umsóknarinnar, kallar umsýsluaðili eftir þeim og veitir hæfilegan frest til viðbragða af hálfu umsækjanda. Verði umsækjandi ekki við þeirri beiðni er upplýst um lokafrest til innsendingar gagna og málinu lokað af hálfu umsýsluaðila að þeim tíma liðnum, hafi upplýsingar ekki borist.

5. gr. Mat á tjóni

Telji umsýsluaðili þörf á, er aflað mats á umfangi tjóns frá sérfróðum aðila. Við ákvörðun um styrkveitingu, skal miðað við að hið skemmda verði eins, eða því sem næst eins og það var fyrir tjónsatburð. Þannig skal taka mið af ástandi og raunverulegu verðmæti þess skemmda, þegar tjónið varð. Ef um er að ræða tjón vegna uppskerubrests, skal taka mið af meðal uppskeru, a.m.k. síðustu þriggja ára til samanburðar við það ár sem tjónið átti sér stað.

6. gr. Önnur ákvæði

Ef styrkir skv. reglum þessum eru ofgreiddir miðað við endanlegar forsendur styrkveitingar, ber styrkhafa að endurgreiða sjóðnum hið ofgreidda fé.

Reglur þessar voru samþykktar af stjórn Bjargráðasjóðs þann 9. maí 2025.



Jákvæð þróun á tíðni þrýstingsáverka í munni keppnishesta á LM2024

Skoðunin „Klár í keppni“ er velferðarskoðun á keppnishestum sem miðar að því að greina álagseinkenni í munni og stoðkerfi auk almennra heilbrigðisþátta. Markmiðið er að tryggja sem kostur er heilsu og velferð hrossa í sýningum og keppni. Tilgangurinn er enn fremur að afla gagna sem geta nýst til að gera sýningar og keppni á íslenska hestinum hestvænni.



Sigríður Björnsdóttir.

Skylt ert að skoða hross sem koma fram í sýningu og keppni á stórmótum (LM og ÍM) með þessum hætti og hefur skoðunin verið sambærileg frá árinu 2012 að öðru leyti en því að ítarlegri skoðun á álagseinkennum á fótum var innleidd á LM2022.

Þrýstingsáverkar í munni hafa



reynst mikilvægur velferðarvísir fyrir keppnishesta og raunar öll hross sem notuð eru til reiðar, þar sem þeir endurspegla þrýsting frá mélum og múlum á slímhúð í munni hestanna.

Skoðun sem framkvæmd er fyrir milliriðla í gæðingakeppni á landsmótum gefur mynd af álaginu sem var í forkeppninni og hafa niðurstöður þeirrar skoðunar verið notaðar til að fylgjast með þróuninni milli landsmóta. Sem betur fer er þróunin jákvæð þar sem heildartíðni þrýstingsáverka í munni hefur lækkað úr 67% á LM2012 í 21% á LM0224 (Mynd 1 og Tafla 1). Enn meira hefur dregið úr þrýsingsáverkum á kjálkabeini og þeir sem eftir standa eru mun vægari en raunin var árið 2012. Jákvæð áhrif á velferð hestanna eru því ótvíræð.

Seinni skoðun var framkvæmd fyrir úrslit gæðingakeppninnar (eftir milliriðlana) og sýna niðurstöður hennar í raun litla breytingu frá hinni fyrri, ólíkt því sem kom fram á LM2012 þegar tíðnin hækkaði jafnt og þétt eftir því sem leið á mótið. Á LM2024 kom þvert á móti fram lægri tíðni hjá þeim hrossum sem komust í úrslit, sem bendir þá til þess að hestar með þrýstingsáverka í munni hafi síður komist áfram í keppninni. Fáein ný tilvik bættust þó við.

	Fjöldi skoðana fyrir milliriðla/ yfirlitssýningu	Hross með þrýstings-áverka	%	Fjöldi skoðana fyrir úrslit	Hross með þrýstings-áverka	%
A-fl	30	8	27	16	2	25
B-fl	30	7	23	15	4	27
U-fl	30	4	13	15	1	7
Gæðingakeppni alls	90	19	21	46	7	15
Hryssur	73	12	16			
Stóðhestar	56	11	20			
Kynbótahross alls	129	23	18			
Skeiðkappreiðar 150&250m	24	6	25			
Tölt*	30	3	10	10	3	30



Mynd 1.

> Enginn vafi leikur á að hin sérstaka forkeppni sem riðin er á landsmótum er mjög krefjandi fyrir hesta og full ástæða til að skoða það fyrirkomulag gagnrýnum augum

Á LM2024 voru öll kynbótahross skoðuð með sama hætti fyrir yfirlitssýningu með það í huga að bera þær niðurstöður saman við gæðingakeppnina. Ekki kom fram marktækur munur á tíðni þrýstingsáverka á milli keppnis- og kynbótahrossa sem endurspeglar mögulega að álagið á hestana sé svipað í keppni og kynbótasýningu.

Þá voru keppnishestar í 150 og 250 m skeiði skoðaðir milli spretta á LM2024. Tíðni þrýstingsáverka í munni var allhá, eða 25% hjá þeim hópi.

Að lokum eru í töflunni hér að neðan birtar niðurstöður fyrir skoðanir á keppnishrossum í tölti (T1) en hafa ber í huga að sú skoðun er ekki fyllilega sambærileg þar sem hrossin voru skoðuð fyrir forkeppni (engir milliriðlar í töltkeppninni). Skoðun fyrir úrslit sýndi hækkaða tíðni en úrtakið var þá mjög lítið, aðeins 10 hross, og því ber að taka þeim niðurstöðum með fyrirvara.

Tafla 1. Niðurstöður „Klár í keppni“ á LM 2024

***Skoðun fyrir forkeppni**

Þrýstingsáverkar í munni er gagnlegur velferðarvísir og mælistika fyrir þrýsting á munn hestsins – en segir að sjálfsögðu ekki alla söguna

Fjölmargir þættir hafa áhrif á þrýsting á munn hesta og þar með hættuna á þrýstingsáverkum. Líkamsbeiting og form hestanna eru þar á meðal. Þvingaður höfuðburður, einkum ef nefið er fyrir aftan lóðlínu, getur hindrað súrefnisflæði til lungna. Barkakýlið er flöskuhálsinn á þeirri leið og þrengist t.d. við mikla hnakkabeygju og stífan háls. Það segir sig sjálft að hross sem lenda í andþröng reyna að komast út úr þeirri stöðu, sem eykur á taumþrýstinginn.

Beislisbúnaðurinn hefur einnig mikil áhrif, bæði beint og óbeint. Tíðni þrýstingsáverka nær helmingaðist strax á LM2014, í kjölfar banns við notkun á stangamélum með tunguboga það sama ár. Alvarlegir þrýstingsáverkar á kjálkabeini heyra nánast sögunni til. Þá tók við tímabil þar sem meira var riðið við hringamél. Í kjölfarið fór tíðni þrýstingsáverka í mjúkkvef (kinnum og munnvikum) aftur hækkandi og náði í raun hámarki á LM2018. Sú lækkun sem aftur varð á milli LM2018 og LM2022 hefur að miklu leyti verið rakin til aukinnar notkunar á stangamélum á milli þessara tveggja móta.

Í gögnunum frá LM2024 kom ekki fram munur á tíðni áverka eftir mélanotkun og af þeim hrossum sem komust í milliriðla í A- og B-flokkum gæðinga var álíka mörgum hrossum riðið við hvora mélategund fyrir sig.

Jákvæð áhrif „venjulegra“ stangaméla á tíðni þrýsingssára í munni hesta skýrist væntanlega af því að þrýstingurinn dreifist með jafnari hætti, bæði inni í munni hestsins og utan hans, samanborið við hringamél. Stangamél eru þó engin lausn á of miklum þrýstingi eða óheppilegri líkamsbeitingu, mögulega bara leið fram hjá þrýstingssárum í munni. Mikil þörf er á frekari rannsóknum á þessu sviði.

Enginn vafi leikur á að hin sérstaka forkeppni sem riðin er á landsmótum er mjög krefjandi fyrir hesta og full ástæða til að skoða það fyrirkomulag gagnrýnum augum. Keppnisreglur og dómgæsla varða leiðina fyrir velferð keppnishesta og þurfa að vera í stöðugri endurskoðun. Þau teikn sem hér koma fram um jákvæða þróun, samhliða framförum í reiðmennsku, eru hvatning til að gera enn betur. Verkefnið er endalaust og nægt svigrúm til framfara.

Fleiri velferðarvísar í þróun

Heilbrigðir fætur eru lykilþáttur fyrir velferð keppnishesta og möguleika þeirra á að ná árangri. Við ofþjálfun eða of mikið álag í keppni koma áhrifin fram í stoðkerfinu og mikilvægt er að greina merki þess á frumstigum til að fyrirbyggja varanlegt tjón.

Með auknum rannsóknum og nýrri tækni skapast stöðugt fleiri möguleikar á að meta velferð keppnishesta með hlutlægum hætti og skapa þannig grundvöll fyrir áframhaldandi framfarir í þágu velferðar íslenska hestsins.

Höfundur er sérgreinadýralæknir hrossa hjá Matvælastofnun.





Þurrkskemmdir á trjám að vori

Um þetta leyti á vorin fer oft að bera á skemmdum á trjágróðri sem við fyrstu sýn gæti alveg eins verið af völdum sjúkdóma eða meindýra.

Þegar betur er að gáð eru þessar skemmdir ekki jafndreifðar á trjánum heldur eru þær verri á þeim hluta trjánna sem stendur á móti ríkjandi vindátt, á móti sól eða á þeim hluta sem staðið hefur upp úr snjó um veturinn.

Þetta bendir til þess að orsökin sé ekki af völdum meindýra eða sjúkdóma, heldur tengist frekar veðurfari eða öðrum umhverfisaðstæðum. Þurrkskemmdir að vori eru nokkuð algengar hérlendis, sérstaklega á þeim árum þegar mikið er um lægðir yfir vetrartímann og salt frá sjó fýkur yfir landið.

Furur eru sérstaklega viðkvæmar fyrir þessum skemmdum en þó geta ýmis önnur barr- og lauftré skemmst. Skemmdir af þessum toga stafa af samspili vinds, aukinni sólargeislun og breytilegu hitastigi á meðan frost er enn þá í jörðu. Á veturna er alltaf örlítil öndun til staðar hjá barrtrjám þó að plantan sé í dvala og þá gufar vatn upp úr nálunum í litlu magni. Aukinn vindur og hærra hitastig í umhverfinu eykur uppgufun vatns úr nálunum. Við þessar aðstæður þorna trén hratt upp og á meðan frost er enn í jörðu ná þau ekki vatni úr jarðveginum til þess að leiða upp í nálarnar sem veldur þurrki. Þar að auki getur ákoma salts með vindi frá sjó aukið á skaðann. Saltið sest á nálar trjánna, dregur í sig vatn og þurrkar nálarnar upp. Saltákoma eykur því uppgufun vatns enn fremur úr nálunum og veldur meiri þurrki. Á barrtrjám gulna nálarnar og verða á endanum rauðar. Skemmdir á lauftrjám lýsa sér aftur á móti þannig að jaðarinn á laufunum dökknar og sölnar.



Helga Ösp Jónsdóttir.



Brynja Hrafnkelsdóttir.

Afleiðingar þessara skemmda geta verið mismunandi, allt frá minni háttar skaða á litlum greinum og brumum upp í stóran greinadauða eða jafnvel trjádauða. Vanalega er ekki hægt að vera viss um hversu alvarlegar skemmdirnar eru fyrr en þegar líður á sumarið. Þá er hægt að sjá hvaða hlutar verða grænir og eru lifandi. Ræktendur geta ekki mikið gert til að sporna við þessu eftir að skemmdir koma fram. Ekki er mælt með að fjarlægja brúnar greinar eða plöntur strax, þar sem þær jafna sig oftast seinna meir ef brum eru óskemmd. Ef tíminn leiðir í ljós að greinar eða toppar eru dauðir gæti hugsanlega hjálpað plöntunni að fjarlægja þá hluta af henni.

Til að draga úr líkum á skemmdum af þessum toga er hægt að huga vel að gróðursetningarstað og vali á trjátegund. Sumar trjátegundir þola þurrkskemmdir betur en aðrar, t.d. sitkagreni og blágreni. Ef þekkt er að trjátegund sé viðkvæm fyrir þurrkskemmdum að vetri er betra að forðast að gróðursetja þá tegund á berangur og svæði þar sem vindhraði getur orðið mikill og ef saltákoma er líkleg. Í görðum og þéttbýli er hægt að útbúa skjól gegn vindi fyrir stök tré og einnig getur hjálpað til að vökva vel að hausti á meðan jörð er ófrosin.

Höfundar eru sérfræðingar hjá Landi og skógi

Langar þig að sauma þjóðbúning?

Heimilisiðnaðarfélag Íslands býður upp á fjölbreytt námskeið í þjóðlegu handverki, þar á meðal þjóðbúningagerð. Félagasamtök og hópar um land allt geta haft samband og óskað eftir þjóðbúninganámskeiði í sinni heimabyggð!

Nánari upplýsingar má nálgast á netfanginu hfi@heimilisidnadur.is eða skoli@heimilisidnadur.is







Aðalfundir skógarbænda:

Aðalskipulagsmál í brennidepli

Aðalfundir skóigarbænda á Austurlandi, Vesturlandi og Suðurlandi fóru fram nýlega. Aðalskipulagsmál voru í brennidepli.

Austurland

Þorsteinn formaður setti fundinn og fór yfir það sem hafði verið í brennidepli á starfsárinu. Þar á meðal sagði hann frá vel heppnaðri heimsókn í Vallanes þar sem Eymundur og Eygló voru sótt heim. Ábúendur tóku á móti gestum í Asparhúsinu og sögðu gestunum frá ræktun, rekstri og ferðaþjónustunni sem þróast hefur í Vallanesi ásamt því að fara í skógargöngu um Orminn, sem er orðin vel þekkt gönguleið fyrir gesti og gangandi. Þar voru einnig skógarhöggsvélar við vinnu og gátu félagsmenn skoðað vinnubrögð þeirra.

Á fundinum var kosið til stjórnar FsA og er hún skipuð sem hér segir: Formaður er Lilja Sigurðardóttir, frá Ormsstöðum, gjaldkeri er Sigfús Jörgen Oddsson, Staffelli, ritari er Loftur Jónsson, Stóra Sandfelli 1 og meðstjórnendur eru Þorsteinn Pétursson, Víðivallagerði og Helgi Bragason, Setbergi. Varamenn í stjórn eru Karl Jóhannsson, Þrepi og Sigbjörn Óli Sævarsson, Rauðholti. Úr stjórninni gengu þau Vigdís Sveinbjörnsdóttir, Egilsstöðum og Kjartan Glúmur Kjartansson, Hóli.

Jóhann Gísli Jóhannsson sagði frá hugmyndum eflingar Búnaðarsambands Austurlands og talaði um að með samheldnum samtökum allra búgreina á Austurlandi væri hægt að ná meiri árangri heldur en eins og nú er þegar hver búgrein stendur fámenn að sínum málum. Umræðuhópur vinnur að málinu.

Hrefna Jóhannesdóttir, sviðsstjóri LOGS, fór yfir starfsmannamál LOGS á Austurlandi og gerði einnig grein fyrir úthlutunum ársins og fór yfir framboð skógarplantna en töluverð afföll urðu vegna krefjandi veðurfars á liðnu ári.

Hjörtur Bergmann Jónsson, formaður SKÓGBÍ, hélt þrumuræðu þegar hann sagði frá starfi deildarinnar. Hann hvatti skógarbændur á Austurlandi til að fjölmenna í samtökin því saman ættum við sterkari rödd á meðal jafningja í Bændasamtökunum.

Aðalskipulagsbreytingar hjá Múlaþingi voru mikið ræddar. Það þykir undarlegt að þrengja eigi að nýrækt skóga með stærðarmörkum upp á 50 hektara á meðan við blasir að Fljótsdalshérað er ein búsældarlegasta sveit landsins og er þar ekki síst fyrir að þakka góðu skógræktarstarfi síðustu áratuga. Fundurinn ályktaði um að skila yrði inn kjarngóðri umsögn um málið í von um að stjórnvöld sveitarfélagsins áttuðu sig á mikilvægi skógræktar, einkum í því skyni að styðja og efla búsetu og matvælaframleiðslu í sveitarfélaginu.

Á fundinum bauð kvenfélagið Bláklukkan upp á kótelettur og dýrindis hnallþórur og var langt liðið fram á kvöldið þegar ákveðið var að haldinn yrði auka aðalfundur síðar þar sem ljóst var að meiri tíma þyrfti til að ræða um bæði fjármál og kurlara.

/Stjórn FSA.

Vesturland

Aðalfundur FsV var haldinn á Hótel Hamri þriðjudaginn 8. apríl síðastliðinn. Sigurkarl formaður setti fundinn. Mættir voru 26 manns. Rifjaði hann upp nokkra punkta í sögu félagsins sem stofnað var á 16 manna fundi 1997. Skemmtilegt var að tveir þessara stofnfélaga voru einmitt staddir á fundi dagsins, þeir Guðbrandur Brynjúlfsson og Guðmundur Sigurðsson. Sést vel á þeim hve skógarlífið er hollt og gott. Tvö snemmgrisjunarnámskeið voru haldin undir leiðsögn Valdimars Reynissonar, það fyrra á Hálsi á Skógarströnd í apríl í fyrra og annað nú í apríl á Oddsstöðum, Lundarreykjadal. Bæði námskeiðin voru fróðleg og heppnuðust mjög vel. Í júní, á afmæli félagsins, var farið í heimsókn að Brekkuskógi við Búðardal og svo að Hrútsstöðum. Bergþóra og Böðvar tóku á móti okkur þar, gengið var um skógræktina og síðan var öllum boðið upp á veitingar í vélarskemmunni hjá þeim. Málþing var haldið á Laugum í Sælingsdal sem gerð hafa verið skil í Bændablaðinu á fyrra ári. Málþing skógarbænda verður næst haldið á Hótel Kjarnalundi 11. október nk.

Af kosningum er helst að segja að Sigurkarl Stefánsson situr áfram sem formaður og Jakob Kristjánsson situr áfram sem gjaldkeri. Helga Ragnarsdóttir kemur ný í stjórn og tekur við af Kristínu Magnúsdóttur sem ritari. Varamenn í stjórn eru Sóley Sigurgeirsdóttir og Þröstur Theodórsson

Þrjú ávörp voru á fundinum. Gústaf Jarl Viðarsson og Naomi Bos, skógræktarráðgjafar Lands og skóga á Vesturlandi, sögðu frá úthlutun plantna og framkvæmdum vegna skógræktar. Það voru gróðursettar um 800.000 plöntur í fyrra á Vesturlandi. Eftirspurn er mun meiri en framboðið vegna takmarkaðra fjárveitinga. Fyrirspurnir komu um áhrif lúpínu á skógrækt og eldvarnir ræddar og sitthvað fleira.

Næst fór Hjörtur Bergmann Jónsson, formaður búgreinadeildar skógarbænda hjá BÍ, yfir samstarfið við Bændasamtökin sem er í uppgangi og afa jákvætt. Hjörtur hvatti alla skógarbændur til að ganga í BÍ. Hann sagði frá væntanlegu samstarfi við samtök skógarbænda Evrópu og Norðurlöndum. Einnig sagði hann frá því að CE vottun á burðarvið er frágengin.

Loks sagði Reynir Kristinsson hjá Kolviði frá því að sala kolefniseininga hafi dregist saman á síðastliðnum árum. Fyrir því liggja ýmsar ástæður.

Að lokum var greint frá því að Guðrún og Jóhannes í Efri-Hreppi bjóða heim í kringum 23. júní í árlega afmælisferð félagsins. Ferðin verður auglýst síðan.

Góður fundur í góðum hópi. Alltaf gaman þegar skógarbændur koma saman. *Sigurkarl Stefánsson.*



Nýkjörin stjórn FsA, fv. Karl Jóhannsson, Þorsteinn Pétursson, Loftur Þór Jónsson, Lilja Sigurðardóttir og Sigfús Jörgen Oddsson. Helga Bragason og Sigbjörn Óla Sævarsson vantar á mynd. Mynd / Aðsend







STARTARAR
OG
ALTERNATORAR
VERKSTÆÐI OG VARAHLUTAÞJÓNUSTA



EIGUM MIKIÐ ÚRVAL Á LAGER - VIKULEGAR PANTANIR - BJÓÐUM UPP Á SÉRPANTANIR

RAFSTILLING REKI
rafstilling.is - rafstilling@rafstilling.is - 581-4991



Fundað var á Selfossi. Mynd / Eysteinn Guðni Guðnason

Suðurland

Formaður flutti skýrslu í upphafi fundar, en fundargerðin, ásamt skýrslu stjórnar, er birt eins og áður undir www.skogarbondi.is/sudurland.

Björn Bjarndal Jónsson kynnti verkefnið „Úr skógi“ sem snýst um að kanna og þróa úrvinnsluleiðir fyrir nytjaafurðir úr skógum með það markmið að finna leiðir til að skapa verðmæti úr þeim hráefnum sem fást við grisjun og nýtingu á trjám í íslenskum skógum. Myndaður var samráðshópur sem saman stóð af sérfræðingum af ýmsum sviðum, þar á meðal skógrækt, hönnun, iðnaði og fræðasamfélaginu. Vinnuna leiddi verkfræðistofan EFLA. Í skýrslu koma fram ítarlegar upplýsingar um m.a. skógardreifingu á Íslandi, tiltækt viðarmagn, timburgæði, innfluttar viðarafurðir, verð, o.fl. Forval á hugmyndum var kynnt m.a. til nýtingar viðarafurða bæði sem óunnar og unnar timburvörur, til orkunýtingar, sértækar vörur, upplifun, o.fl. Margar skapandi, spennandi og áhugaverðar hugmyndir komu fram í þessum fyrsta fasa þessa verkefnis Úr skógi.

Sérstakur fyrirlesari fundarins var Böðvar Guðmundsson, fyrrverandi skógarvörður á Suðurlandi. Flutti hann erindi um upphafsár sín hjá Skógrækt ríkisins. Böðvar sýndi fjölda mynda, bæði frá upphafsárum sínum 1966 sem sumarstrákur hjá Skógræktinni að Skriðufelli í Þjórsárdal og fram á daginn í dag. Í lokin áréttaði Böðvar „mikilvægi þess að gæta vel að því að bæta inn í gróðursetningar, 2500 tré á hektara er lágmark til að fá upp almennilegan timburskóg“.

Hjörtur Bergmann, formaður SkógBÍ, ávarpaði fundinn og kynnti starf skógarbændadeildar Bændasamtakanna. Ræddi hann m.a. um skipulagsmál og hversu misjafnar kröfur eru á milli sveitarfélaga sem eru verulega íþyngjandi fyrir skógarbændur. Að lokum hvatti Hjörtur alla skógarbændur til að skrifa greinar í Bændablaðið og mæta á málþing skógarbænda sem verður haldið 11. október í Kjarnalundi á Akureyri.

Í lok fundar fór Björgvin Eggertsson frá Garðyrkjuskólanum Reykjum-FSU yfir starf Garðyrkjuskólans og endurmenntun í græna geiranum. Í framhaldi af því kynnti hann samstarf milli atvinnulífs og endurmenntunar Garðyrkjuskólans á Reykjum ásamt samstarfsyfirlýsingu milli skólans og Bændasamtaka Íslands.

Sagði hann frá nokkrum áhugaverðum námskeiðum við skólann, eins og húsgagnagerð, áhættumat trjáa, trjáfellingar, trjá- og runnaklippingar, jólatrjárækt, o.fl.

Stjórn FsS er óbreytt. Björn Bjarndal Jónsson er formaður, Ragnheiður Aradóttir er ritari, Hrönn Guðmundsdóttir er gjaldkeri og Sólveg Pálsdóttir og Októ Einarsson eru meðstjórnendur. Varamenn eru Rafn A. Sigurðsson, Sigríður Jónína Sigurfinnsdóttir og Hólmfríður Frostadóttir. Hólmfríður kom inn í stað Agnesar Geirdal sem hættir nú eftir áralanga setu í stjórn.

Októ Einarsson og Björn Bjarndal.









Kynbótasýningar vorsins og FM2025

Opnað var á skráningar á kynbótasýningar mánudaginn 5. maí. Skráningar fóru vel af stað og þegar þetta er skrifað er orðið uppselt á tvær sýningar, Rangárbakka dagana 26. til 28. maí og Rangárbakka 16. til 20. júní. Skráning og greiðsla fer fram eins og síðustu ár í gegnum heimasíðu RML www.rml.is en á forsíðunni er flýtihnappur sem skráð er í gegnum. Á forsíðu WorldFengs er einnig hægt að skrá hross til sýningar. Nánari leiðbeiningar varðandi skráningar er að finna á heimasíðu RML.



Halla Eygló Sveinsdóttir.



Þorvaldur Kristjánsson.

Í meðfylgjandi töflu má sjá hvaða sýningarstaðir eru í boði og lokaskráningardag á hverja sýningu en skráningu þarf að vera lokið á miðnætti þess dags. Ef sýning fyllist lokast sjálfkrafa á sýninguna þó svo skráningarfrestur sé ekki útrunninn. Eigandi/umsjónamaður hrossins verður þá að velja aðra sýningu. Til að fá aðstoð er hægt að hringja í síma 516-5000, eða senda tölvupóst á netföngin halla@rml.is og hross@rml.is. Við bendum á að utan dagvinnutíma eru starfsmenn RML ekki til staðar til að svara síma eða tölvupósti og því hvetjum við eigendur/umsjónamenn hrossa til að skrá tímanlega.

RML áskilur sér rétt til að fækka dögum á sýningum ef skráningar eru færri en búist er við og sameina sýningar ef þess gerist þörf. Sýning verður ekki haldin nema lágmarksfjöldi skráninga náist sem eru 30 hross. Í töflu á síðunni má sjá sýningaáætlun vorsins og hvenær eru síðustu skráningadagar.

Allar upplýsingar um röðun niður á daga munu birtast á heimasíðunni www.rml.is, þegar þær eru tilbúnar sem verður nokkrum dögum fyrir sýningu.



Dómararnir Halla Eygló Sveinsdóttir, Guðlaugur V. Antonsson og Arnar Bjarki Sigurðsson. Mynd / Anna Guðrún Grétarsdóttir

Sýningargjöld og fleira

Verð fyrir fullnaðardóm er 44.600 kr. en fyrir sköpulagsdóm/hæfileikadóm 33.960 kr. Ganga þarf frá greiðslu um leið og hrossið er skráð. Hægt er að greiða með debet- eða kreditkortum, ekki er hægt að greiða með millifærslu. Um leið og hrossið hefur verið skráð og greiðsla framkvæmd, birtist hrossið strax inn á viðkomandi sýningu. Ef það gerist ekki er rétt að kanna hvort eitthvað hafi farið úrskeiðis við skráninguna. Aðeins þau hross sem hlotið hafa fullnaðardóm á sama sýningarári er hægt að skrá eingöngu í reiðdóm.

Endurgreiðslur á sýningargjöldum koma því aðeins til greina ef forföll eru tilkynnt með tölvupósti fyrir kl. 16:00 síðasta virka dag fyrir upphaf sýningarviku á netfangið hross@rml.is. Endurgreitt er 26.315 kr. fyrir hross sem skráð hefur verið í fullnaðardóm og 20.000 kr. fyrir hross sem hefur verið skráð í sköpulags- eða hæfileikadóm. Þessar endurgreiðslur miðast við núverandi forsendur. Slasist hross eftir að sýning hefst er sama hlutfall endurgreitt gegn læknisvottorði.

Endurgreiðslukrafa vegna slasaðra hrossa þarf að hafa borist fyrir 1. júlí. Skipti knapi út hrossi í sýningu og velji að sýna annað hross en það sem skráð er, ber sá hinn sami fulla ábyrgð gagnvart þeim sem greiddi fyrir plássið. Greiðsla fyrir það hross sem skipt var út verður notuð til greiðslu á hrossinu sem kom í staðinn.

Minnum á eftirfarandi:

Ekki er hægt að skrá hryssur eða geldinga til sýningar nema búið sé að taka úr þeim stroksýni til DNA-greiningar og staðfesting á því liggi fyrir í WF.

Allir stóðhestar verða að vera DNA-greindir svo og foreldrar þeirra.

Úr öllum stóðhestum fimm vetra og eldri þarf að liggja fyrir í WF að búið sé að taka blóðsýni og röntgenmynda vegna spatts.

Ekki er hægt að skrá hross á kynbótasýningu nema þau séu örmerkt

Ef örmerki finnst ekki í hrossi sem mætir til dóms ber að örmerkja það á staðnum og taka stroksýni úr nös til DNA-greiningar á ætterni, með þeim kostnaði sem af því hlýst fyrir eiganda/forráðamann. Örmerki og DNA-sýni þurfa ávallt að fylgjast að.

Ekki er hægt að skrá hross til sýningar nema ofantaldar kröfur séu uppfylltar og skráning liggi fyrir í WorldFeng. Hross sem koma inn á sýningu í stað annarra skráðra hrossa og uppfylla ekki þessi skilyrði, verður án undantekninga vísað frá sýningu strax hjá mælingamanni. Sýningargjald er ekki endurgreitt í slíkum tilfellum.

Ef þess er nokkur kostur þá er fyrir alla aðila farsælast að skrá rétt hross á sýningu strax í upphafi því það einfaldar alla vinnu á sýningarstað. Munum því eftir að taka sýni og röntgenmyndir í tíma.

Dómar á tölti og skeiði – breytingar í vor

Í dómskala kynbótahrossa hefur staðið að til að hljóta 9,0 eða hærra fyrir tölt þurfi að sýna fram á að hesturinn sé sjálfberandi þegar honum er riðið í nokkrar sekúndur á slökum taumi. Það er nú búið að taka þetta út sem kröfu til hæstu einkunna og framvegis þarf ekki að sýna hestinn á slökum taumi til að fá 9,0 eða hærra fyrir tölt (einungis nefnt sem möguleiki til hækkunar). Hérna er textinn í dómskalanum er snýr að tölti eftir breytingu:

Töltið er dæmt á öllum þeim hraðastigum sem hesturinn býr yfir,



Dags.	Staður	Lokaskráningardagur
26.5- 28.5	Rangárbakkar við Hellu, vika 1	Lokuð -uppselt
02.6- 06.6	Rangárbakkar við Hellu, vika 2	föstudagur 23. maí
02.6- 06.6	Hólar í Hjaltadal, vika 1	föstudagur 23. maí
10.6- 13.6	Rangárbakkar við Hellu, vika 3	föstudagur 23. maí
10.6- 13.6	Borgarnes	föstudagur 23. maí
10.6-13.6	Sprettur, Kópavogi	föstudagur 23. maí
16.6- 20.6	Sörlastaðir, Hafnarfirði	föstudagur 23. maí
16.6- 20.6	Rangárbakkar við Hellu, vika 4	Lokuð - uppselt
16.6- 20.6	Hólar í Hjaltadal, vika 2	föstudagur 23. maí

þ.e. á hægri ferð, milliferð og greiðri ferð. Til þess að hljóta einkunn upp á 9,0 eða hærra er gerð krafa um að sýnd sé hraðabreyting (þ.e. greinileg uppkeyrsla og/eða niðurhæging) og að hesturinn viðhaldi þar takti, jafnvægi og mýkt. Ef sýnt er fram á að hesturinn sé sjálfberandi á slökum taumi getur það haft jákvæð áhrif á einkunnina.

Þá hefur eftirfarandi vinnuregla verið við dóma á skeiði á yfirlitssýningum:

Hross, sex vetra og eldri, sem hljóta 5,0 fyrir skeið í dómi verða að skeiða upp á að lágmarki 6,5 til að hreyfa einkunn.

Þessi regla hefur verið tekin út til einföldunar. Áfram er það þannig að til að hækka einkunn fyrir skeið á yfirlitssýningu verður að sýna hrossið einnig á tölti, þar sem horft er til þess að gæði töltsins séu svipuð og í dómi. Ef svo er ekki, þá verður einkunn fyrir skeið að vera að lágmarki 0,5 stigum lægri en sýning þess á yfirlitssýningunni býður upp á. Þessi vinnuregla hefur verið við lýði og heldur áfram og fær hrossið þá einkunn sem sýningin á yfirlitssýningu býður upp á óháð því hvaða einkunn hrossið fékk í dómi.

Þessi breytingar voru samþykktar á fundi ræktunarleiðtoga FEIF-landanna í byrjun febrúar og taka gildi í vor.

Nánari upplýsingar um reglur og annað sem viðkemur kynbótasýningum má finna á heimasíðunni www.rml.is eða hringja í síma 516-5000 hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Einnig er hægt að senda tölvupóst á netfangið hross@rml.is.

Það er því mikilvægt að eigendur kynbótahrossa fari yfir upplýsingar um heimilisfang sitt í heimaréttinni í WorldFeng en það er hægt að lagfæra þær upplýsingar í flipanum Um mig í heimaréttinni ef þær eru ekki réttar. Ákveðinn fjöldi efstu hrossa í hverjum flokki byggt á aðaleinkunn þeirra eiga þátttökurétt á mótinu (sjá fjölda í töflu hér að neðan). Miðað er við að 86 kynbótahross verði á mótinu. Þegar kynbótasýningarnar byrja í vor verður birtur stöðulisti í WorldFeng sem sýnir hvaða hross eru inni á mótinu hverju sinni. Ef fleiri en eitt hross eru jöfn í síðasta sæti inn á mótið þá er þeim öllum heimil þátttaka á mótinu. Eins verða eigendur hrossa sem vinna sér þátttökurétt á mótinu en ætla sér ekki að mæta með þau af einhverjum ástæðum beðnir um að láta vita fyrir ákveðna dagsetningu, þannig að hægt sé að bjóða hrossum sem eru neðar á listanum þátttöku á mótinu.

Fjöldi kynbótahrossa á FM 2024:

	4 vetra	5 vetra	6 vetra	7 v. og eldri	Samtals
Stóðhestar:	10	12	10	8	40
Hryssur:	10	16	12	8	46

Fjórðungsmót 2025

Fjórðungsmót verður haldið á Vesturlandi í ár, nánar tiltekið í Borgarnesi, dagana 3.–6. júlí. Hross sem eru í eigu aðila á Vesturlandi, Vestfjörðum, Húnavatnssýslum, Skagafirði eða Eyjafirði eiga þátttökurétt á mótinu og er miðað við að lágmarki 25% eignarhlut.

Heimsmeistaramót í Sviss

Heimsmeistaramót íslenska hestsins verður haldið í Sviss dagana 4.–10. ágúst. Stefnt er að því að 6 kynbótahross fari fyrir hönd Íslands á mótið eins og verið hefur, í flokkum stóðhesta og hryssna; fimm, sex og sjö vetra og eldri. Val kynbótahrossa á HM verður að liggja fyrir 1. júlí í ár og verður því valið úr kynbótahrossum sem sýnd verða á sýningum á undan þeirri dagsetningu. Efstu hross sem eru í boði í hverjum flokki verða valin á mótið hvar sem þau eru sýnd í heiminum svo fremi sem þau séu fædd á Íslandi.

Sýningarárið 2025 með Fjórðungsmóti á Vesturlandi og Heimsmeistaramóti í Sviss er sannkallað tilhlökkunarefni og væntum við hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins góðs samstarfs við hrossaræktendur og sýnendur nú í vor sem endranær.

www.bbl.is

HÚNAVELLIR

Fullkominn staður fyrir fjölskylduna!

Hópatilboð í boði fyrir ættarmót, stórafmæli, fjölskyldu- og vinafögnuði!

Allar upplýsingar á www.hunavellir.is og í síma 861-2319.

- Tjaldsvæði með rafmagni
- Gistiheimili
- Sundlaug & heitur pottur
- Líkamsrækt
- Leiksvæði fyrir börn
- Sparkvöllur
- Veiði í Svínavatni
- Rafmagnshjólaleiga
- Morgunverðahlaðborð

Úthlutun lóða á þjóðlendum í Þórsmörk, Goðalandi og Emstrum.

Rangárþing eystra auglýsir eftir leigutökum til að nýta lóðir innan þjóðlendumarka í Þórsmörk, Goðalandi og við Emstrur(Botnar). Leyfi Rangárþings eystra þarf til að nýta land og landsréttindi á svæðinu, sbr. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlenda og afrétta. Jafnframt þarf samþykki forsætisráðuneytisins þar sem umrædd nýting á að vara lengur en til eins árs, sbr. 2. mgr. 3. Gr. sömu laga.

Skilmálar sem verður litið til við ákvörðun um leyfisveitingu á umræddu svæði eru eftirfarandi en ekki skal litið svo á að röðun þeirra gefi til kynna vægi einstakra skilmála innbyrðis. Sveitarfélagið áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum ef það metur umsóknir ekki fullnægjandi og uppfylli ekki markmið sveitarfélagsins fyrir svæðið.

Ferðafélag Íslands og Ferðafélagið Útivist eru nú þegar með rekstur og mannvirki á umræddum lóðum.

Húsadalur, Þórsmörk
Húsadalur 3 – stærð lóðar er 28.877,1 m²
Húsadalur 4 – stærð lóðar er 11.653,1 m²

Básar, Goðaland
Básar – stærð lóðar er 97.949,3 m²

Langidalur, Þórsmörk
Langidalur – stærð lóðar er 53.652,5 m²
Slyppugil – stærð lóðar er 5.713 m²

Efri-Botnar, Emstrur
Emstrur 1 – stærð lóðar er 443 m²
Emstrur 2 – stærð lóðar er 366 m²
Emstrur 3 - stærð lóðar er 511 m²

Deiliskipulag er í gildi fyrir ofangreind svæði, sem samþykkt voru 22. júní 2017 fyrir Þórsmörk og Goðaland. Deiliskipulag var samþykkt 7. október 2010 fyrir Emstrur. Lóðir hafa verið stofnaðar á grundvelli deiliskipulags.

Skilmálar sem Rangárþing eystra mun líta til við ákvörðun um úthlutun á umræddum lóðum eru meðal annars eftirfarandi:
- *Þekking á þjóðlendunum*
- *Þekking og reynsla af rekstri gisti- og ferðaþjónustu, s.s fjallaskála eða sambærilegra gistihúsa*
- *á miðhálendinu.*
- *Sveitarfélagið fer fram á að mannvirki séu samkvæmt gildandi deiliskipulagi.*
- *Frágangur mannvirkja og annarrar starfsemi. Sveitarfélagið mun leggja áherslu á að frágangur mannvirkja verði með þeim hætti að samræmist landslagi og stingi ekki í stúf við umhverfið.*
- *Greinargerð um áform um hvernig umsækjandi hyggist nýta lóð og mannvirki innan svæðanna og hvernig sú nýting samræmist skilmálum deiliskipulags.*
- *Hvað viðkomandi aðili eða félag vill greiða í leigu fyrir notkun á umræddum lóðum og til hversu langs tíma. Sveitarfélagið mun í ljósi samkeppnissjónarmiða leitast við að fá markaðsverð fyrir leigu á umræddum lóðum og að leigutími sé ekki til lengri tíma en 25 ára.*

Gildandi deiliskipulag er að finna á vefsjá sveitarfélagsins á www.map.is/ranga. Sveitarfélagið hvetur umsækjendur til að kynna sér gildandi deiliskipulag. Upplýsingar um svæðið má nálgast á heimasíðu Rangárþings eystra, www.hvolsvollur.is, og í gegnum netfangið bygg@hvolsvollur.is. Umsóknir skulu berast rafrænt á heimasíðu Rangárþings eystra.

Umsóknarfrestur er til og með 1. júní 2025.
Sé sótt um fleiri en eina lóð skal skila inn umsókn fyrir hverja fyrir sig

GOES TERROX 500L

Gæðahjól á góðu verði



1.199.000,-
Án Vsk. 966.953,-

Innspýting, rafmagnstýri, spili, dráttarkrók og sætisbaki. Hátt og lágt drif með læsingu. CVT kúpling, 25” dekk, 14 l. tankur. USB tengi, stuðarar Götuskráð T3b.

Umboðsaðilar: **Bikevik,** Reykjanesbæ. **KS,** Sauðarkróki. **Suður England,** Selfossi. **Lyngás** Hellu. **AB varahlutir,** Egilsstöðum. **Bílaforritun North-East** Akureyri.

NITRO
Nítró - Urðarhvarfi 4 - 557 4848 - nitro.is



Afkoma sauðfjárbúa batnaði árið 2023

– Afurðasemin skiptir máli

Nú liggja fyrir rekstrarniðurstöður úr afkomuvöktun sauðfjárbúa ársins 2023. Það má segja að helstu tíðindi þessarar vinnu séu að rekstrarniðurstaða búanna er nú réttum megin við núllið að meðaltali.



María Svanþrúður Jónsdóttir.



Oddný Steina Valsdóttir.



Guðfinna Harpa Árnadóttir.

Afurðaverð dilkakjöts hefur nú loks náð raungildi þess verðs sem bændum var greitt haustið 2014. Mikill munur er í breytilegum kostnaði á milli búa. Þó breytileiki á rekstri þessara búa sé mikill þá er greinilegt samband á milli afurðasemi og afkomu. Niðurstöðurnar sýna einnig fram á ákveðna stærðarhagkvæmni við framleiðslu dilkakjöts. Þau sauðfjárbú sem taka þátt í verkefninu reikna sér laun sem eru að jafnaði innan við helmingur meðallauna í landinu. Á heimasíðu RML er skýrslan „Rekstur sauðfjárbúa 2021–2023“ þar sem nánar er fjallað um niðurstöður verkefnisins og er sérstaklega vakin athygli á viðaukum hennar þar sem nánari úrvinnsla kemur fram.

Í þessari grein er stiklað á helstu niðurstöðum skýrslunnar sem rammar inn afkomu sauðfjárbúa sem eru með 200 vetrarfóðraðar kindur eða fleiri. Gögnin eru unnin upp úr rekstrargögnum 198 búa. Það er rúmlega 28% þeirra búa í landinu sem uppfylla þátttökuskilyrði og þau standa að baki 28,7% af dilkakjötsframleiðslunni. Rekstrargögnin eru tengd skýrsluhaldsgögnum hvers bús. Meðalbúið hefur 468 skýrslufærðar kindur og framleiðir 22,3 kg dilkakjöts á hverja vetrarfóðraða kind.

Til upprifjunar þá hófst þetta verkefni hjá RML um áramótin 2016–2017 með söfnun og greiningu rekstrargagna frá 44 sauðfjárbúum. Gögnin ná aftur til ársins 2014. Fram til þess tíma hafði hagtölusöfnun fyrir greinina og raunar landbúnaðinn í heild dalað mjög frá því sem áður þekktist. Það var því orðin brýn þörf á að ná betur utan um upplýsingar um rekstur og afkomu sauðfjárbúa.

Þátttökubúin og úrvinnsla gagna 2023

Búum í verkefninu hefur fjölgað jafnt og þétt á þessu tímabili. Með þátttöku fleiri búa og eftir því sem gögnin ná yfir stærri hluta framleiðslunnar styrkist ótvírætt gildi gagnanna til að endurspegla raunkostnað við framleiðslu sauðfjárafurða. Svona gagnasafn býður upp á gríðarlega möguleika til að skoða nánar og greina áhrifaþætti á rekstrarniðurstöður og fleiri þætti sem skipta máli í bústjórnarlegu samhengi. Þátttakendum í verkefninu gefst kostur á að fá greiningu fyrir sinn rekstur þar sem tekju- og kostnaðarliðir eru greindir niður á framleitt kg. Með þessu fæst góður samanburður við búrekstur margra búa sem er gott verkfæri og ætti að auðvelda bændum að sjá hvar þeir standa sig vel og greina möguleika til að gera betur í sínum rekstri.

Tekju- og kostnaðarliðum er deilt niður á framleidd kg dilkakjöts á viðkomandi búi, til að ná samanburðarhæfum gögnum við meðaltöl og á milli búa. Við greiningu niðurstaðna verkefnisins er búunum skipt í þrjá hópa eftir framlegð kr./kg af rekstri sauðfjárbúa. Þegar þróun þessara gagna eru skoðuð kemur í ljós að breytileiki í rekstrarniðurstöðum á milli búa fer vaxandi. Munurinn liggur að hluta í greiðslumarkseign þeirra og bústærð en einnig





afurðasemi, tekjusamsetningu og ólíkri kostnaðardreifingu. Með hækkandi afurðaverði eykst munur í framlegð milli þriðjunga. Með hækkandi afurðaverði vega bústjórnarlegir þættir meira í rekstrarniðurstöðum búa.

Loksins jákvæð afkoma

Afkoma sauðfjárbúa batnaði árið 2023 en rekstarniðurstaða sauðfjárhluta þátttökubúa skilar í fyrsta skipti í langan tíma hagnaði. Bætt afkoma byggir einkum á hækkun á afurðaverði og einskiptisgreiðslum frá ríki. Þrátt fyrir hækkun afurðaverðs á síðastliðnum árum þá hækkar hlutdeild afurðatekna af heildartekjum búanna ekki mikið á móti opinberum greiðslum. Kemur það til af fækkun fjár sem veldur því að opinberar greiðslur deilast á minni framleiðslu og færri bú en áður.

Framleiðslukostnaður dilkakjöts, án fjármagnsliða og afskrifta, er að meðaltali 1.666 kr./kg árið 2023. Mikill breytileiki er eftir stærð búa og fer framleiðslukostnaður á hvert kg stiglækkandi með aukinni stærð búa. Að meðtöldum fjármagnsliðum og afskriftum er kostnaður á hvert kg að meðaltali 2.112 kr.

Í töflu um afurðir og afkomu eftir vetrarfóðraða kind sést að afurðir eftir hverja kind hafa afgerandi áhrif á afkomu búanna. Munurinn er 14.934 kr./kind á afurðalægsta og afurðahæsta hópnum. Tap af rekstri afurðaminnsta flokksins reiknast 7.252 kr./kind en þegar afurðir hafa náð 28-30 kg/kind eða meira er orðinn hagnaður af rekstri og mestur er hann í flokki 30-32 kg/kind eða 4.809 kr./kind. Búin sem eru með afurðir yfir 32 kg/kind eru að greiða sér hærri laun sem skýrir að hluta að hagnaður er ekki mestur þar.

Tækifæri til framtíðar

Helstu tækifæri sauðfjárbænda liggja í aukinni afurðasemi og lægri breytilegum kostnaði á hvert framleitt kíló dilkakjöts. Munurinn á breytilegum kostnaði á hvert kg í efsta og neðsta þriðjungi eru 429 kr./kg árið 2023 og hefur vaxið á milli ára. Þetta er mikill munur og miðað við meðalframleiðslu þátttökubúa er þetta munur á breytilegum kostnaði upp á um 4,5 milljónir.

Afurðasemi gripa er að jafnaði minni á smærri búunum. Kann það að orsakast af því að á minni búum er gjarnan fjölbreyttari rekstur og sauðfjárbúskapurinn e.t.v. meira aukaatriði. Hitt kann líka að vera að þar sem afurðir eru meiri eftir hvern grip, er til staðar einhver fjárhagslegur hvati til að fjölga fé. Hvernig sem það orsakasamhengi liggur þá endurspeglast þessi staðreynd einnig í því að stærri bú eru að jafnaði með lægri framleiðslukostnað á hvert kg og á það bæði við þegar horft er til fasts og breytilegs kostnaðar.

Afurðaverð nær í fyrsta skipti, árið 2023, raungildi afurðaverðs frá árinu 2014 eftir mikla dýfu á markaði og fall á afurðaverði árin 2016 og 2017. Verðfallið kom til vegna verðfalls á mörkuðum erlendis sem aftur orsakaði offramboð og verðfall á innlendum markaði.

Miðað við að meðalatvinnutekjur á Íslandi 2023 eru 681 þúsund krónur á mánuði eru mánaðarlaun sauðfjárbúa, í verkefninu, að jafnaði aðeins 45,3% af meðallaunum í landinu.

Skuldahlutfall fer lækkandi milli ára sem er jákvætt. Ástæðan er einkum sú að velta búanna er að aukast. Heildarskuldir í krónum talið eru að hækka en þó ekki til jafns við almennar verðlagshækkanir. Það bendir til þess að bændur haldi enn að sér höndum í fjárfestingum í ríkjandi vaxtaumhverfi. Reynslan



	2023		
	Efsti 1/3	Meðaltal	Neðsti 1/3
Meðalbústærð	454	468	460
Meðalaldur bænda (ár)	51	50,2	48,4
Afurðatekjur kr/kg	1.032	976	936
Greiðslur úr sauðfjársamning kr/kg	904	843	807
Landgreiðslur/Jarðræktarstyrkur kr/kg	46	49	50
*Einskiptisgreiðslur kr/kg	105	100	94
**Fjárfestingar- og nýliðungarstyrkir kr/kg	108	67	55
Önnur landbúnaðartengd framlög kr/kg	77	48	23
Tekjur vegna sauðfjárræktar kr/kg	**2.273**	**2.082**	**1.965**
Aðkeypt fóður kr/kg	35	47	70
Áburður og sáðvörur kr/kg	236	287	359
Rekstur búvéla kr/kg	173	233	312
Rekstrarvörur kr/kg	110	125	168
Ýmis aðkeypt þjónusta kr/kg	140	165	214
Breytilegur kostnaður alls kr/kg	**694**	**858**	**1.123**
Framlegð kr/kg	**1.579**	**1.225**	**843**
Framlegðarstig tekna af sauðfjárrækt	**69,5%**	**58,8%**	**42,9%**
Viðhald eigna kr/kg	134	144	162
Rekstur húsnæðis kr/kg	53	54	58
Bifreiðakostnaður kr/kg	87	85	86
Annar rekstrarkostnaður kr/kg	71	74	81
Laun og launatengd gjöld kr/kg	447	419	426
Fastur kostnaður alls kr/kg	**792**	**776**	**813**
Rekstrarniðurstaða f. fjármagnsl. og afsk. kr/kg	**787**	**449**	**29**
Afskriftir kr/kg	286	270	251
Fjármagnsliðir kr/kg	193	176	192
Rekstrarniðurstaða sauðfjárbús kr/kg	**308**	**2**	**-413**
Rekstrarn. sauðfjárbús % af sauðfjárt.	**13,6%**	**0,1%**	**-21,0%**
Framleiðslukostnaður án afskrifta og fjármagnsliða kr/kg	1.518	1.666	1.973
Hagnaður/tap af heildarrekstri, þús. kr.	**4.378**	**3.336**	**873**

***Einskiptisgreiðslur. Á árinu 2023 er það uppgjör á sprettgreiðslur fyrra árs og viðbótarbýlisstuðningur.**
****Fjárfestingar- og nýliðunarstyrkir. Á árinu 2023 voru einskiptisgreiðslur vegna fjárfestingarstuðnings og nýliðunarstyrkja umfram hefðbundin framlög.**

hefur jafnframt sýnt að bú sem treysta að stórum hluta á tekjur af sauðfjárrækt hafa átt erfitt með að fá lánsfjármagn og getur það einnig spilað inn í.

Þrátt fyrir augljós merki um batnandi afkomu í greininni þá er rekstrarumhverfi sauðfjárbúa ekki með þeim hætti að beinar tekjur af framleiðslu sauðfjárafurða standi undir eðlilegri launakröfu, nauðsynlegum fjárfestingum, tæknivæðingu og nýliðun.

Ein leið að bættum árangri liggur í að auka vitund bænda gagnvart meðferð bókhaldsgagna og að nýta niðurstöður bókhalds í auknum mæli sem bústjórnartæki líkt og skýrsluhald sauðfjárræktar.

Þátttaka bænda er lykilatriði

Um leið og við þökkum þátttökubændum fyrir sitt mikilvæga framlag inn í þessa vinnu viljum við hvetja aðra sauðfjárbændur sem uppfylla skilyrði til að taka þátt. Við hjá RML sjáum fyrir okkur að geta nýtt niðurstöður þessa verkefnis enn betur til að endurspegla stöðu greinarinnar og leita leiða til að efla faglega ráðgjöf til sauðfjárbænda. Ykkar þátttaka er forsenda þess að hægt sé að halda verkefninu lifandi og efla það.

Höfundar eru ráðgjafar hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins.

Sigmundarstaðir. Mælimastur á Grjóthálsi

Auglýsing um niðurstöður sveitarstjórnar Borgarbyggðar vegna skipulags

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti þann 8. maí 2025 eftirfarandi tillögu samkvæmt 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010:

Deiliskipulag Sigmundarstaðir – Mælimastur á Grjóthálsi

Deiliskipulagið tekur til áætlunar um að reisa mælimastur til vindrannsókna.

Tillaga að deiliskipulagi Sigmundarstaðir. Mælimastur á Grjóthálsi var auglýst frá 20.02.2025 – 06.04.2025.

Athugasemdir bárust frá hagsmunaaðilum. Brugðist var við þeim eða þeim svarað.

Deiliskipulagstillagan hefur verið send Skipulagsstofnun og mun taka gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.
Þeir sem óska nánari upplýsinga um tillöguna og niðurstöðu sveitarstjórnar geta snúið sér til umhverfis- og skipulagssviðs Borgarbyggðar, Digranesgötu 2, Borgarnesi.

Vakin er athygli á málskotsrétti samkvæmt 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála nr. 130/2011 en þar kemur fram að stjórnvaldsákvarðanir má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Þeir einir geta kært stjórnvaldsákvarðanir sem eiga lögvarða hagsmuni tengda þeirri ákvörðun sem kæra á. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu skipulagsáætlana í B-deild Stjórnartíðinda

Borgarbyggð 12. maí 2025

BORGARBYGGÐ







Hvað ef ég vil vera hér?

Hvað þarf til þess að ungt fólk vilji setjast að á landsbyggðinni? Þetta er spurning sem eflaust flest landsbyggðarsamfélög hafa spurt sig að á síðastliðnum árum. Nýheimar þekkingarsetur, sem er staðsett á Höfn í Hornafirði, hefur síðastliðin 10 ár unnið að því að kanna upplifun ungs fólks af samfélaginu sínu og líðan þess.



Eyrún Fríða Árnadóttir.

Greina má ákveðna rauða þræði í niðurstöðum þeirra rannsókna, ár eftir ár. Ungmenni upplifa takmörkuð tækifæri í heimabyggð til bæði atvinnu og félagslífs og upplifa jafnvel að þeirra áhugasvið eigi ekki samleið með búsetu á svæðinu. Þá upplifa þau sig hvorki sem hluta af samfélagi barna né heldur samfélagi fullorðinna.

Sú staðreynd að sömu niðurstöður eru að birtast ár eftir ár, bæði hérlendis og á Norðurlöndunum, sýnir að samfélög hafa ekki náð að bregðast við með fullnægjandi hætti. Þessar niðurstöður voru hvatinn að nýju verkefni Nýheima þekkingarseturs og Sveitarfélagsins Hornafjarðar, HeimaHöfn. Fyrsta starfsári verkefnisins er lokið en tilgangur þess er að bregðast við og bæta líðan sem og efla byggðafestu og tengingu ungs fólks við samfélagið. Verkefnið miðar að því að styrkja samkeppnishæfni og aðdráttarafl svæðisins sem framtíðarbúsetukost. Tilgangur þess er enn fremur að þróa og móta heildstæða nálgun á viðfangsefnið sem tekur mið af aðstæðum landsbyggðarsamfélaga á Íslandi og getur orðið öðrum sveitarfélögum fyrirmynd.

HeimaHöfn snýst í grunninn um að efla tengsl ungs fólks við samfélagið sitt svo að það vilji vera þar eða koma aftur á einhverjum tímapunkti. Þetta snýst um að gera sveitarfélagið að raunhæfum og ákjósanlegum búsetukosti til framtíðar. Unnið er að sterkri tengslamyndun við unglinga á meðan þau eru hér, með það að markmiði að þau sjái þá möguleika sem eru til staðar og geri sér betur grein fyrir þeim tækifærum sem þau geta skapað sér sjálf.



Sprungu- og eldvirknisvæði

HeimaHöfn byggir á ólíkum verkþáttum sem ætlað er að stuðla að jákvæðri upplifun og viðhorfi ungmenna til framtíðarinnar í sveitarfélaginu. Verkefnið er blanda af viðburðum, tengslamyndun, upplýsingamiðlun og ráðgjöf til ungs fólks þar sem markvisst er unnið að því að efla og viðhalda tengslum við ungmenni á staðnum, efla félagslega virkni þeirra og samfélagsþátttöku. Unnið er í nánu samstarfi við ungt fólk og aðra hagaðila, svo sem fulltrúa atvinnulífsins og menntastofnanir á svæðinu. Á fyrsta starfsári HeimaHafnar hafa verið haldnir fjölmargir viðburðir í tengslum við atvinnulíf á svæðinu til þess að opna augu ungmenna fyrir þeim fjölmörgu atvinnutækifærum sem þeim standa til boða. Á næsta ári verður lögð áhersla á samfélagsþátttöku og unnið þétt með öllum þeim fjölda félagasamtaka sem eru starfandi á svæðinu.

Ásamt því að standa að viðburðahaldi, fræðslu og ráðgjöf til ungs fólks er mikil áhersla lögð á virka upplýsingamiðlun. Heimasíða verkefnisins, www.heimahofn.is, er mikilvægur vettvangur til miðlunar upplýsinga. Á heimasíðunni birtast upplýsingar um námsframboð, atvinnutækifæri, félagsstarf, rannsóknarverkefni, viðburðahald og fleira. Heimasíðunni er ætlað að vera fyrsta stopp fyrir alla þá sem hafa áhuga á samfélaginu hér í Sveitarfélaginu Hornafirði, hvort sem um er að ræða núverandi íbúa, brottflutta eða verðandi íbúa, fyrirtæki eða félagasamtök.

Þá fékk verkefnið styrk frá innviðaráðuneytinu til þess að miðla verkefninu áfram til annarra sveitarfélaga. Í því skyni verður haldið málþing næsta haust fyrir fulltrúa annarra sveitarfélaga á landsbyggðinni en einnig verður unninn leiðarvísir fyrir önnur sveitarfélög sem vilja taka upp verkefnið og staðfæra og sníða að sínum aðstæðum. Atgervisflótti ungs fólks er málefni sem snertir öll landsbyggðarsamfélög með einum eða öðrum hætti og því viljum við hjálpast að við að bregðast við.

Með verkefninu HeimaHöfn viljum við valdefla ungt fólk í Sveitarfélaginu Hornafirði og bæta líðan þess. Því sterkari tengsl sem ungmenni mynda og því meira sem þau hafa að segja um mótun samfélagsins sem þau búa í, því líklegra er að þau íhugi æskustöðvarnar sem búsetukost í framtíðinni. Á fyrsta ári verkefnisins höfum við fundið fyrir miklum áhuga og meðbyr með verkefninu okkar. Það er okkur afar mikilvægt enda er þátttaka skóla, fyrirtækja og félagasamtaka í sveitarfélaginu í heild sinni forsenda þess að markmið verkefnisins um eflingu byggðar geti náðst, ungmennum og íbúum öllum til heilla.

Höfundur er verkefnastjóri HeimaHafnar.

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir





- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VD HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is



Hvammur í Fljótsdal.

ÚR SKÓGI – SKÓGARAFURÐIR Á ÍSLANDI:

Forval hugmynda til verðmætasköpunar

Í framhaldi af nýrri stefnu Félags skógarbænda á Suðurlandi ákvað félagið að koma af stað afurða- og markaðsmálum skógarbænda á Suðurlandi.



Björn Bjarndal Jónsson.

Elstu nytjaskógar á Suðurlandi hafa náð 35 ára aldri og víða komið að fyrstu grisjun, sér í lagi þar sem mikið var plantað af fljótsprottinni alaskaösp fyrstu árin. Í þessu sambandi var á síðasta ári settur af stað verkefnahópur að safna og gera á áhugaverðum hugmyndum um úrvinnslu skógarafurða. Samráðshópurinn samanstóð af sérfræðingum frá ýmsum sviðum, þar á meðal skógrækt, hönnun, iðnaði og fræðasamfélaginu.

Verkefnisstjóri var Björn Bjarndal fyrir hönd Félags skógarbænda á Suðurlandi en Silja Björk Axelsdóttir og Alexandra Kjeld frá Verkfræðistofunni Eflu stýrðu vinnu við verkefnaskýrsluna sem fékk heitið Úr skógi – skógarafurðir á Íslandi, sjá https://www.skogarbondi.is/sudurland. Auk framangreindra sátu í vinnuhópnum þau Gústaf Jarl Viðarsson, skógræktarráðgjafi hjá LOGS, Hrefna Jóhannesdóttir, skógarbóndi og sviðsstjóri hjá LOGS, Björn Steinar Blumenstein, lektor í Listaháskóla Íslands, Eva María Árnadóttir, sviðsstjóri við sama skóla og Björk Gunnbjörnsdóttur, hönnuður og skógarbóndi. Verkefnið fékk styrk úr Sóknaráætlun Suðurlands ásamt því að Verkfræðistofan Efla studdi myndarlega við verkefnið.



Girðingastaurar úr íslenskum við. Mynd / Hrefna Jóhannesdóttir (Silfrastaðir)



Mynd / Hlynur

Nú í vor lauk fyrsta áfanga við verkefnið sem snerist um að kanna og þróa úrvinnsluleiðir fyrir nytjaafurðir úr skógum með það markmið að finna leiðir til að skapa verðmæti úr þeim hráefnum sem fást við grisjun og nýtingu á íslenskum skógum. Gróft forval var gert á hugmyndum um mismunandi úrvinnsluleiðir skógarnytja, þar sem hugmyndir voru flokkaðar eftir gerð þeirra; timburvörur, hliðarafurðir, sértækar vörur, orka, matur, drykkir og upplifanir. Hugmyndirnar voru síðan metnar út frá raunhæfni, markaði og aðstæðum. Meginmarkmið verkefnisins er að greina þær vörur sem hafa mestan möguleika á að vera arðbærar.

Álitlegar afurðir

Eins og fram kemur á myndinni hér að ofan reyndust ýmsar afurðir álitlegar til framleiðslu úr íslenskum skógum, svo sem garðhýsi, gufuböð, krosslímdar einingar, límtré, flettir trjábolir og millikubbar í vörubretti. Ljóst er að eftirspurn hefur farið vaxandi, bæði í byggingariðnaði og á almennum markaði. Má þar nefna viðarperlur og viðarkurl, sem orkugjafa og til annarra nota, lífkolavinnslu og eldivið. Jafnvel er áhugi að aukast eftir sértækum vörur eins og hitameðhöndluðu timbri og gegnsæju efni sem unnið úr timbri. Einnig er að finna í skýrslunni aðrar vörur og þjónustu, svo sem timburfrauð sem gæti komið í stað plastumbúða undir ferskan fisk og upplifun ferðafólks og almennings í skógi. Jafnframt kemur fram að ýmsar vörur sem ekki röðuðust ofarlega í forvalinu geti engu að síður verið fýsilegur kostur fyrir einyrkja eða í smáframleiðslu.

Áætlað er að frá og með árinu 2030 verði hægt að nýta árlega yfir 50 þúsund rúmmetra af bolviði úr nytjaskógum landsins. Þá hefur spurn eftir timbri og timburvörum aukist verulega í heiminum að undanförnu, ekki síst vegna þess hversu visthæft efni viðurinn er í samanburði við önnur hráefni á borð við steinsteypu, járn og plast. Hvort tveggja gefur aukið tilefni til að huga betur að verðmætasköpun úr íslenskum skógum.

Hvað næst?

Þessi skýrsla er fyrsti áfangi í þriggja ára vinnu við verkefnið Úr skógi. Næst verða metnar þær hugmyndir sem eru taldar fýsilegastar í þessari skýrslu. Með ítarlegri greiningu verður hægt að tryggja að valdar séu hugmyndir sem eru raunhæfar og hagkvæmar.

Einnig þarf að vinna markaðsgreiningu á eftirspurn og samkeppnisstöðu viðarafurða ásamt því að setja fram mögulegar sviðsmyndir til að hámarka nýtingu auðlindarinnar. Meta þarf hugmyndir um miðlægt vinnslu- og sölukerfi fyrir viðarafurðir. Félag skógarbænda á Suðurlandi vill einnig gera frekari greiningu á innviðum í landshlutanum, markaðstækifærum, samfélagsþáttum og umhverfisáhrifum. Leitað verður eftir fjárhagslegum stuðningi til að hægt verði að ráðast í þessa mikilvægu framhaldsvinnu þar sem kostnaður mun verða hærri en félagið ræður við.

Í lokin má geta þess að helsti drifkraftur íslenskra skógarbænda í dag er einskær áhugi, en það vantar fjárhagslega hvata til að viðhalda skógunum. Það er því mikilvægt að þróa arðbærar vörur úr íslenskum skógi til að auka verðmæti hans og um leið veita skógarbændum hvatningu til áframhaldandi ræktunar og nýtingar. Mun þetta ekki síður eiga við um nýja skóga sem spretta nú fram í þeim tilgangi að framleiða vottaðar kolefniseiningar, en að 20–30 árum liðnum verður þörf á grisjun og viðhaldi skóganna.

Það er líka mikilvægt að halda á lofti jákvæðu hlutverki íslenskra skóga til framtíðar, en vonast er til að verkefnið Úr skógi geti orðið lóð á þá vogarskál.

Höfundur er formaður FsS.





Veitulausnir

MÁLMSTEYPA Þorgríms Jónssonar ehf.
MIÐHRAUNI 6 • 210 GARÐABÆR • SÍMI 544 8900



Laxeldi í sjókvíum í Tálknafirði.

Laxalúsafár, regluverkið og upplýsingagjöf

Laxeldi á Íslandi hefur snúist um að halda umhverfiskostnaði í lágmarki til að ná sem mestum fjárhagslegum ávinningi. Aftur á móti í tilfelli laxalúsafársins í Tálknafirði á árinu 2023 fóru menn vel yfir strikið og lentu í framhaldinu í verulegu fjárhagslegu tjóni. Í þessari grein verður m.a. fjallað um það mál og þróunina fyrir og eftir atburðinn er snýr að stefnumótun, lagaramma og stjórnsýslu.



Valdimar Ingi Gunnarsson.

Stefnan lögð

Stefnan var lögð strax á árinu 2017 með skýrslu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi en þar voru þáverandi stjórnarformenn Arnarlax og Fiskeldis Austfjarða (Kaldvík) leiðandi aðilar. Þar var lítið gert úr þeim viðfangsefnum að hemja laxalúsina þrátt fyrir að á sama tíma væri tíðni laxalúsa á eldislaxi í hæstu hæðum hjá Arnarlaxi. Þessi skýrsla var síðan grunnur að gerð laga um fiskeldi sem samþykkt voru á Alþingi á árinu 2019.

Umhverfismálum laxeldis ábótavant

Í umsögn höfundar við fiskeldisfrumvarpið á vorþingi 2019, sem bar heitið „Fljótandi að feigðarósi“, var varað við því að ef frumvarpið yrði samþykkt óbreytt munu Íslendingar standa að baki nágrannalöndum í umhverfismálum laxeldis, m.a. er varðar laxalús. Málinu var síðan fylgt eftir með því að senda greinargerðina „Stefnumótunarskýrslan og vinnubrögðin“ til allra alþingismanna. Því miður hefur höfundur haft rétt fyrir sér en tekið skal fram að hann var ekki einn um að koma með viðvaranir.

Strangari reglur í nágrannalöndum

Skv. reglugerð nr. 1062/2021 um breytingu á reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi er miðað við að rekstraraðili fari í aðgerðir ef meðaltalsfjöldi kynþroska kvenlúsa fer umfram 0,5, 1, 1,5 og 2 á hvern fisk. Hver rekstraraðili skilgreini sín viðbrögð og Matvælastofnun þarf að samþykkja. Það liggja ekki fyrir opinberar upplýsingar um viðbragðsáætlun einstakra rekstraraðila, hverjar þær eru og hvort sambærilegar kröfur eru gerðar til einstakra fyrirtækja. Í okkar nágrannalöndum, sem við viljum oft bera okkur saman við, eru opinberar kröfur sem gilda jafnt fyrir alla rekstraraðila og þannig hefur það verið lengi.

Laxalúsafárið á Tálknafirði

Það var aðeins tímaspursmál hvenær tjón yrði þegar tekið er tillit til aukins umsvifs eldisins, skipulags og þeirra mótvægisaðgerða sem almennt voru viðhafðar. Laxalúsafárið í Tálknafirði haustið 2023 átti því ekki að koma á óvart, en umfangið og tjónið var e.t.v. meira en menn áttu von á enda vakti það athygli út fyrir landsteinana. Í febrúar 2024 gaf Matvælastofnun út skýrsluna „Afföll vegna laxalúsa í Tálknafirði 2023“ þar sem er að finna greiningu á atburðarás laxalúsafársins. Höfundur hafði áður gefið út skýrsluna „Laxalúsafár í Tálknafirði: Aðdragandi, ástæður og afleiðingar“ í lok ársins 2023 þar sem margt er rakið og útskýrt sem ekki er gert í skýrslu Matvælastofnunar og m.a. bent á að skipulagi eldisins í Patreksfirði og Tálknafirði var ekki fylgt eins og lagt var upp með í umhverfismati Arnarlax og Arctic Sea Farm (Dýrfiski). Jafnframt höfðu framleiðsluheimildir verið auknar og fjarlægðarmörk á milli sjókvíaeldisstöðva verið minnkaðar frá því sem lagt var upp með í umhverfismati félaganna.

Matvælaráðuneytið fer ekki eftir tillögum Matvælastofnunar

Í minnisblaði Matvælastofnunar til matvælaráðuneytisins frá 22. júní 2023 undir heitinu „Minnisblað um endurskoðun á viðbrögðum við laxalús“ er lagt til að núverandi fyrirkomulag verði fellt úr gildi og stofnunin kom með tillögur að framtíðarsýn. Tillögur Matvælastofnunar fólu m.a. í sér strangari reglur um viðmið um hámarksfjölda kynþroska kvenlúsa á fiski, komið verði á punktakerfi eða refsikerfi, talning á fjölda laxalúsa á eldisfiski aukin, o.fl. Í maí var gefin út breytingareglugerð nr. 367/2024 á reglugerð nr. 540/2020, um fiskeldi en þar er aðeins gerð breyting er varðar talningu á laxalús. Hér er ekki verið að taka á málum þar sem aukin talning breytir litlu sem engu.

Laxalúsalyf og minni kostnaður

Það hefur vakið athygli að stefnubreyting hefur verið gerð á árinu 2024 er varðar heimild til notkunar á laxalúsalyfjum. Nú veitir Fisksjúkdómanefnd undanþágu til notkunar á laxalúsalyfjum til þeirra laxeldisfyrirtækja sem þess óska. Í greinargerðum með undanþágunum er ekki tekið fram hvort og þá hvaða umhverfisvænar mótvægisaðgerðir höfðu áður verið viðhafðar. Laxalúsalyf eru almennt mjög virk við aflúsun og með því að nota þau í staðinn fyrir umhverfisvænar mótvægisaðgerðir má oft draga úr kostnaði. Íslensku laxeldi er að mestu stjórnað af erlendum fjárfestum og þeir vilja hámarka hagnaðinn. Með því að lágmarka umhverfisvænar mótvægisaðgerðir og viðhafa litlar kröfur um hámarksfjölda laxalúsa á eldisfiski hefur verið hægt að halda kostnaði töluvert lægri en hjá norskum móðurfélögum íslensku laxeldisfyrirtækjanna.

Dregið úr upplýsingagjöf

Það var tekið gott jákvætt skref þegar Mælaborð fiskeldis var innleitt hjá Matvælastofnun á árinu 2021. Vakið hefur hins vegar athygli að búið er að taka út upplýsingar um einstök eldissvæði á Mælaborði fiskeldis þar sem m.a. mátti finna upplýsingar um fjölda laxalúsa á eldisfiski. Nú eru aðeins gefnar upplýsingar um hvern fjörð, en þar geta verið margar kvíaþyrpingar með mismunandi laxalúsaálagi og jafnvel með fleirum en einum rekstraraðila. Með þessari breytingu er minna gagnsæi en t.d. í Noregi en þar er hægt að finna upplýsingar um fjölda laxalúsa á eldisfiski fyrir hvert eldissvæði á www.lusdata.no. Arnarlax, Arctic Fish (Arctic Sea Farm) og Kaldvík eru að mestu í eigu Norðmanna og jafnframt er yfirstjórn mest norsk sem lýtur minna gagnsæis hér á landi en þeir þyrftu við stjórnun sambærilegra fyrirtækja í Noregi. Í Færeyjum, sem íslensk stjórnvöld líta oft til, er hægt að sjá fjölda kynþroska kvenlúsa á eldisfiski einstakra eldissvæða á vef Heilsufrøðiliga starvsstovan.

Áreiðanleiki gagna á Mælaborði fiskeldis

Áreiðanleika gagna á Mælaborði fiskeldis virðist einnig vera ábótavant og í því sambandi má nefna Dýrafjörð þar sem Arctic Sea Farm er með laxeldi í sjókvíum. Engin laxalús er gefin upp fyrir árið 2024 en þrátt fyrir það þarf að aflúsa fiskinn skv. gögnum frá fisksjúkdómanefnd. Það vekur einnig athygli að talning á laxalús á eldisfiski er gerð af starfsmönnum eldisfyrirtækjanna og að því er virðist ekkert eða lítið opinbert eftirlit. Í Færeyjum er t.d. óháður fagaðili sem sér um talningu á laxalús hjá öllum sjókvíaeldisfyrirtækjum þar í landi.

Að lokum

Fyrirtæki sem vilja standa sig vel í umhverfismálum eiga í örðugleikum með það á meðan stöðugur straumur af laxalúsalirfum berst frá sjókvíaeldi Arnarlax og Arctic Fish. Það skal þó tekið fram að átt hefur sér stað jákvæð framþróun á árinu 2024 en þrátt fyrir það er fjöldi laxalúsa á eldisfiski töluvert meiri hér á landi en hjá móðurfyrirtækjunum í Noregi.

Höfundur er sjávarútvegsfræðingur og sérfræðingur í fiskeldi.

Frístundahús Verkmenntaskólans á Akureyri til sölu

Húsið verður til sýnis þriðjudaginn 20. maí klukkan 8-9 og miðvikudaginn 21. maí klukkan 15-16.



Tilboð óskast í sumarhús til flutnings, staðsett á lóð Verkmenntaskólans á Akureyri og byggt af nemendum í húsasmíði, rafvirkjun og pípulögnum.

Húsið er ekki fullklárað.

Um er að ræða timburhús, 64 fermetrar að grunnfleti ásamt 8 fermetra millilofti með lægri lofthæð, þar getur verið svefnaðstaða og/eða geymsla.

Húsið selst í því ástandi sem það er í á tilboðsdegi.
Húsið stendur á norðurplani við byggingadeild VMA.
Nánari upplýsingar eru á heimasíðu VMA,
og hjá Framkvæmdarsýslan - Ríkiseignir hrund.einarsdottir@fsre.is

Frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofu skólans í síma 464-0300,
og hjá brautarstjóra byggingadeildar í síma 896-6731.
Kaupandi þarf að fjarlægja húsið
eigi síðar en 15. ágúst 2025.

Verkmenntaskólinn á Akureyri áskilur sér rétt
til þess að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Verkmenntaskólinn á Akureyri

Hlíf er nýr formaður Hestamannafélagsins Fáks

– Bygging reiðhallar er forgangsmál

Hlíf Sturludóttir er nýr formaður Hestamannafélagsins Fáks í Reykjavík og tekur hún við starfinu af Hirti Bergstað, sem hefur verið formaður óslitið frá 2013.

„Ég er fædd í Reykjavík og ólst upp í Árbænum og í Seljahverfinu. Ég er viðskiptafræðimenntuð og er útskrifaður reiðmaður frá LbhÍ. Ég er í eigin rekstri á sviði fjárfestinga og hef setið í stjórnum fyrirtækja. Áhugi minn á hestamennsku hófst þegar ég fór fyrst á hestbak barn að aldri í Eilífsdal í Kjós. Ég eignaðist fljótlega minn fyrsta hest og reið út í Kjósinni. Síðar fór ég að halda hesta á Reykjavíkursvæðinu og hef verið í Fáki frá árinu 2014. Ég var í keppnisstússi með börnunum mínum í nær tuttugu ár en hef sjálf meiri áhuga á að ríða út og ferðast um á hestum. Við hjónin erum núna með um 10 hross. Við erum mjög dugleg að ríða út og þjálfa hrossin," segir Hlíf.



Hlíf, formaður Fáks, í brúðkaupsreið Hlífar og Sigurbjörns Magnússonar frá Reynivallakirkju í Kjós niður bakka Laxár í Kjós árið 2018. Sigurbjörn er á Þór frá Austurkoti og Hlíf á Vafa frá Breiðabólstað.

1.800 félagsmenn í Fáki

Hlíf var gjaldkeri félagsins á árunum 2019–2023 og þekkti félagið því vel eftir fyrri störf sín í stjórn þess áður en hún ákvað að bjóða sig fram sem formaður. Hún segist hafa áhuga á að láta gott af sér leiða fyrir hestamenn og lítur á þetta sem tækifæri til að vinna í þágu hestamanna í Reykjavík. En Fákur, hvernig félag er það? „Fákur er gríðarlega öflugt félag með um 1.800 félagsmenn og er annað af tveimur stóru hestamannafélögunum á höfuðborgarsvæðinu. Félagið býr að því að mikið af atvinnufólki í hestamennsku starfar á svæðinu. Einnig eru reknir reiðskólar á félagssvæði Fáks, sem leggja mikið til nýliðunar. Góður andi er í félaginu og félagsmenn eru áhugasamir um að efla þann góða félagsanda enn frekar," segir Hlíf.

Aðstaða Fáks er á heimsvísu

Þegar Hlíf er spurð út í aðstöðu Fáks er Hlíf fljót til svars.

„Athafnasvæði Fáks er einstakt á heimsvísu, þar sem hægt er að halda hesta og stunda útreiðar í miðri stórborg. Við eigum gríðarlega góða reiðstíga á svæðinu sjálfu sem tengjast þéttu neti reiðleiða á landinu. Við höfum einnig yfir að ráða góðri aðstöðu til mótahalds. Við höldum árlega stærsta íþróttamótið í Íslandshestaheiminum, þ.e. Reykjavíkurmeistaramótið, og við höfum haldið glæsileg Landsmót á svæði okkar í Víðidal," segir Hlíf og bætir strax við: „Okkur skortir hins vegar inniaðstöðu til þjálfunar og þar höfum við dregist aftur úr öðrum hestamannafélögum á höfuðborgarsvæðinu. Það verður eitt af mínum áherslumálum að koma byggingu reiðhalla á svæðinu á dagskrá og til framkvæmda. Fákur rekur öflugt æskulýðsstarf og heldur úti rekstri félagshesthúss. Félagið er einnig með öflugt námskeiðahald, sem væri hægt að efla enn frekar með bættri inniaðstöðu. Lóðum hefur verið úthlutað til hesthúsabyggingar í Almannadal og eru enn óbyggðar lóðir á því svæði þannig að þar eru tækifæri til að byggja upp skemmtilega hesthúsabyggð," segir nýi formaðurinn.

Tvær hestaferðir í sumar

Það er heilmikið fram undan hjá Hlíf og hennar fólki í sumar, meðal annars tvær hestaferðir, annars vegar í Landbrot og Meðallandið og hins vegar um Borgarfjörðinn. Svo er heilmikið um að vera í Fáki.

„Já, já, en þar ber hæst Reykjavíkurmeistaramót í hestaíþróttum í júní, sem við ætlum að halda. Víðidalurinn mun einnig fyllast af reiðskólabörnum en reiðskólar eru reknir í Víðidalnum á sumrin, það er meira en nóg um að vera í Fáki," segir Hlíf að lokum.

/mhh

VILTU STANDA VÖRÐ UM VELFERÐ DÝRA OG MATVÆLAÖRYGGI?

Matvælastofnun leitar að drífandi stjórnanda í starf **héraðsdýralæknis Norðvesturumdæmis** sem hefur starfsstöð á Sauðárkróki.

Umsækjendur skulu hafa dýralæknismenntun og gilt starfsleyfi á Íslandi. Gerð er krafa um færni til tjáningar í ræðu og riti á íslensku og ensku ásamt góðri almennri tölvukunnáttu. Öguð vinnubrögð, góðir skipulagshæfileikar og geta til að starfa sjálfstætt eru áskilin. Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu af stjórnun starfsfólks og innsýn í opinbera stjórnsýslu, auk reynslu af heðbundnum dýralæknastörfum. Góð framkoma og lipurð í samskiptum er skilyrði.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Stjórnun og rekstur umdæmisskrifstofunnar
- Framkvæmd opinbers eftirlits
- Skipulag og ábyrgð á eftirliti með heilbrigði og velferð dýra (búfé og gæludýr)
- Skipulag og ábyrgð á eftirliti með frumframleiðslu matvæla, slátrun og vinnslu dýraafurða
- Skipulag og ábyrgð á matvælaeftirliti
- Aðkoma að stjórnsýsluákvörðunum og eftirfylgni með þeim
- Framkvæmd sóttvarna og varnir gegn smitsjúkdómum dýra
- Skipulag bakvaktaþjónustu í umdæminu

Nánari upplýsingar má finna á starfatorg.is

MAST Matvælastofnun

STAPINN
VEITINGASTAÐUR TIL SÖLU

Arnarstapi er einstök staðsetning með stórkostlega náttúru og áhugi ferðamanna hefur verið sívaxandi.
Til sölu er reksturinn og húsnæðið fyrir veitingastaðinn sem selst með öllum tækjum og innbúi.

Staðurinn getur tekið allt að 105 gesti úti og inni.

EBITDA 2024
51 M.KR.



Fyrir frekari upplýsingar hafðu samband við Centra Fyrirtækjaráðgjöf

KRISTJÁN ARASON
kristjan@centra.is
S: 660 3305

SIGURÐUR HARÐARSON
sig.hardarson@centra.is
S: 892 6200

Útihúsgögn.is
GARÐSETT OG GARÐBEKKIR Í SKANDINAVÍSKUM STÍL ÚR EÐALVIÐ
Sterk og falleg útihúsgögn úr þykkri eik eða Douglasgreni – náttúruleg fegurð sem endist



ÚTIHÚSGÖGN SEM ÞARFNAST EKKI INNIGEYMSLU

utihusgogn.is
lyngur.is

Hluti af fjölbreyttu vöruvali okkar









info@utihusgogn.is
www.utihusgogn.is

Tryggðu þér einstök útihúsgögn í dag!
Frí heimsending á SV-landi

AFSLÁTTARKÓÐI 10%: LYNGUR10



Lífrænt hreinsivirki!

NÚTÍMA ROTÞRÓ

Fyrir sumarhús, heilsárshús, hótel o.fl.
Yfir 90% hreinsun - hreinsigeta PIA vottuð
3ja þrepa hreinsun - ekkert rafmagn
Engar siturlagnir - fyrirferðarlítil
Mögulegt að breyta í skólphreinsistöð síðar
Þýsk gæði - CE merkt
Stærðir 2-600 persónueiningar

HVAMMSHÓLAR

SIGURÐUR VIGGÓ HALLDÓRSSON PÍPULAGNINGAMEISTARI +354 660 4085 SIGGI@HVAMMSHOLAR.IS

Samfélag:

„Óvenju efnilegur af kaupstaðarbarni að vera“

Þéttbýlisbörn enn að einhverju marki send í sveit á sumrin

Alsiða var að senda börn úr þéttbýli í sveit á sumrin hér áður fyrr og eitthvað er um það enn.

Um 40 prósent þeirra sem voru 18 ára eða eldri árið 2016 höfðu farið á sveitaheimili til vinnu. Í viðtölum við uppkomið fólk sem sent hafði verið í sveit kom fram að margir hefðu átt ágæta dvöl og upplifað frelsi þrátt fyrir langan vinnudag.

Jónína Einarsdóttir, prófessor emerita í mannfræði, og Geir Gunnlaugsson, prófessor emeritus í hnattrænni heilsu og barnalæknir, rannsökuðu fyrir fáeinum árum, ásamt fleiri fræðimönnum, sveitadvöl barna á Íslandi. Kom þá í ljós að um það bil tveir af hverjum fimm núlifandi Íslendingum höfðu verið sendir í sveit á sumrin. Fimmtungur barna ólst upp í sveit en tveir fimmtu hlutar barna fóru aldrei í sveit. Þó vildi helmingur þeirra fara en ekki fékkst pláss.

Niðurstöður rannsóknarinnar komu út á tveimur stórfróðlegum bókum árið 2019: Send í sveit: Þetta var í þjóðarsálinni, og Send í sveit: Súrt, saltað og heimabakað. Þar er líka að finna frásagnir barna sem dvöldu í sveit, bændafólksins sem hafði þau og horft til tímans frá lokum 19. aldar til líðandi stundar.

Leitt er að því getum að sveitunum hafi verið falið uppeldishlutverk við að ala upp þéttbýlisbörn, með því að kenna þeim að vinna, þrífast í reglufestu, umgangast dýr og læra að meta náttúruna. Vagga íslenskrar menningar var oft sögð vera til sveita, þar væri íslenskan fegurst töluð og af því skyldu börnin læra.

Staðreynd sé að í kjölfar þess að vistafestan leystist upp um aldamótin 1900 hafi orðið töluverður skortur á vinnandi höndum til sveita. Þar hafi börn og unglingar að nokkru leyti komið í staðinn. Sömuleiðis fengu húsmæður í þéttbýli oft vinnu á sumrin og þá vantaði pössun fyrir börnin sem stundum var leyst með því að senda þau í sveit. Yfirleitt hafi ekki verið um eiginleg laun fyrir vinnuna að ræða utan uppihalds en börnin fengu stundum kartöflupoka með heim, eða máttu eiga lamb.



Börn þurfa ekki að vera há í loftinu til að gera nokkurt gagn. Sá siður að senda börn í sveit er, samkvæmt rannsóknum, enn við lýði, en mjög hefur þó dregið úr því. *Mynd / sá*



Sveitirnar höfðu sumpart það hlutverk að ala upp þéttbýlisbörn; með því að kenna þeim að vinna, þrífast í reglufestu, umgangast dýr og læra að meta náttúruna. *Mynd / Vefur Mannfræðifélags Íslands*

Sveitadvöl sem félagslegt úrræði

Hervör Alma Árnadóttir, dósent við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, rannsakaði úrræðið „sumardvöl í sveit“ sem félagsmálayfirvöld í Reykjavík hafa boðið fjölskyldum sem búa við félagslega erfiðleika fyrir börn sín, allt frá lokum sjöunda áratugarins fram til dagsins í dag. Í umfjöllun á vef Háskóla Íslands frá 2019 segir að niðurstöður rannsókna bendi til að oft hafi tekist vel til með sumardvalir barna í sveitum, þótt í einhverjum tilvika hafi svo ekki verið og börnunum liðið illa.

Fram kemur og að árið 1971 hafi 144 börn verið send til sveitardvalar frá borginni en þau verið 10 árið 2018, og alltaf fleiri drengir en stúlkur. Haft er eftir Hervöru Ölmu að skýrt hafi komið fram í viðtölum rannsakenda við fólk til sveita að það hefði saknað þeirra tíma þegar „venjuleg börn“ komu í sveitina. Fyrrum hafi börn oft verið send í sveit á vegum borgarinnar vegna fátæktar heima fyrir, en það hafi síðar þróast í börn með hegðunarerfiðleika. Allt frá því fyrir aldamótin 1900 hafi þótt hollt öllum börnum að fara í sveit,



Börn í réttum í Breiðdal 1963. Tveir af hverjum fimm núlifandi Íslendingum voru sendir í sveit á sumrin. Fimmtungur barna ólst upp í sveit en tveir fimmtu hlutar barna fóru aldrei í sveit.
Mynd / George P. L. Walker

en ekki síst „vandræðabörnum“ og þeim sem væru alin upp við „erfiðar aðstæður“.

Vakin er athygli á að rannsóknir á þeim sið að senda börn í sveit séu mikilvægar, til að skoða hvaða áhrif það hefur haft á einstaklingana, fjölskyldur í þéttbýli og til sveita og þjóðina sem heild, þar sem „gríðarlega stór hluti hennar fluttist úr sveit í borg á örfáum áratugum með miklu samfélagslegu umróti“.

Ekki var óalgengt að neikvæð viðhorf væru til lífs í þéttbýli áður fyrr á árunum en hins vegar jákvæð gagnvart sveitalífi. Kaupstaðarbörnin voru stundum borin saman við sveitabörnin og báru þá stundum lægri hlut. „Hann er óvenju efnilegur af kaupstaðarbarni að vera“ var t.d. haft eftir bónda fyrir norðan.

Lærðu að vinna

Börn voru oft í sveit sumrunum saman, frá sauðburði og fram yfir göngur, en líka oft skemur. Skólaárið var enda lengi vel stillt eftir réttum og sauðburði. Fyrir örfáum áratugum var það einfaldlega fasti í þjóðarsálinni að þéttbýlisbörn hefðu ákaflega gott af að fara í sveit á sumrin. Þar yrðu þau „að manni“ og „lærðu að vinna“.

Þau unnu t.d. í sauðburði, stungu út úr húsunum, voru í heyskap, ráku kýrnar, mjólkuðu, keyrðu dráttarvélar og tóku þátt í göngum að hausti. Þau lærðu að borða súran og saltaðan mat og drekka molakaffi. Verkaskipting var oft milli kynjanna og börnin sinntu störfum í samræmi við viðurkennda verkaskiptingu á hverjum tíma. Lítið var um samband heim, nema einstöku símhringingar og kannski meira til að athuga hjá bændum hvernig börnin stæðu sig. Eitthvað var um bréfaskriftir.

Stundum urðu slys, jafnvel banaslys, einkum eftir að sveitir vélvæddust, t.d. þegar krakkar voru látnir aka dráttarvélum, enda öryggismenning með öðrum hætti en nú er. Sömuleiðis höfðu breyttar reglur um vinnu og öryggi barna sitt að segja.

Velta má fyrir sér hverjar tilfinningar barna sem voru að fara í fyrsta sinn á jafnvel ókunnan sveitabæ voru. Var þetta í fyrsta skipti sem þau voru að fara á ókunnugan stað? Voru þau kvíðin eða fundu til eftirvæntingar? Voru þau að fara að eigin frumkvæði?

Fjölbreytt störf

Í Sarpi, menningarsögulegu gagnasafni Þjóðminjasafnsins, má finna fjölmargar spurningar tengdar sumardvöl í sveit, og svör við þeim, frá fólki á ýmsum aldri. Kona fædd árið 1966, sem var í sveit á eyju í ótilgreindum fjórðungi sumrin 1974–9, var kúasmali, tók þátt í heyskap, reytti arfa í rófugarði, hamfletti lunda, fór í lundaveiðar, dúntekju, hreinsaði æðardún, tíndi kríuegg og passaði yngri börn á bænum. Hún sagði dvölina hafa verið ánægjulegt sambland af leik og störfum.

Karl fæddur 1943 var í sveit sumrin 1950–57 á Suðurlandi: „Þess var gætt (af móður) að góður útifatnaður væri með, góðir gúmmískór, helst nýir, stígvél í fjósið og rigninguna, regnkápa og nóg af sokkum! ... Brottför auðveld, afar mikil tilhlökkun alla tíð, ekkert vol og víl. ... Ég beið eftir vorinu/sauðburðinum, próflokum! Grenjaði þangað til búið var að tryggja sumardvöl. ... Sækja kýrnar, reka kýrnar, moka flórinn, sækja hesta, raka/rifja, bera á túnin á vorin, teyma hross við alls kyns vinnu á túnum, heim með bagga af engjum. Setja niður kartöflur, stinga upp,“ segir hann í svörum sínum.

Kona fædd 1973 var í sveit sumarið 1988 og segir: „Ég var eitt sumar í sveit, það var sumarið 1988 og þá var ég á fimmtánda ári. Fólkið sem ég dvaldist hjá var mér óskylt og ókunnugt. ... Ég þekkti á þessum tíma ekki aðra sem farið höfðu í sveit, en það tíðkaðist að bændur auglýstu eftir börnum eða unglingum til sveitavinnu á vorin. ... Ég veit þó dæmi þess að krakkar gáfust upp á sveitadvölinni og fóru heim fyrr en til stóð. Ég held að það hafi mest bara verið af heimþrá og þeim ekki líkað að vera í sveitinni. ...

Sveitastörfin voru að jafnaði nokkuð kynbundin, alla vega þar sem ég var. Strákar keyrðu traktora, báru bagga, gerðu við girðingar og fleira. Stelpur (og yngri börn) ráku kýrnar, rökuðu, hjálpuðu til í eldhúsi og við þrif o.s.frv. Þannig var yfirleitt ráðin alla vega ein stelpa og einn strákur til að hjálpa til við þessi mismunandi störf. En þar sem þannig hittist á að strákur sem ráðinn hafði verið á bæinn gafst upp á dvölinni áður en ég kom, þá fékk ég að vinna öll möguleg störf, bæði „stráka“- og „stelpu“-störf. Ég var sérstaklega ánægð með þetta og taldi mig heppna að þessu leyti,“ segir hún í svörum sínum við spurningum Þjóðminjasafnsins.

Sumardvölin styttri en áður

Enn fara börn og ungmenni í sveit og má í því samhengi minnast á nýlega smáauglýsingu í Bændablaðinu, þar sem stúlka á 16. aldursári leitar að vinnu í sveit frá júnílokum til miðs ágúst. Hún sé vön sveitavinnu og ýmsum gegningum kringum börn og dýr.

Börn eru þó líklega í styttri sumardvöl en áður var, m.a. vegna lengingar skólaársins. Sá siður að senda börn í sveit er, samkvæmt rannsóknum, enn við lýði og runninn af sömu rótum og áður. Það hefur þó minnkað til muna frá því sem áður var. Verkin eru svipuð en dvalartíminn styttri. Oft er um að ræða fjölskyldutengsl en stundum fara börnin til ókunnugs fólks. Þau eru með tilkomu internetsins ekki einangruð í sveitadvölinni eins og var. Þau eru einnig vanari framandi kringumstæðum en áður var, vegna aukinna ferðalaga og hnattrænnar upplýsingahraðbrautar samfélagsmiðlanna. */sá*



Kolefnismarkaðir:

Mikil tækifæri sem felast í kolefnismörkuðum í gegnum skógrækt

Málþing um kolefnismarkaði var haldið á Sólheimum föstudaginn 9. maí. Áhersla var á framtíðarmöguleika slíkra markaða með kolefnisbindingu í skógrækt.

Að sögn Hlyns Geirs Sigurðssonar, sérfræðings hjá Bændasamtökum Íslands, var eitt megininntak málþingsins hvernig styrkja mætti búsetu í landinu með skógrækt til kolefnisbindingar – og vinna um leið gegn loftslagsvandanum. Fjöldi erinda voru flutt af sérfræðingum á mismunandi sviðum málaflokksins og segir Hlynur að málþingið hafi verið vel sótt.



Fyrirlesarar á málþinginu Sól*Kol fengu fallegt tré (svartelri) að gjöf sem ræktað var á gróðrarstöðinni Ölur á Sólheimum. Björn Bjarndal, Hreinn Óskarsson, Helena Marta Stefánsdóttir, Jón Arnar Tómasson, Björgvin Eggertsson, Ásmundur Skeggjason, Magnús Salberg Óskarsson, Gunnar Sveinn Magnússon, Eiður Eyþórsson, Páll Sigurðsson, Guðmundur Sigbergsson, Þröstur Eysteinsson, Ragnheiður Björk Halldórsdóttir og Hlynur Gauti Sigurðsson.

Mynd / Valgeir Backman

Drjúgur stofnkostnaður

Málþingið hét Sól*Kol og var skipt upp í þrjá efniskafla; fyrst var fjallað um formsatriði kolefnismarkaða og tækifærin, svo var fjallað um aðra ávinninga sem fást með kolefnisbindingu með skógrækt – eins og aukinn líffræðilegan fjölbreytileika, timburframleiðslu og útivistarkosti – og loks var rætt um reynsluna sem væri komin á kolefnismarkaði á Íslandi fram til þessa.

Hlynur segir að mikil sóknarfæri felist í kolefnismörkuðum í gegnum skógrækt. „Í grunninn gengur leikurinn út á hefðbundna skógrækt, það er að landeigandi leggur til land undir skóg. Með tíð og tíma binst mikið kolefni úr andrúmsloftinu í trjánum. Á meðan trén vaxa má nýta skóginn til útivistar og beitar, svo fátt eitt sé nefnt. Loks er viðurinn, þar sem uppistaða kolefnisins er, nýttur til uppbyggingar fyrir land og þjóð. Á meðan trén vaxa binda þau kolefni og má umbreyta þeirri bindingu í kolefniseiningu. Þegar hér er komið sögu virðist þetta leikur einn. En stofnkostnaður skógræktar er drjúgur og má segja að þar sé flöskuhálsinn í uppbyggingunni.“

Strangar kröfur kolefnisskóga

Hlynur útskýrir að það sem aðskilji skógrækt til kolefnisbindingar fyrir kolefnismarkaði frá hefðbundinni skógrækt, hvort sem hún er ríkisstudd eða ekki, séu þær strängu kröfur sem kolefnisskógar þurfi að undirgangast. „Það þarf að mæla og votta þessa skóga í bak og fyrir áður en hinn frjálsi markaður tekur við þar sem viðskiptin með kolefniseiningarnar eiga sér stað – og viðskiptamódelið um kolefnismarkaði byggir á.“

Hann segir að lítið hafi farið fyrir málaflokknum að undanförnu en leiða megi líkur að því að nú geti hjólin aftur farið að snúast. „Tækifærið er stærra en þorri almennings gerir sér grein fyrir og felst aðallega í jákvæðri þróun til sjálfbærni Íslands og aukinnar búsældar með heilbrigðari auknum landbúnaði. En við þurfum þó að þróa málin í sameiningu, svo þau verði öllum landsmönnum til framdráttar.“

Markaðir virkjaðir með sölu á kolefniseiningum

Að málþinginu stóðu Sólheimar, Bændasamtök Íslands og Kolefnisbrúin, þar sem Hlynur er framkvæmdastjóri, en hún er í eigu Bændasamtaka Íslands og Félaga skógarbænda á landsvísu. Meginmarkmið Kolefnisbrúar er að virkja markað með sölu kolefniseininga, einkum í skógrækt.

Hlynur segir að umræða um kolefnismarkaði kunni að hljóma flókin og bendir á vefinn kolefnisbruin.is, þar sem hægt er að kynna sér málin betur og eins nálgast upptökur af málþinginu.

/smh

Sérsniðin þjónusta að þínum þörfum

ALLT FASTEIGNASALA



Kristinn Sigurbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og byggingafræðingur.
Sími: 560-5502
Netfang: kristinn@allt.is



Páll Þorbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og fiskeldisfræðingur.
Sími: 560-5501
Netfang: pall@allt.is



Lögfræðistofa Reykjavíkur

LÖGMANNSÞJÓNUSTA



Vönduð og fagleg lögmannsþjónusta með starfsstöðvar bæði í Reykjavík og á Hvolsvelli. Helstu réttarsvið: Félagaréttur, eignaréttur, samningaréttur, orkuréttur, erfðaréttur, gjaldþrotaréttur stjórnsýsluréttur o.fl.

Yfir 30 ára reynsla af lögmannsstörfum.

Helgi Jóhannesson, lögmaður • helgi@lr.is • Sími 849-0000
Borgartúni 25, Reykjavík • Austurvegi 4, Hvolsvelli • Sími 515-7400

Afburðadekk sem landbúnaðurinn þekkir



MAXAM dekkin eru þekkt fyrir frábær gæði, áreiðanleika og öryggi. Dekkin eru hönnuð til að mæta þörfum og kröfum í fjölbreyttu og krefjandi umhverfi og henta því frábærlega fyrir íslenskar aðstæður.

MAXAM dekkin eru hentug fyrir:

- Landbúnað
- Þungar vinnuvélar
- Bændur
- Verktaka

Hafðu samband við **Eggert B. Eggertsson** sölustjóra, í **590 5180** eða **ebe@klettur.is**, fyrir nánari upplýsingar.

KLETTUR

REYKJAVÍK — HAFNARFJÖRÐUR — AKUREYRI — 590 5100

Vélaskólinn

Talsett Vinnuvélanámskeið á netinu



www.velaskolinn.is

Segðu BLESS við óværuna!



YKKAR pest control

BANINN SEM VIRKAR
- fæst í öllum betri landbúnaðar- og byggingavöruverslunum

Fléttа

Stærðir: XS S M L XL
Brjóstummál í sm: 88 95 105 114 124
Efni:
Þingborgarlopi.
500-600 g lopi í aðallit.
50-100 g af tveimur litum í mynstur
Ef notaður er lopi frá Ístex verður að gæta að prjónafestu, ekki er sami grófleiki á honum og á Þingborgarlopanum.
Sokkaprjónar nr 3.5 og 5
Hringprjónar nr 3.5 40 og 80 cm langir
Hringprjónar nr 5, 40, 60 og 80 cm langir
Heklunál nr. 3.5.
Rennilás eða 8-9 tölur.

Prjónafesta:
14 l og 21 umf í sléttu prjóni = 10 x 10 cm
Önnur prjónastærð getur hentað, allt eftir því hvort prjónað er fast eða laust, finnið það út með því að prjóna prufu og mælið.
Prjónað er úr plötulopanum tvöföldum. Bolur og ermar eru prjónuð í hring.

Bolur:
Fitjið upp 124-134-148-160-176 l á 80 sm hringprjón nr 3.5, prj. í hring 8-10 sm brugðningu, sjá mynsturblað. Stroffið er prjónað fram og til baka. Í byrjun og enda á stroffi eru 3 sl l, ein l hvoru megin fer undir hneppulista. Að loknu stroffi er skipt yfir á 80 sm hringprjón nr. 5, tengt saman í hring. Fitjaðar eru upp 2 aukalykkjur í upphafi umf sem eru prj brugðnar upp að stroffi í hálsmáli. Prjónað sl uns bolur mælist 38-46 sm. (Lengd á bol er smekksatriði, mælið ykkur sjálf og metið hvað þið viljið hafa bolinn síðan.)
Á dömupeysu er fallegt að gera „mitti“ á peysuna með því að taka úr á bol. Setjið merki í hliðar, takið úr 2 l hvoru megin, *prj 2 l saman, prj 1 l prj 2 l saman*. Fyrst er tekið úr er bolur mælist 8-12 sm og síðan 2x aftur með 5 sm á milli. Alls eru teknar úr 12 l. Prj 5 sm, þá er aukið út aftur samsvarandi og með sama millibili og tekið var úr og endað með sama lykkjufjölda. Mælið ykkur og metið hvað þið viljið hafa bolinn síðan og hvar þið viljið að úrtaka byrji.



Ermar:
Fitjið upp 32-36-36-40-40 l á sokkap. nr. 3.5, prjónið í hring. Gerið eins og neðan á peysu. Skiptið yfir á sokkap. nr. 5 þegar stroffi er lokið. Aukið út um 2 l, (1 l eftir fyrstu lykkju og 1 lykkju fyrir síðustu l í umf). Endurtakið aukningu 8-8-8-8-8 x upp ermi, með u.þ.b. 7-8 umf á milli þar til 50-54-54-58-58 l eru á prjóninum. Skiptið yfir á stutta hringprjóninn nr. 5 á u.þ.b. miðri ermi. Gott er að nota prjónamerki til að merkja þar sem aukið er út. Prjónið uns ermi mælist 44-52 sm. (Mælið handlegg og metið hve ermin á að vera löng)

Axlastykki:
Sameinið nú bol og ermar á 80 sm hringprjóninn nr 5. Setjið 5-5-5-5-6- síðustu l og 5-5-5-6-6- fyrstu l af ermum á prjónanælu. Prj 26-28-32-34-38 l af bol að framan, prjónið fyrri ermina við 40-44-44-47-46 l, setjið næstu 10-10-10-11-12 l af bol á hjálparprjón. Prjónið næstu 52-58-64-70-76 l af bol og setjið næstu 10-10-10-11-12 l á hjálparprjón. Prjónið seinni ermina við og gerið eins og með hina og að síðustu 26-28-32-34-38 l af bol. Þá eru 184-202-216-232-244 l á prjóninum. Í st XS, M og L er fjölgað um 2 l áður en byrjað er á mynstri og í st XL eru teknar úr 2 l. Prjónið alltaf eina l í byrjun og lok umf í aðallit, þegar teknar verða upp l fyrir hneppulista, fara þær þar undir. Prj mynstur eftir teikningu. Notið styttri hringprjóna eftir því sem lykkjum fækkar. Þegar mynstri lýkur er tekið úr aukalega þar til 72-76 l eru eftir á prjóninum. Fellið af aukal 2 sem prj voru brugðnar upp. Þá er skipt á 40 cm hringprjón nr 3.5 og prj 10-12 sm stroff fram og til baka. Gerið eins og á stroffi neðan á peysu, prj 3 sl l í upphafi og enda umf, þar sem ein l hvoru megin fer undir hneppulista. Fellið laust af. Gangið vel frá öllum endum og lykkjið saman undir höndum.



Listar:
Saumið í vél með beinu þéttu spori og samlitum tvinna í brugðningu að framan sitt hvoru megin, sem næst slétta prjóninu. Gott er að sauma tvisvar hvoru megin. Klippið upp á milli saumanna. Snúið réttunni á peysunni að
ykkur og notið heklunálina til að taka upp lykkjur í hneppulista þvert á prjónið. Krækið í bandið með heklunálinni í gegnum lykkjurnar, en sleppið alltaf fjórðu hverri umferð, það er ágætis þumalputtaregla, þá er listinn passlega langur. Færið lykkjurnar jafnóðum yfir á hringprjón nr 3.5 80 sm
langan. Prjónið stroff, 2-3 umf ef það á að setja rennilás en 5-6 umf. ef setja á tölur og gerið þá hnappagöt með jöfnu millibili á annan boðunginn. Passið að affellingin sé mátulega strekkt. Til að fela sárið innan á eftir saumaskapinn, er gott að hekla eina umf af fastahekli yfir það og varpa því svo niður með einföldu spori. Saumið kragann niður að innanverðu, en lokið ekki endum, þar kemur rennilásinn inn í ef hann er settur, en mælt er fyrir honum eftir þvott og hafður 3-4 sm styttri en boðungurinn mælist. Þræðið hann á og passið að mynstur standist á. Ef hann er saumaður á í saumavél er gott að sauma hann í sömu átt beggja megin og byrja þar sem mynstur byrjar og sauma að hálsmáli og eins þegar saumað er niður. Með þessari aðferð gengur betur að láta mynstur stemma en ef saumað væri sitt í hvora áttina.

Þvottur:
Þvoið flíkina í volgu vatni með góðri ullarsápu eða sjampói. Skolið vel og vindið svo í hálfa mínútu í þvottavél. Mikilvægt er að vélin fari strax að vinda, (þær eru misjafnar að þessu leyti) en sé ekki að veltast með flíkina fyrst, þá getur hún þófnað. Leggið peysuna á handklæði til þerris.

Hönnun: Margrét Jónsdóttir

4x4
Benni
Notaðir bílar
Vertu klár í ferðalagið í sumar.
Eigum úrval 4x4 bíla á frábæru verði.
Birt með fyrirvara um mynd- og textabrengl.


Hyundai Tucson Premium
- Nýskráður 2021
- Bensín
- Sjálfskiptur
- Ekinn 49 þ.km.
Verð: 5.890.000 kr.


SsangYong Rexton HLX
- Nýskráður 2019
- Dísel
- Sjálfskiptur
- Ekinn 85 þ.km.
Verð: 6.290.000 kr.
Meira úrval á notadir.benni.is
Bílabúð Benna
Krókhálsi 9
Reykjavík
590 2035
Bílabúð Benna
Notaðir bílar


Þingborg
s. 846 9287, 482 1027
www.thingborg.is
facebook/thingborgull
Ullarverslunin Þingborg selur hágæða lopa úr sérvalinni lambsull í sauðalitum. Eins er til handlitaður lopi í ýmsum litatónum, sjón er sögu ríkari. Lopinn í peysuna sem uppskriftin er að hér í blaðinu fæst í Þingborg, póstsendum bæði innanlands og utan.
Ullarverslunin er staðsett í Gömlu Þingborg sem er 8 km fyrir austan Selfoss.
Verslunin er opin alla daga nema sunnudaga frá 10-17


Framtíðarborgin og viðnám hefðarinnar

Hrifla | Þröstur Helgason
throstur@bondi.is

Feneyjatvíæringurinn í arkitektúr hófst í síðustu viku. Íslendingar taka nú þátt í fyrsta sinn með formlegum hætti.

Arnhildur Pálmadóttir arkitekt sýnir ásamt teymi sínu verk sem hún nefnir *Lavaforming* en þar er dregin upp mynd af mögulegri framtíðarborg sem byggð er úr rennandi hrauni beint úr jarðskorpunni. Sýningin segir sögu samfélags sem hefur lært að temja hraunflæði, nýta sér það og þannig breytt staðbundinni ógn í tækifæri til sköpunar. Einn af aðstandendum sýningarinnar tengist mér og því ætla ég ekki að fjalla sérstaklega um hana hér, en þó má geta að þessi djarfa hugmynd hefur þegar vakið talsverða athygli og valdi Financial Times íslenska skálann einn af þeim fimm athyglisverðustu í Feneyjum að þessu sinni.

Fenyjatvíæringurinn í arkitektúr er nú haldinn í nítjánda sinn og stendur til 23. nóvember nk. Ítalski arkitektinn og verkfræðingurinn Carlo Ratti er sýningarstjóri og segir umfjöllunarefnið vera hinn brennandi heim: „Og arkitektúr verður að takast á við hann með því að virkja allan sinn sköpunarkraft."

Þátttökulöndin eru 66 talsins og aðalverðlaun hátíðarinnar að þessu sinni, Gullna ljónið, fær konungsríkið Barein í Persaflóa. Verkefnið er snjöll lausn sem ætlað er að búa til eins konar kuldapolla fyrir fólk á ofurheitum dögum sem eru margir í þessum heimshluta.

Nokkur önnur verkefni fengu sérstök verðlaun en eitt af þeim forvitnilegustu er *Canal Café* eftir Diller Scofidio + Renfro sem settu upp eins konar kaffihús á sýningarsvæði tvíæringsins í Arsenale. Það sem er óvenjulegt við kaffihúsið er að það notar í kaffið vatn sem unnið er úr síkjunum sem umlykja Feneyjar. Einn vandinn sem Feneyjar standa frammi fyrir er mengunin í sjónum en aðstandendur þessarar sýningar hreinsuðu hann með náttúrulegum aðferðum og leiddu hann svo beint í kaffibolla sýningargesta.



* * *

Af þeim skálum sem ég sá í mínu stutta stoppi í Feneyjum í liðinni viku vöktu einkum tveir sérstaka athygli.

Bandarískí skálinn heitir *Porch: An Architecture of Generosity* og fjallar, eins og nafnið gefur til kynna, um veröndina sem afl örlætis í bandarískri byggingarlist. Skálinn byggir á rannsókn sem staðið hefur um nokkurn tíma á hlutverki og táknmiði verandarinnar í bandarískum arkitektúr og menningu en sýningin hlýtur að orka á áhorfendur sem ákaflega beitt athugasemd á pólitískt ástand vestanhafs nú þegar Trump hefur tekið völdin í annað sinn.

Veröndin er staður þar sem Bandaríkjamenn hafa um aldir boðið fólk velkomið, átt samtal við granna sína, virt fyrir sér umhverfið um leið og þeir hafa dregið andann, hugleitt, lesið og leikið sér. Hún er staður þar sem heimar mætast, hið kunna og ókunna, byggingin og náttúran, innra og ytra. Sýningin dregur þetta fram með ákaflega fjölbreyttum hætti og sýnir hvernig veröndin hefur mótað bæði veruleika og hugarfar þessarar margbrotnu þjóðar sem hefur allt frá byrjun boðið heiminn velkominn. Þar til nú.

Veröndin sem smíðuð hefur verið í kringum bandaríska skálann í Feneyjum birtist manni sem táknræn yfirlýsing um andstöðu aðstandenda skálans við þá stefnu sem nú ræður ríkjum í Bandaríkjunum.

Norræni skálinn er einnig róttækur en á allt annan hátt. Finnar eru sýningarstjórar skálans að þessu sinni en þeir skiptast á með Svíum og Norðmönnum að sjá um sýningarhaldið í skálanum. Skálinn er móderníssk bygging, teiknuð af norska arkitektinum Sverre Fehn og ber af öðrum húsum á sýningarsvæðinu í Giardini. Og segja má að sýningin lýsi átökum við þungan straum módernisma síðustu aldar þegar viðmið nútíma arkitektúrs voru mótuð.

Heiti sýningarinnar er *Industry Muscle: Five Scoures for Architecture* og rýnir í nútímaarkitektúr út frá sjónarhorni translíkamans. Spurningin er hvernig arkitektúrinn bregst við þegar normin breytast en ef marka má sýninguna er viðnám hefðarinnar sem mótaðist á síðustu öld mikið. Það sem módernisminn skildi eftir sig birtist manni með öðrum orðum sem stórkostleg fagurfræðileg arfleifð í sjálfri skálabyggingunni en á sama tíma afhjúpar sýningin módernismann sem þröngan, óþjálan og takmarkandi ramma sem ekki virðist vera svo auðvelt að brjótast út úr.

* * *

Að síðustu er vert að geta sýningar Eista, sem talaði kannski ekki síst til íslenskra gesta tvíæringsins. Eistar fjalla um vaxandi notkun á álklæðningum í borgarlandslaginu. Verkfræðileg lausn á einangrun húsa hefur breytt ásýnd borga. Álklædd einsleitnin hefur tekið yfir. Við könnumst við þessa þróun hér á landi. Hún hefur átt sér stað án þess að nokkur umræða hafi farið fram um fagurfræðileg áhrif hennar. Ætti sú umræða ekki að eiga sér stað? Hvað þarf til að hún eigi sér stað? Eða hvernig er hægt að binda enda á tímabil álklæðningarinnar? – svo spurt sé beint út. Er von á annarri lausn? Og má þá biðja um eilítinn fagurfræðilegan metnað þegar sú lausn verður þróuð.





Eignatorg býður sérhæfða þjónustu við verðmöt og sölu á bújörðum og öðru landi, með eða án rekstrar.

Við byggjum á áralangri reynslu á því sviði.

Björgvin Guðjónsson, búfræðingur og löggiltur fasteignasali, s. 510-3500 eða 615-1020,
bjorgvin@eignatorg.is
Eignatorg



Eignatorg kynnir:
Lögbýlið Vaðlar Ísafjarðarbæ
landnr. L141026.

Um er að ræða jörð með góðum húsakosti.
Mjög snyrtilegt og skemmtilega skipulagt íbúðarhús.
Eldra íbúðarhús sem býður upp á góða nýtingarmöguleika.
Mjög gott iðnaðarhúsnæði
sem var áður nýtt sem lausagöngufjós.
Rafstöð sem mögulegt er að stækka.
Til staðar er grunnur / kjallari undir
u.þ.b. 508,2 fm atvinnuhúsnæði.
Gert er ráð fyrir að nýbygging sé samtengd
iðnaðarhúsnæðinu og innangengt á milli.
Gróið land jarðarinnar er talið vera nærri 170 hektarar
og ræktað land þar til viðbótar 15 hektarar.
Ljósleiðari kominn inn í nýrra íbúðarhús og tengdur.
Gert er ráð fyrir ljósleiðaratengingu inn í eldra íbúðarhús.
3ja fasa rafmagn frá Orkubúi Vestfjarða.
Mjög gott, lokað vatnsból. Góð malarnáma er á jörðinni.
Jörðin er seld án framleiðsluréttar, áhafnar og véla.
Um 12 km. eru til Flateyrar og u.þ.b. 20 km. á Ísafjörð,
þar sem er öll helsta verslun og þjónusta.

Allar nánari upplýsingar veitir
Björgvin Guðjónsson löggiltur fasteignasali
í síma 510-3500 / 615-1020

Lífræn hreinsistöð



Fyrirferðarlítil með 25 ára ábyrgð
Engin rotþró eða hefðbundin siturlögn
Margar stærðir í boði
Tæming seyru á 3 - 5 ára fresti

WPL
Diamond

IÐNVER
Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is

Vélabásinn:

Ódýrari pallbíll vandfundinn

– Prufuakstur á KGM Musso Ulitmate



Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is

Bændablaðið fékk til prufu nýjan KGM Musso, sem er að öllum líkindum ódýrasti nýi pallbíllinn með þessu lagi sem fæst á landinu. Bíllinn, sem tekinn er fyrir hér, er af Ultimate útgáfu, sem er með ríkulegasta staðalbúnaðinn.

KGM er nýtt heiti kóresks bílaframleiðanda sem áður hét SsangYong. Musso er hefðbundinn pallbíll sem fellur í sama flokk og Toyota Hilux, Isuzu D-Max, Volkswagen Amarok og fleiri. Ytra útlit Musso er býsna smekklegt, sérstaklega að framan. Sami metnaður virðist ekki hafa verið lagður í bakhliðina og falla afturljósin ekki í heildarmyndina. Framan við B-bogann er varla hægt að sjá mun á Musso og Rexton frá KGM, enda eru þessir tveir bílar afar skyldir.

Innrétting svipuð Rexton

Þeir sem eru kunnugir Rexton verða sennilega ekki fyrir neinum viðbrigðum við að setjast í Musso, því líkindin eru ekki minni þegar inn er komið. Innréttingin í kringum mælaborðið er klædd mjúku gúmmíi og leðurlíki. Hurðaspjöldin eru að mestu úr hörðu plasti, fyrir utan armhvíluna sem er með fóðri.

Hanskahólfið er rúmgott og á milli sætanna er djúp lokuð geymsla. Í miðjustokknum eru jafnframt glasahaldarar og bakki sem passar fyrir síma. Þar er ekki þráðlaus hleðsla, en nóg er af USB tengjum. Gírstöngin fyrir sjálfskiptinguna kemur upp úr miðjustokknum. Aftan við hana er snúningstakki til þess að velja á milli afturhjóladrifs og fjórhjóladrifs og skipta niður í lága drifið.

Á stýrinu er mjúkt áklæði úr leðurlíki og nytsamlegir takkar. Vinstra megin er hægt að stjórna útvarpinu, síma og hita í stýri. Hægra megin eru takkar fyrir hraðastilli, akstursaðstoð og til þess að fletta í gegnum aksturstölvuna. Framan við bílstjórann er skjár sem er mælaborð og aksturstölva og geta notendur valið á milli nokkurra ólíkra birtingarmynda hans.

Upp úr miðju mælaborðinu stendur snertiskjár. Hann er af einfaldri gerð og ekki leiftursnöggur. Neðan við hann eru snertihnappar í stjórnborði fyrir miðstöðina og snertiskjárinn ekki notaður mikið. Til þess að hækka og lækka í útvarpinu getur bílstjórinn notað takka í stýrinu, en farþegann vantar augljósa leið og þarf að fara í gegnum tvö skref í snertiskjánum.

Ýmis viðvörunarhljóð

Til þess að slökkva á hámarkshraðaþípinu þarf að fletta í gegnum aksturstölvuna með takka í stýrinu og taldi undirritaður níu þrep á leiðinni. Eins og á flestum nýjum ökutækjum fer þetta svo í sama horfið þegar slökkt er á bílnum. Blessunarlega er viðvörunarhljóðið ekki mjög ágengt, en heyrist þó alltaf þegar rétt er skriðið yfir hámarkshraða.

Þá eru önnur viðvörunarhljóð sem heyrast stundum án þess að þeim fylgi augljós skýring. Blaðamaður telur sennilegt að yfirleitt sé bíllinn að láta vita af breyttum hámarkshraða, en bíllinn pípir líka þegar beygt er í nýja götu og hann áætlar að hámarkshraðinn sé breyttur. Því heyrast þau viðvörunarhljóð býsna oft ef ekið er í gegnum þéttari byggðir höfuðborgarsvæðisins. Sé farið úr öryggisbelti á meðan bíllinn er í gangi heyrist alltaf viðvörunarhljóð í smástund, jafnvel þó svo að bíllinn sé í P.



KGM Musso er sennilega ódýrasti pallbíllinn á landinu. Hann á margt skylt með Rexton, en í stað hefðbundins skott er pallur.
Myndir / ál

Afar þægileg sæti

Vélin er mátulega kraftmikil, eða 202 hestöfl og 441 Newton metri, og þökk sé góðri hljóðeinangrun heyrist lítið í henni. Skynvæddi hraðastillirinn virkar vel og kemur sér vel bæði í langkeyrslu sem og þéttri morgunumferð.

Sætin fremst eru afar þægileg og klædd leðri. Á ódýrari útgáfum en Ultimate eru sætin með gervileðri eða taui. Allar stillingar eru gerðar með handafli, nema fyrir mjóbaksstuðning. Í aftursætunum er ágætt pláss, en þeir hávöxnustu munu eflaust ekki vilja sitja þar lengi. Í miðjunni er armhvíla sem er hægt að draga niður og er hún með tvo glasahaldara. Hægt er að leggja sætisbakið niður, en það er ekki hægt að lyfta sessunni upp með auðveldu móti.



Innrétting er nokkuð vönduð og framsæti þægileg.

Í akstri er bíllinn aldrei alveg laus við smá titring, jafnvel þó svo að yfirborðið sé slétt, og veldur það auknu álagi á ökumanninn. Titringinn má rekja til demparanna, en þegar þeim er skipt út geta þessir bílar verið lungamjúkir. Musso er byggður á hefðbundinni grind, en slík farartæki eru oftar en ekki afar sterkbyggð, en fórnarkostnaðurinn eru lakari aksturseiginleikar. Það sama á við hvort bíllinn heitir Toyota eða KGM. Ekki gafst færi á að aka bílnum með hlassi á pallinum, en lestaðir pallbílar liggja oft betur á veginum en tómir. Pallurinn fæst í tveimur lengdum og var bíllinn í þessum prufuakstri með styttri gerðinni. Í þröngum aðstæðum reyndist bíllinn óvenju lipur miðað við að vera pallbíll.

Musso er með hátt og lágt drif og eru tvær dýrustu útfærslurnar með driflæsingu að aftan. Hann kemur því til greina fyrir þá sem þurfa að fara út fyrir hina troðnu slóð. Stuðarinn er hins vegar nokkuð síður sem þýðir að varkárni er nauðsynleg á grófustu slóðunum. Auðvelt er að breyta Musso fyrir stærri dekk.

Að lokum

Ódýrasta útgáfa Musso er á 7.590.000 krónur, en dráttargeta þess bíls er þó ekki nema 2,6 tonn. Til þess að fá fulla 3,5 tonna dráttargetu þarf að kaupa bílinn með sjálfskiptingu og er verð þeirra bíla frá 8.390.000 krónum. Til þess að fá skynvæddan hraðastilli, ekta leður á sæti, blindpunktsviðvörun og fleira þarf að kaupa Ultimate útgáfuna, sem kostar samkvæmt verðlista 9.990.000 krónur.

Þeir sem vilja sjálfskiptan, fjórhjóladrifinn pallbíl með þriggja og hálfs tonna dráttargetu og hátt og lágt drif, geta ekki fundið neitt ódýrara en KGM Musso, nema með því að kaupa notað. Þó svo að hann skorti sömu fágun og t.d. í Volkswagen Amarok er hægt að fyrirgefa ýmislegt vegna hagstæðs verðs. Nánari upplýsingar fást hjá Bílabúð Benna.

Matvælastofnun í samstarfi við **Bændasamtökin** bjóða upp á kynningar- og umræðufund sem haldinn verður á **Teams**.

Tilgangur fundarins er að **efla samtal** milli Matvælastofnunar og bænda til að **varpa betra ljósi á störf og hlutverk** stofnunarinnar sem eftirlitsaðili með matvælaöryggi og dýraheilsu- og velferð, hlutverk bænda og hlutverk Bændasamtakanna. Jafnframt verður **nýtt áhersluverkefni Matvælastofnunar 2025** kynnt.



BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS
Dagskrá og hlekki á fundina má finna á heimasíðu matvælastofnunar **www.mast.is** og á heimasíðu bændasamtakanna **www.bondi.is**
mast Matvælastofnun



Bóndinn:

Gaman að mæta í vinnuna

Nú kynnast lesendur búskapnum á Syðra-Skörðugili þar sem stunduð er hrossarækt ásamt ferðaþjónustu. Fjölskyldan tekur yfir Instagram-reikning Bændablaðsins á næstu dögum þar sem hægt verður að fylgjast með lífi og starfi fjölskyldunnar.









Býli: Syðra-Skörðugil , Skagafirði.
Ábúendur: Eldra settið eru þau Elvar Einarsson & Fjóla Viktorsdóttir ásamt yngsta gullinu, henni Sigríði Elvu. Elvar er búfræðingur og reiðkennari að mennt og Fjóla er menntaður bókari og starfar við það.
Yngra settið eru þau Viktoría Eik Elvarsdóttir & Julian Veith. Þau hafa bæði lokið Bs-námi í reiðmennsku og reiðkennslu frá Háskólanum á Hólum. Julian starfar einnig við járningar.
Gæludýr: Það mun vera hún Rósa, papillion hundurinn hennar Sigríðar Elvu, Sara, hesthúsahundurinn á bænum, og svo eru tveir kettir í hesthúsinu, systkinin Gulli og Yrja.
Stærð jarðar? Jörðin er í heild rétt um 300 hektarar
Gerð bús? Hér rekum við í sameiningu hrossaræktarbú með hestatengdri ferðaþjónustu.
Fjöldi búfjár? 150 hross.
Hvers vegna veljið þessa búgrein? Allt sem viðkemur hestum er okkur hjartans mál. Hér hafa allir gaman af því að mæta í vinnuna og það er afar mikilvægt í lífinu. Hrossaræktin ein og sér er ekki örugg tekjulind og því fannst okkur skynsamlegt að bæta ferðaþjónustunni við og höfum rekið hér hestatengda ferðaþjónustu frá árinu 2015 með góðum árangri. Við bjóðum bæði upp á gistingu og styttri og lengri hestaferðir.
Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Það er auðvitað hafragrautur á morgnana fyrir þá sem eru á þeim vagni. Tekið spjall og farið yfir verkefni dagsins sem eru æði oft mjög fjölbreytileg. Yngsta gullið fer í skólann sinn og aðrir halda til vinnu. Það er þjálfað fram að hádegi, þá er matur og bændaleggja ef það gefst stund. Þegar rekin er tamningastöð, ferðaþjónusta og bókhaldsstofa á einu og sama heimilinu þá getur oft verið ansi mikið um að vera á hverjum degi og gestagangur því æði mikill. Dagurinn fer því ekki alltaf eins og áætlað var en oftast snýst hann að mestu um að þjálfa og sinna öðrum bústörfum. En eftir hádegi er haldið út aftur og haldið áfram að þjálfa og kláruð verk dagsins.
Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Held ég geti sagt að okkur finnist flest skemmtilegt sem við gerum í búskapnum. Það verður auðvitað alltaf að vera gaman.
Hvernig er að búa í dreifbýli? Það eru auðvitað algjör forréttindi! Ekkert betra.
Hvað er það jákvæða við að vera bóndi? Vera sjálfstæður!
Hverjar eru áskoranirnar? Að halda áfram að hlúa vel að sínu og sínum.
Hvernig væri hægt að gera búskapinn ykkar hagkvæmari? Það er örugglega fullt af hlutum sem má gera betur hér á bæ. Held samt að við höfum reynt að hlúa þannig að okkar rekstri að gott verði fyrir unga fólkið að taka við. Það mætti kannski fækka hrossunum eða a.m.k. taka til í flotanum.
Hvernig sjáið þið landbúnað á Íslandi þróast næstu árin? Hvað varðar hrossaræktina þá held ég að hún sé nú alltaf á góðri leið. Við Íslendingar ræktum alltaf betri og betri hross og eftirspurnin virðist vera mikil, þó misjöfn milli ára. Við erum þó hugsi yfir útflutningi á frosnu sæði, það getur ekki verið góð þróun í markaðsmálum fyrir hrossaræktendur á Íslandi. Einungis fáir aðilar sem græða á því pening.
Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Það myndi vera riðuniðurskurður árið 2022.







Eignatorg kynnir: Lögbýlið Seljaland Dalabyggð

Um er að ræða vinsælt ferðaþjónustubýli sem hefur verið í rekstri um árabil.
Gistiaðstaða er í 6 gistieiningum fyrir 18 - 25 manns auk tjaldstæðis.
Miklir möguleikar til stækkunar. Eigninni fylgir veiðiréttur og hlutdeild í veiðihúsi og veiðifélagi um Hörðudalsá. Jörðin er talin vera 316 hektarar, þar af er ræktað land 27 hektarar. Þriggja fasa rafmagn.
Ljósleiðari kominn inn og tengdur. U.þ.b. 23 km eru í Búðardal þar sem er öll helsta verslun og þjónusta.
Gerður hefur verið samningur um skógrækt á jörðinni við Vesturlandsskóga og hafa nú þegar verið gróðursettar um 140.000 trjáplöntur ofan við bæinn.
Jörðin er seld án alls framleiðsluréttar og landbúnaðartækja en innbú sem tilheyrir ferðaþjónustustarfseminni fylgir með skv. lista.

Verð kr. 155.000.000

Allar nánari upplýsingar veitir Björgvin Guðjónsson löggiltur fasteignasali í síma 510-3500 / 615-1020 eða netfang: bjorgvin@eignatorg.is

Eignatorg



Matarkrókurinn:

Grillarar allra landa sameinist



Haraldur Jónasson
haradlur@gmail.com



Fyrsti maí er liðinn og sólin er farin að þrýsta sér í gegnum vorhretið og vonandi minnka líkurnar á að þumalputtar grillara landsins kali alvarlega undan köldu stáli grilltanganna.

Þá er ágætt að staldra við og rifja upp helstu handbrögðin sem gott er að hafa í huga þegar kveikt er á gasinu eða kolin tendruð. Gætum reyndar þurft regnhlíf – en það er önnur saga.

Heitt eða mjög heitt

